GUÐNI ÁGÚSTSSON

*Hlóð batteríin á Hólum í Hjaltadal*

• á ferðinni

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



MITSUBISHI RALLY REYKJAVÍK

*Þrjátíu ára afmælishátíð Rally Reykjavík*

Sérblað um Rally Reykjavík

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. ágúst 2009 — 189. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Forman á kvikmyndahátíð



Tékkneski leikstjórinn Milos Forman verður heiðursgestur á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð sem hefst í næsta mánuði.

FÓLK 30

### Sérhæfð í hljóðlist



Listakonan Dodda Maggý útskrifaðist nýlega með mastersspróf í myndlist frá Konunglegu dönsku listaakademíunni í Kaupmannahöfn.

TÍMAMÓT 18

### Icesave og sagan

„Menn verða heldur betur að velja og hafna, ætli þeir að nota liðna tíð sem vopn í Icesave-deilunni," skrifar Guðni Th. Jóhannesson.

Í DAG 14



### Valsstúlkur í góðri stöðu

Valur styrkti stöðu sína á toppnum þegar heil umferð fór fram í Pepsi-deild kvenna í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**Milt og stillt** Í dag eru horfur á hægri breytilegri átt um allt land. Nokkuð bjart verður sunnan- og vestanlands en annars fremur skýjað og víða þokusúld, einkum allra austast.

VEÐUR 4

# Þokast í átt til sáttar innan stjórnarliðsins

**Líkurnar á að stjórnarmeirihlutinn samþykki Icesave-málið jukust í gær. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon segja málið hafa þokast í sáttaátt.**

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefur góða von um að viðunandi lausn finnist á Icesave-málinu og að það hljóti samþykki. „Ég er vongóður um að við náum sameiginlegri lausn ef menn sýna allir góðan samstarfsvilja," sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi. Kvaðst hann hafa af því spurnir að innan fjárlaganefndar væru menn á réttri leið, að hans mati.

Formenn stjórnarflokkanna; Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir ræddu um Icesave-málið á sérstökum fundi með Ögmundi fyrir ríkisstjórnarfund í gærmorgun.

Steingrímur segir málið hafa þokast í samkomulagsátt í gær og að hann telji að frumvarp ríkisstjórnarinnar um Icesave-ábyrgðirnar hljóti samþykki Alþingis.

Enn er óvíst hvenær fjárlaganefnd afgreiðir málið frá sér.

Steingrímur segir betra að málið dragist ekki úr hömlu, þó ekki sé um klukkutímaspursmál að ræða. „Ég bíð þess tiltölulega rólegur að málinu verði lokað, svo við getum snúið okkur að öðrum brýnum verkefnum."

Aukinnar bjartsýni um málslyktir gætti meðal þingmanna úr báðum stjórnarflokkunum í gærkvöldi. Töldu þeir bilið milli andstæðra sjónarmiða hafa minnkað við fundi og samtöl gærdagsins.

Ögmundur hafði þar til í gær lýst sig andsnúinn hugmyndum meirihluta fjárlaganefndar að fyrirvörum við ríkisábyrgð á Icesave-samningunum. Að sama skapi taldi meirihlutinn sig ekki geta fallist á ýtrustu kröfur Ögmundar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er það ekki eitthvað eitt tiltekið atriði sem gerir það að verkum að menn telji að þokast hafi í sáttaátt. Ástæðan sé fremur aukinn vilji til sáttar. Raunveruleg hætta á að ríkisstjórnin hrökklist frá völdum, njóti Icesave-málið ekki stuðnings ráðherra, ráði þar miklu. Þá hafi loftið hreinsast milli manna á fundum gærdagsins.

- bþs / kóp

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Á LEIÐ Á ÁTAKAFUND** Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra mætir á fjölmennan fund kjördæmaráðs VG í Kraganum í gærkvöld með eiginkonu sinni Valgerði Andrésdóttur. Ályktun allra bæjarfulltrúa kjördæmisins um að standa bæri vörð um stjórnarsamstarfið og styðja formanninn í erfiðum verkefnum var kynnt á fundinum. Hún var ekki borin upp heldur beint til þingmannanna.

Opið fyrir matvælagjafir á ný:

## Búast við miklum fjölda í dag

**SAMFÉLAGSMÁL** **Bæði Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálp Íslands munu í dag hefja matargjafir á ný eftir um sjö vikna sumarfrí. Búist er við mikilli ásókn í matargjafir.**



RAGNHILDUR G. GUÐMUNDSDÓTTIR

**„Við búum okkur undir að taka á móti stórum hópi," segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar. Þar verði matur fyrir 500 fjölskyldur.**

**Fjölskylduhjálpin gerir einnig ráð fyrir miklum fjölda, og er með mat sem duga á 300 fjölskyldum í að minnsta kosti tvo daga, segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar.** - bj

Ruslið minnkar í kreppunni:

## Fleiri flokka sorpið sitt

**UMHVERFISMÁL** Ásókn í umhverfisvænar ruslatunnur hefur síður en svo dregist saman í kreppunni. Sorpmagn hefur hins vegar dregist saman, segir Pétur Elínarson, rekstrarfulltrúi á umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

„Fólk er farið að spá meira í fjölda tunna," segir hann. Sífellt fleiri fjölbýlishús ákveði að fækka tunnum, sem lækki kostnað íbúa af sorphirðu. Ekki þarf lengur að vera með eina tunnu fyrir hverja íbúð, og því hægt að lækka kostnað með minna sorpi.

Fleiri íbúar í sérbýli virðast velja græna tunnu í stað hefðbundinnar svartrar. Sú svarta er tvöfalt dýrari en sú græna. Með því að vera með græna tunnu, og svo bláa fyrir pappír og pappa, sparast nokkur hundruð krónur og hluti sorpsins er endurunninn. - bj

Framtíð reitsins þar sem Hótel Valhöll stóð fyrsta stóra mál Þingvallanefndar:

# Skiptar skoðanir um Valhöll

**ALÞINGI** Sjö þingmenn voru í gær kjörnir í Þingvallanefnd. Þeir þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær voru fráleitt á einu máli um fyrsta stóra málið sem bíður nefndarinnar, framtíð reitsins þar sem Hótel Valhöll stóð.

Hótel Valhöll brann til kaldra kola 10. júlí síðastliðinn. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um hvort byggja eigi að nýju á reitnum, eða láta torf sem nú hefur verið lagt yfir reitinn halda sér.

„Mín persónulega skoðun er að það eigi ekki að byggja á reitnum," segir Valgerður Bjarnadóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni. „Ég er þeirrar skoðunar að þarna eigi að vera samkomustaður fyrir alla Íslendinga, en ég hef ekki mótað mér skoðun á því hvers eðlis sá staður ætti að vera," segir Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokks í nefndinni.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks telur ólíklegt að hótelrekstur verði á Þingvöllum í framtíðinni.

Að auki eru í nefndinni Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason, VG, Björgvin G. Sigurðsson, Samfylkingu, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki. - bj










## SPURNING DAGSINS



*Grétar Bragi, fáið þið nokkurn lit í þessum göllum?*

„Nei, ekki nokkurn einasta.“

Grétar Bragi Bragason er formaður Litboltafélags Hafnarfjarðar, en sú íþrótt gengur út á að skjóta skærlitum málningarkúlum í andstæðinginn.

Borghildur Guðmundsdóttir komin með lögfræðing í Bandaríkjunum:

# Málið úr höndum utanríkisráðuneytis

**DÓMSMÁL** Utanríkisráðuneytið getur ekkert aðhafst í máli Borghildar Guðmundsdóttur, sem hefur verið gert að halda til Bandaríkjanna með syni sína tvo. Þetta segir Kristín Árnadóttir, sviðsstjóri í ráðuneytinu.

Borghildur leitaði liðsinnis ráðuneytisins vegna málsins en var vísað áfram til dómsmálaráðuneytisins, úr því að íslenskir dómstólar höfðu þegar dæmt henni í óhag.

Kristín bendir hins vegar á að almennt aðstoði sendiráð og ræðismenn Íslendinga ef þeir lenda í kröggum erlendis og veiti þeim að minnsta kosti ráðgjöf.

Héraðsdómur úrskurðaði að Borghildur skyldi fara með syni sína tvo til Bandaríkjanna á sunnudag þar sem faðir drengjanna vill höfða forræðismál þar ytra. Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð fyrir viku.



BORGHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Borghildur segir viðbúið að hún þurfi að skilja syni sína eftir hjá manninum, enda hafi hún hvorki atvinnu- né dvalarleyfi í Bandaríkjunum og megi því ekki vera þar lengur en í þrjá mánuði. Hins vegar muni málið líklega taka mun lengri tíma. Hún segist hins vegar ekki geta hugsað sér að skilja börnin eftir hjá föðurnum, enda hafi hann ekki séð börnin í hálft annað ár.

Borghildur fékk í gær lögfræðing í Bandaríkjunum. „Ég á pantaðan tíma þar á mánudaginn klukkan eitt.“ Hún segist þurfa að vinna með það í huga að vera á leiðinni út fyrir sunnudag, þó hún vonist enn til þess að það geti breyst. Hún segir þann stuðning sem henni hefur verið sýndur ómetanlegan. „Það eru ekki til orð til að lýsa því hversu þakklát ég er. Þetta er það sem heldur manni gangandi.“ **- sh/þeb**

Eldsvoði í Bretlandi:

## Köttur bjargaði manni úr eldi

**BRETLAND** Breski kötturinn Hugo er hetja í Berkshire eftir að hann bjargaði nágranna sínum úr eldsvoða á dögunum.

Maðurinn, Andrew Williams, var sofandi í húsi sínu þegar eldurinn braust út. Hugo varð var við eldinn og skreið inn um kattalúgu á húsinu. Hann fann Andrew sofandi, settist ofan á hann og klóraði hann í andlitið þar til hann vaknaði. Andrew hafði verið að gera við húsið og því fært reykskynjara til, svo þeir vöruðu hann ekki við eldinum. Slökkviliðsstjórinn í Berkshire segir köttinn hetju, og að hann hafi bjargað lífi Andrews. **- þeb**

Rauði kross Íslands:

## Setja fangaklefa á Lækjartorg

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði kross Íslands setur upp fangaklefa á Lækjartorgi í dag milli klukkan 12 og 14.

Fangaklefinn verður settur upp til þess að minnast þess að 60 ár eru í dag frá því að Genfarsamningarnir voru gerðir. Þar verður hægt að giska á fjölda fanga sem að jafnaði gista í sambærilegum klefum í fangelsum í Rúanda. Genfarsamningarnir hafa það markmið að draga úr óhugnaði stríðsátaka og tryggja lágmarks mannréttindi á ófriðartímum. **- þeb**

Óhapp í Hvalfjarðargöngum:

## Þrír ökumenn á sjúkrahús

**LÖGREGLUMÁL Þriggja bíla árekstur varð í Hvalfjarðargöngunum á fimmta tímanum í gær. Ökumenn bifreiðanna voru einir í öllum þremur bílunum. Þeir voru allir fluttir með sjúkrabílum frá slysstaðnum, tveir þeirra á sjúkrahús á Akranesi en einn til Reykjavíkur. Meiðsl þeirra eru minni háttar að sögn lögreglu.**

**Hreinsunarstarf tók rúmlega tvær klukkustundir. Göngunum var lokað á meðan og var umferð beint á veginn um Hvalfjörð.** **- shá**

### SVÍÞJÓÐ

**Stunginn til bana af nauti**

Sænskur maður lét lífið eftir að naut réðst á hann og stakk hann á bóndabýli í suðurhluta Svíþjóðar í gærdag. Sjúkrabíll var kallaður á staðinn um miðjan dag í gær en ekki reyndist unnt að bjarga manninum.

### LANDHELGISGÆSLAN

**Fótbrotin á Fimmvörðuhálsi**

Þyrla Landhelgisgæslunnar var send á Fimmvörðuháls klukkan tíu í gærkvöldi til að sækja konu sem hafði fótbrotnað. Að sögn Vaktstöðvar var ekki um alvarlegt fótbrot að ræða.

# Sjálfstæður gjaldmiðill varla hagkvæmur

**Vafasamt er að Ísland teljist hagkvæmt gjaldmiðlasvæði, að mati Seðlabanka Íslands. Laga þarf verðbólgumarkmiðskerfið til þrátt fyrir að stefna eigi á upptöku evru. Seðlabankinn vill fleiri vopn í hendur til að framfylgja stefnu.**

**EFNAHAGSMÁL** Sérfræðingar Seðlabanka Íslands telja vafasamt sökum smæðar að Ísland geti talist hagkvæmt gjaldmiðlasvæði. Engu að síður þurfi að finna leiðir til að lagfæra það kerfi sem bankinn hafi starfað eftir þar sem óvíst sé hvort og þá hvenær evran verði tekin upp hér á landi. Þetta kemur fram í samantekt Seðlabankans, sem undirrituð er af Svein Harald Øygard seðlabankastjóra.

Samantektin var unnin að beiðni forsætisráðherra, sem óskaði eftir því að sérfræðingar bankans færu yfir kosti og galla þess að breyta þeirri peningastefnu sem unnið hefur verið eftir hér á landi frá árinu 2001. Það ár var fljótandi gengi tekið upp og Seðlabankanum sett það markmið að halda verðbólgu undir 2,5 prósentum. Það markmið hefur svo til aldrei náðst frá því það var sett.

Í samantekt Seðlabankans kemur fram að allar tilraunir til missjálfstæðrar peningastefnu allt frá því gengi krónunnar var skilið frá gengi dönsku krónunnar árið 1920 hafi leitt af sér rýrnun á gengi krónunnar.

Ekki kemur þó til greina að hverfa aftur til fastgengisstefnunnar, sem farið var eftir til ársins 2001, að mati sérfræðinga Seðlabankans. Því sé nauðsynlegt að bankinn fái fleiri vopn í hendur til að halda verðbólgunni í lágmarki, enda ljóst að stýrivextirnir dugi ekki einir og sér.

Setja mætti reglur sem skyldi fjármálafyrirtæki til að hafa því meira laust fé haldbært sem vöxtur þeirra sé hraðari. Þá mætti fá Seðlabankanum heimildir til að ákveða hámark fasteignalána, enda sé það hluti vandans að fólk hafi getað fengið lánað frá áttatíu prósentum fasteignaverðs upp í níutíu og að lokum 100 prósent.

Þá þurfi stjórnvöld að leggjast á árarnar með bankanum þegar ástandið kalli á það, til dæmis með því að fara ekki út í þensluhvetjandi framkvæmdir í uppsveiflu.

brjann@frettabladid.is



**VÖXTUR** Hraður vöxtur fjármálafyrirtækja torveldar eftirlit eftirlitsstofnana með þeim, segir í samantekt Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### OF FLÓKIÐ FYRIR EFTIRLITSSTOFNANIR

Of hraður vöxtur fjármálafyrirtækja getur valdið því að eftirlitsstofnanir eiga erfitt með að fylgja vextinum eftir og sinna sínu eftirlitshlutverki. Þetta kemur fram í samantekt Seðlabanka Íslands.

Þar segir að samfara stækkun íslensku fjármálafyrirtækjanna á undanförnum árum hafi þau einnig lagt áherslu á flókna fjármálagjörninga. Eftirlitsstofnanir hafi einfaldlega ekki haft næga reynslu til að meta þá gjörninga.

Þá hafi reynst erfitt að hafa eftirlit með flóknu neti alþjóðlegra dótturfyrirtækja og eignarhalds án viðamikillar alþjóðlegrar eftirlitsstarfsemi.

Seðlabankinn bendir einnig á að eftirlitsstofnanir hafi ekki getað keppt við fjármálafyrirtækin um starfsfólk, enda fyrirtækin borgað mun hærri laun en eftirlitsstofnanirnar.



**Á GRUNDARTANGA** Maðurinn rann á deiglu og brenndist. FRÉTTABLAÐIÐ / JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

Vinnuslys á Grundartanga:

## Brenndist illa á báðum fótum

**LÖGREGLUMÁL Ungur maður brenndist illa í vinnuslysi í álverinu á Grundartanga seint í fyrrakvöld. Hann var fluttur með sjúkrabíl á spítala í Reykjavík þar sem hann liggur nú.**

**Lögreglunni í Borgarnesi barst tilkynning um slysið klukkan rúmlega ellefu. Svo virðist sem maðurinn hafi runnið til og brennt sig á heitri deiglu. Í tilkynningu frá Norðuráli kemur fram að slysið hafi orðið við skautskipti. Maðurinn, sem er fæddur árið 1987, er með annars og þriðja stigs brunasár á báðum fótum fyrir neðan hné. Norðurál rannsakar tildrög slyssins í samvinnu við Vinnueftirlitið.** **- sh**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tekinn þrisvar fyrir fíkniefnaakstur**

Lögreglan á Akureyri tók ökumann bifreiðar fyrir fíkniefnaakstur seinni partinn í gær. Sami ökumaður var tekinn fyrir sömu sakir í fyrradag og reyndar einnig fyrir rúmri viku.

**Þrjú innbrot á stuttum tíma**

Þrjú innbrot voru tilkynnt til lögreglu seinni partinn í gær. Brotist var inn í íbúðarhús í Fossvogi, inn í sumarbústað Brynjudal og einnig inn í bifreið í Reykjavík. Lítið var tekið af verðmætum, að sögn lögreglu. Málin eru óupplýst enda rannsókn stutt á veg komin í gærkvöldi.






Metaðsókn var í Breiðafjarðarferjuna Baldur í síðasta mánuði:

# Nítján þúsund sigldu með Baldri

**FERÐAMÁL** Metaðsókn var í Breiðafjarðarferjuna Baldur í júlí en um nítján þúsund farþegar og um fjögur þúsund bílar fóru með ferjunni. Á sama tíma í fyrra sigldu rúmlega fimmtán þúsund manns með ferjunni og um 3.500 bílar.

„Það hefur borið meira á Íslendingum í ár en áður en útlendingum hefur einnig fjölgað. Ég held að það sé bara jöfn skiptingin hjá þeim,“ segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða. „Það hefur verið aukning í Baldur allt árið. Ég held að það sé átta prósenta aukning það sem af er ári.“

Á sumrin fer Baldur tvær ferðir á dag en eina yfir vetrartímann. „Eftir að við skiptum um ferju 2006 þá hefur verið allt annar bragur á þessu. Ferjan hefur verið notuð miklu meira af íbúum á suðurfjörðunum og við erum að flytja stóran hluta af þungavélum, til dæmis flutningabíla,“ segir Pétur, sem jafnframt gegnir hlutverki skipstjóra hjá Sæferðum. „Síðustu árin sem gamla ferjan var notuð voru þetta 28 til 30 þúsund manns á ári en nú stefnir þetta í 55 til 60 þúsund.“

Pétur segir einnig að met hafi verið sett í fjölda ferðamanna sem heimsóttu Flatey. Í fyrra voru þeir um ellefu þúsund en nú eru þeir tólf til fjórtán þúsund. **- kh**



**BALDUR** Aldrei hafa jafn margir siglt með Baldri og í júlímánuði. Aðsóknin í Baldur hefur aukist til muna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ekki missa af þessu !

# „Flottir dagar“

í ágúst



## Tilboð á stillanlegum rúmum í ágúst

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum. 25% afsláttur í ágúst

Öllum stillanlegum rúmum fylgir 2 fyrir 1 tilboð á sængurverum !





## Senseo svefnsófi - 140 cm

Margir litir - vönduð dýna:

Fullt verð kr. ~~364.000,-~~

Nú kr. 273.000,-

Allir svefnsófar - 25% afsláttur í ágúst !

## Costa tungusófi með skemli

Fæst í hvítu eða svörtu, með hægri eða vinstri tungu:

Fullt verð kr. ~~479.900,-~~

Nú kr. 379.900,-

Stærð 300x200 cm.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## GENGIÐ 11.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,63 | 127,23 |
| Sterlingspund | 208,44 | 209,46 |
| Evra | 179,26 | 180,26 |
| Dönsk króna | 24,076 | 24,216 |
| Norsk króna | 20,357 | 20,477 |
| Sænsk króna | 17,375 | 17,477 |
| Japanskt jen | 1,3111 | 1,3187 |
| SDR | 196,39 | 197,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,7695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra Íslendinga í London telur Breta ekki reiða vegna Icesave-málsins:

# Bretar hafa ekki áhyggjur vegna Icesave

**STJÓRNMÁL** Icesave-málið er breskum almenningi ekki sérstaklega hugleikið og Bretar hafa ekki af því miklar áhyggjur. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Sverris Hauks Gunnlaugssonar, sendiherra Íslands í London, á fundi fjárlaganefndar Alþingis í gærmorgun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.



SVERRIR HAUKUR GUNNLAUGSSON

Vegna þess að breski innistæðutryggingasjóðurinn hefur þegar bætt Bretum tjónið sem þeir urðu fyrir þegar Landsbankinn hrundi er reiðin vart til staðar. Miklu nær er að ætla að samúð þeirra liggi með Íslendingum, og þeir vilji að lögum verði komið yfir þá auðmenn sem stofnuðu til skuldanna.

Öðru máli getur hins vegar gegnt um stjórnsýsluna, enda töpuðu sveitarfélög og líknarfélög stórfé á hruninu.

Sverrir Haukur staðfesti við Fréttablaðið að hafa mætt fyrir nefndina og rætt vítt og breitt um stöðuna í Bretlandi, og einnig Hollandi, frá bankahruninu síðasta haust. Hann vildi hins vegar ekki greina nánar frá því sem þar hefði komið fram, enda væri það afar margslungið og erfitt að segja frá því nema í mjög löngu máli. - sh

### NÝJAR VIÐRÆÐUR TÆKJU MARGA MÁNUÐI

Einnig kom fyrir nefndina Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu. Hann lýsti því mati sínu að yrði ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna felld á Alþingi tæki það líklega allt frá fjórum og upp í níu mánuði að semja upp á nýtt.

Ljóst þykir að þá yrði að skipa nýja samninganefnd, enda jafngilti höfnun samningsins vantrausti á starf gömlu nefndarinnar. Sú nefnd þyrfti minnst tvo mánuði til þess eins að setja sig inn í málið. Að því loknu tækju viðræðurnar sjálfar við.

Enn fremur væri líklegt að samningsniðurstaða þeirra viðræðna yrði sambærileg eða verri en sú sem þegar liggur fyrir.



**GJÖRÓNÝTT HÚS** Í húsinu var mikill eldsmatur og var það stórskemmt eftir eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brennumálið á Kleppsvegi:

## Dómari vill að málið verði flutt að nýju

**DÓMSMÁL** Hætt var við það á mánudag að kveða upp dóm í máli þriggja meintra brennumanna í vikunni. Til stóð að dómur yrði felldur í málinu í gær, en því var hins vegar frestað með eins dags fyrirvara.

Dómari vill hlýða á frekari rökstuðning verjenda sakborninganna og munu þeir því flytja málið að nýju í lok mánaðarins.

Í málinu eru þrír ungir menn ákærðir fyrir að hafa skvett bensíni á hús við Kleppsveg og borið eld að svo maður sem var innandyra var í lífshættu. Þeir neita allir að hafa framið verkið. Þá er einn þeirra ákærður fyrir að hafa valdið manni miklum skaða með því að aka á hann á Laugavegi. Hann játaði sök. - sh

### ALÞINGI

**Ný landskjörstjórn**

Fimm manna landskjörstjórn var kjörin á Alþingi í gær. Í henni sitja Bryndís Hlöðversdóttir, Ástráður Haraldsson, Þórður Bogason, Hervör Lilja Þorvaldsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. Þá var einnig kosið í kjörstjórnir kjördæmanna sex.

# Dómur útilokar þátttöku í kosningunum

**Aung San Suu Kyi þarf að eyða næstu átján mánuðum í stofufangelsi samkvæmt ákvörðun herforingjastjórnarinnar í Búrma. Þjóðarleiðtogar víða um heim segja dóm yfir Suu Kyi óréttlátan. Kosið verður í Búrma á næsta ári.**

**BANKOK, AP** Dómstóll í Búrma dæmdi í gær stjórnarandstöðuleiðtogann Aung San Suu Kyi í þriggja ára þrælkunarvinnu fyrir að leyfa Bandaríkjamanni sem synti að húsi hennar að dvelja þar í tvo daga. Herforingjastjórn Búrma mildaði dóminn í átján mánaða stofufangelsi.



AUNG SAN SUU KYI

Suu Kyi, sem er 64 ára gömul, hefur setið í fangelsi í um fjórtán ár af síðustu tuttugu árum, mestan part í stofufangelsi. Talið er að herforingjastjórninni hafi verið mikið í mun að koma í veg fyrir að hún taki þátt í kosningum sem boðaðar hafa verið í Búrma á næsta ári.

Dómurinn yfir Suu Kyi, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991, hefur vakið hörð viðbrögð þjóðarleiðtoga víða um heim. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, sagði dóminn „harðneskjulegan og óréttlátan“. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði dóminn „ómanneskjulegan“.

Þá sagði Hillari Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að réttarhöldin hefðu aldrei átt að eiga sér stað. Hvorki hefði átt að ákæra Suu Kyi né dæma hana. Clinton skoraði á yfirvöld í Búrma að láta Suu Kyi og aðra pólitíska fanga, þar með talið Bandaríkjamanninn sem heimsótti Suu Kyi, lausa strax.

„Ég hlakka til að vinna með ykkur að friði og hagsæld í mínu föðurlandi og álfunni allri í framtíðinni,“ sagði Suu Kyi við erindreka erlendra ríkja sem viðstaddir voru þegar dómurinn var kveðinn upp í Insein-fangelsinu í gær.

Einn lögmanna Suu Kyi sagði fréttamönnum í gær að til stæði að áfrýja dóminum.

Bandaríkjamaðurinn John William Yettaw náði að heimsækja Suu Kyi þann 3. maí síðastliðinn. Hinn 27. maí hefði átt að láta Suu Kyi lausa úr stofufangelsi, en af því varð ekki vegna þessa atviks.

brjann@frettabladid.is



**STÖÐUVATN** Maður rær fram hjá húsi Aung San Suu Kyi, þar sem hún hefur eytt um það bil fjórtán af síðustu tuttugu árum í stofufangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### BAR SKILABOÐ FRÁ GUÐI TIL SUU KYI

Hinn 53 ára John William Yettaw frá Bandaríkjunum fullyrðir að hann hafi verið á guðs vegum þegar hann synti yfir stöðuvatnið, sem hús Aung San Suu Kyi stendur við, til að ná tali af henni. Tilgangur hans hafi verið að vara Suu Kyi við væntanlegri morðtilraun sem hann hafi séð í sýn.



JOHN WILLIAM YETTAW

Yettaw synti yfir vatnið um miðja nótt 3. maí síðastliðinn, en honum var ekki hleypt inn í hús Suu Kyi fyrr en um morguninn. Sjálf segist hún hafa beðið hann að fara, en hann dvaldi í húsi hennar í tvo sólarhringa áður en hann synti aftur yfir vatnið.

Lögreglumenn veiddu Yettaw upp úr vatninu á bakaleiðinni. Hann var í gær dæmdur í sjö ára fangelsi. Þrjú ár fékk hann fyrir að rjúfa einangrun Suu Kyi, þrjú fyrir að koma ólöglega inn í Búrma, og eitt til viðbótar fyrir að synda í vatni sem ekki má synda í.

Kosið í bankaráð Seðlabanka:

## Tveir nýliðar í bankaráðinu

**ALÞINGI Tveir nýliðar voru í gær kjörnir í bankaráð Seðlabankans á Alþingi. Það eru þau Hildur Traustadóttir, sem er fulltrúi Vinstri grænna, og Magnús Árni Skúlason, fulltrúi Framsóknarflokks. Þau koma inn í ráðið í stað Jónasar Hallgrímssonar og Friðriks Más Baldurssonar sem verður varamaður.**

**Aðrir sitja áfram, en það eru Lára V. Júlíusdóttir, Ragnar Arnalds og Ágúst Einarsson fyrir meirihlutann og Ragnar Árnason og Katrín Olga Jóhannesdóttir fyrir minnihlutann.**

**Þingmenn Borgarahreyfingarinnar gagnrýndu skipan í ráðið á þingi í gær og sagði að velja ætti í það á faglegum forsendum en ekki pólitískum.** - sh

Slys á hálendinu:

## Bætt fjarskipti björguðu lífi

**SLYS** Erlendur ferðamaður, sem slasaðist í ánni Kreppu á hálendinu í gær, getur þakkað bættu fjarskiptasambandi á hálendinu hversu giftusamlega björgun hans tókst. Hann var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús og reyndist ekki alvarlega slasaður en var kaldur og afar brugðið.

Á vef Slysavarnafélagsins Landsbjargar segir að björgun mannsins megi fyrst og síðast þakka því að hann gat notað farsíma sinn til að kalla eftir hjálp. Þrautreyndir björgunarsveitamenn voru á ferð í Laugavalladal og var þegar haft samband við þá. Þeir fóru á staðinn, fundu manninn og gáfu þyrlu Landhelgisgæslunnar upp nákvæma staðsetningu, sem má þakka nýju fullkomnu fjarskiptakerfi sem björgunaraðilar hérlendis hafa tekið í notkun. - shá




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**LITLAR BREYTINGAR** Eins og undanfarna daga verður áfram hægviðri á landinu. Það verður bjart að mestu sunnan- og vestanlands en annars skýjað og víða þoka. Allra austast má búast við rigningu eða súld um tíma. Hlýjast verður sunnanlands.




Á MORGUN
Hæg breytileg átt um allt land.

FÖSTUDAGUR
Vindstrengur allra syðst en annars hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Bassel | 32° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 23° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 27° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# HEIMAVÖRN SECURITAS FULLKOMIÐ ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

**Í LJÓSI AUKINNAR INNBROTATÍÐNI BJÓÐUM VIÐ NÚ HEIMAVÖRN SECURITAS ENDURGJALDSLAUST FYRSTU TVO MÁNUÐINA.**

**HEIMILIÐ ER Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ SECURITAS.**

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar www.securitas.is

SECURITAS

**HEIMAVÖRN**

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú í berjamó í haust?*

| | | |
|---|---|---|
| 57,3% | Já | |
| 42,7% | Nei | |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga garðyrkjubændur að fá niðurgreitt rafmagn til framleiðslu sinnar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Gott veður var víða um land í gær, en búist er við vætu þegar nær dregur helgi:

# Áfram verður hlýtt á landinu

**VEÐUR** Mikið blíðskaparveður var víða á landinu í gær, og sólin skein skært í miðborg Reykjavíkur. Ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið hjá Bæjarins bestu í Tryggvagötu og var ekki að sjá að gestir sem biðu þar létu það nokkuð á sig fá í góða veðrinu.

Veður á að vera áfram gott í dag, bjart sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu norðan- og austanlands. Á morgun og föstudag er gert ráð fyrir hægviðri og hita á milli 10 og 16 stiga, með smáskúrum. Um helgina er gert ráð fyrir svipuðum hita og vætu víða um land, samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands. **- þeb**



**BLÍÐVIÐRI Í BORGINNI** Gott veður var í miðborg Reykjavíkur í gær og þeir sem biðu eftir pylsu á Bæjarins bestu nutu veðurblíðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aurskriða grefur hundruð:

# Fimmtíu fallnir

**TAÍVAN, AP.** **Taívanski herinn bjargaði um þrjú hundruð manns í nágrenni Shiao Lin í gær. Aurskriða féll yfir þorpið og nærliggjandi sveitir í kjölfar flóðs af völdum fellibylsins Morakot. .**

**Yfirvöld í Taívan staðfesta að fimmtíu manns hafa látist og fimmtíu og átta er saknað að ótöldum þeim sem innilokaðir eru í Shiao Lin og hafa beðið hjálpar síðan á sunnudag.**

**Aðgengi hersins að svæðinu er mjög takmarkað. Slökkviliðið telur að um hundrað manns hafi grafist undir aurskriðunni en þeir íbúar sem bjargað var segja töluna mun hærri, eða allt að sex hundruð manns.** **- kbs**


Fiskikóngurinn

TILBOÐ DAGSINS

1.TONN

AF GLÆNÝJUM ÞORSKFLÖKUM

AÐEINS 799,- KR.KG

HRIKALEGA FALLEG FLÖK. LÁTTU ÞETTA TÆKIFÆRI EKKI FRAMHJÁ ÞÉR FARA.

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG OG AÐEINS MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Makríllinn dreifður um alla lögsöguna

**Viðamesta rannsókn sem gerð hefur verið á makrílgöngum er að ljúka. Makríll virðist vera dreifður um alla fiskveiðilögsöguna. Tilurðin er deilur um dreifingu og veiðirétt. Íslensku skipin flýja makrílgöngur fyrir austan landið.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Umfangsmestu rannsóknir á makrílgöngum á hafsvæðinu við Ísland og á Norður-Atlantshafi eru langt komnar. Rannsóknirnar eru tilkomnar vegna deilna um útbreiðslu makríls hér við land og rétt Íslendinga til veiða úr stofninum. Niðurstaða þeirra mun liggja fyrir í september en ljóst er að mikið er af makríl víða í íslensku lögsögunni. Íslensku uppsjávarveiðiskipin, sem eru við veiðar á norsk-íslenskri síld á Austfjarðamiðum, hrökklast sífellt norðar undan makríltorfunum.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð í júlí um bann við beinum makrílveiðum þar sem 112 þúsund tonna kvóti Íslendinga var þá langt kominn. Ástæðan var sú að nauðsynlegt er að halda eftir hluta kvótans sem veiðist sem meðafli í veiðum á síld. Þetta er til marks um hversu mikill makríll er á miðunum.

Alls koma fimm rannsóknaskip frá Noregi, Færeyjum og Íslandi að rannsókninni. Svæðið sem kannað er nær frá hafsvæðinu við Svalbarða austur í norsku lögsöguna og suður undir Færeyjar. Þá eru makrílgöngurnar kannaðar víðast hvar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunarinnar, segir að rannsóknirnar nú séu þær langviðamestu sem nokkru sinni hefur verið lagt í, og staðfestir að makríll hafi fundist á öllu því svæði sem íslenska hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson hefur rannsakað að undanförnu. Skipið hefur kannað stórt svæði fyrir Suður- og Vesturlandi. „Okkar gögn verða sameinuð við gögn frá Norðmönnum og Færeyingum þegar okkar rannsóknir eru búnar. Þá fáum við vitneskju um dreifinguna.“

Tilurð rannsóknarinnar nú er tvíþætt. Líffræðilega er nauðsynlegt að fá upplýsingar um makrílgöngurnar en einnig er ágreiningur um skiptingu á makrílkvóta. „Við vitum hvar makríllinn er á vorin við hrygningu en ágreiningurinn er um hvernig hann er að dreifa sér í Norður-Atlantshafi yfir sumarið,“ segir Þorsteinn.

Íslenskir útvegsmenn kosta jafnframt leiðangur Hoffells SU 80 frá Fáskrúðsfirði. Páll Rúnarsson skipstjóri segir að vart hafi orðið við makríl bæði djúpt og grunnt suðaustur af landinu.

Nú berast fréttir af því að uppsjávarskipin sem stunda síldveiðar fyrir austan hafi hrökklast djúpt norður fyrir land vegna of hás hlutfalls makríls í síldaraflanum.

**svavar@frettabladid.is**



**INGUNN AK** Ingunn, sem er í eigu HB Granda, er eitt þeirra skipa sem hafa þurft að færa sig sífellt norðar á síldarmiðunum vegna makrílgangna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## MAKRÍLVEIÐAR Í NORÐUR-ATLANTSHAFI

Stjórn makrílveiða er í tveimur þrepum; annars vegar byggir hún á strandríkjasamningi sem nær til lögsagna strandríkja og hins vegar á stjórnun sem samþykkt er á vettvangi Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) sem nær til úthafsins.

Frá því að stjórn makrílveiða hófst innan NEAFC hafa íslensk stjórnvöld alla tíð krafist viðurkenningar sem strandríki að makrílstofninum og þar með þátttöku í samningaviðræðum um veiðar. Lengst af var ekki tekið undir þá kröfu og Íslandi haldið utan við samningaviðræður. Undanfarin ár hafa hin strandríkin dregið í efa magn makríls innan íslensku lögsögunnar og talið að íslensk stjórnvöld þurfi að sanna með afgerandi hætti að makríl sé að finna þar í verulega veiðanlegu magni. Allur makrílafli íslenskra skipa í ár hefur veiðst innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.


Betri notaðir bílar

TOYOTA

Lexus LX470

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



Lexus LX470 4700 bensín ssk. Á götuna: 10.04

Ekinn: 78.000 km Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. KX 737

Aukahlutir & búnaður: Navi, sóllúga, næturskjár, Innrauður skjár, beisli, Tems (tölvustýrðir demparar), Mark Levinson hljómkerfi og aukasæti.

Hvað er Úrvalsbíll?
Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Betri Notaðir Bílar
Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2
Sími: 570-5070
www.toyota.is - www.bnb.is

Today Tomorrow Toyota


Einn lést og tugir slösuðust í tveimur jarðskjálftum sem riðu yfir Asíu:

# Hlupu út af ótta við flóðbylgju

**TÓKÝÓ, AP** Einn lést og tugir slösuðust í Japan eftir að tveir öflugir jarðskjálftar riðu yfir Asíu snemma á þriðjudagsmorgun.

Íbúar við Indlandshaf hlupu út úr húsum sínum í skelfingu, minnugir flóðbylgjunnar gríðarlegu sem gekk yfir svæðið árið 2004. Þá fórust 230 þúsund manns í kjölfar jarðskjálfta af stærðinni níu á Richter. Í þetta sinn mældist fyrri skjálftinn 7,6 á Richter en sá síðari, sem gekk yfir borgina Tókýó og nærliggjandi svæði, mældist 6,5 á Richter.

Gefin var út flóðbylgjuviðvörun á Indlandi, Búrma, Indónesíu, Taílandi og Bangladess en hún var síðar dregin til baka af stjórnvöldum.

Hin látna var 43 ára kona sem lenti undir braki. Auk hennar slösuðust að minnsta kosti 63. Jafnframt er talið að yfir áttatíu manns hafi hlotið minni háttar meiðsli.

Tveir kjarnaofnar í Hamaoka-kjarnorkuverinu í Japan stöðvuðust tímabundið vegna skjálftans. Slíkt gerist sjálfkrafa við jarðskjálfta af ákveðinni stærð.

Jarðskjálftar eru afar tíðir í Japan og hafa sérfræðingar sagt að nítíu prósenta líkur séu á því að risastór skjálfti ríði yfir Tókýó einhvern tímann á næstu fimmtíu árum. Árið 1995 létust 6.400 manns eftir að jarðskjálfti upp á 7,2 á Richter skók japönsku hafnarborgina Kobe. **- fb**



MYND/AP

**VEGUR Í SUNDUR** Masakatsu Sakabe rannsakar veg sem brotnaði í sundur eftir jarðskjálftann sem reið yfir Japan.




Egill Árnason Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver leikstýrir heimildarmyndinni Stelpurnar okkar?

2 Hver var valinn í íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu í fyrsta sinn á dögunum?

3 Hvað ætlar Laddi að kynna margar nýjar persónur til sögunnar í einleiknum Jólasögu?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur nýja stíga um vinsæla gönguleið:

# Vilja dreifa umferð um Esjuna

**SAMGÖNGUR** Unnið hefur verið að því í að búa til nýja göngustíga um hlíðar Esjunnar í sumar til að dreifa umferð um fjallið en ágangur þar hefur verið óvenju mikill. Að sögn Bergþóru Einarsdóttur, flokksstjóra hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, sem hefur umsjón með Esjuhlíðum, hefur verið stöðugt streymi upp að Þverfellshorni, sem er vinsælasta gönguleiðin.

„Ætlunin er að búa til þéttara gangstígakerfi svo umferðin dreifist og það verði til fjölbreyttari gönguleiðir, bæði um hlíðarnar og yfir í Kollafjarðarflóa. Þá verður ekki bara farin leiðin upp og niður,“ segir Bergþóra.

Bergþóra segir fjöldann allan af göngustígum vera um Esjuna. Þeir séu merktir inn á deiliskipulag og í ferðahandbókum. Samkvæmt upplýsingaskilti við rætur fjallsins er hins vegar bara ein leið merkt, sú sem liggur upp að Þverfellshorni.

„Það er mikil þörf á að setja upp fleiri upplýsingaskilti til að dreifa umferðinni en það eru einkaaðilar sem fjármagna það og við erum að vinna í því að fá einhvern til að styrkja það. Það er líka mikið um fornminjar á svæðinu og það er mikilvægt að merkja þær til að fræða almenning,“ segir Bergþóra. **- kh**



**Í ESJUHLÍÐUM** Gríðarlegur fjöldi fólks hefur lagt leið sína upp á Esju í sumar. Þar á meðal þessir vösku krakkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fordæmir kynferðisofbeldi

## Clinton í Kongó

**GOMA, AP. Refsa á þeim sem beita konur kynferðisofbeldi í austurhluta í Kongó að mati Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Þetta koma fram í máli Clinton í heimsókn hennar í flóttamannabúðir í borginni Goma í austurhlutanum.**

**Þótt friðarsáttmáli hafi verið undirritaður árið 2003 ráðast herir og uppreisnarhópar sem berjast um námurnar á svæðinu enn á þorp, myrða og nauðga.**

**Sameinuðu þjóðirnar telja að um tvö hundruð þúsund kynferðisglæpir hafi verið framdir þarna frá árinu 1996.**

**Kongó er seinasti áfangastaður Hillary Clinton á ellefu daga ferðalagi hennar um Afríku. - kbs**

## SVÍÞJÓÐ

### Taldi sig sjá Madeleine

Sænsk lögregla var kölluð út að strönd í Svíþjóð á mánudag eftir að maður taldi sig hafa séð bresku stúlkuna Madeleine McCann, sem var rænt árið 2007, á ströndinni. Í ljós kom þó að stúlkan á ströndinni var sænsk og aðhafðist lögreglan því ekkert meir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotist inn á tveimur stöðum

Tilkynnt var um tvö innbrot til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Annars vegar vegar brotist inn í fyrirtæki og hins vegar skólahúsnæði. Innbrotsþjófarnir náðust ekki. Að öðru leyti var rólegt hjá lögreglu þá nóttina.

# Ársæll og Sigurjón aftur í skilanefnd

**Ársæll Hafsteinsson og Sigurjón Geirsson hafa verið ráðnir sem ráðgjafar hjá skilanefnd Landsbankans að ósk kröfuhafa. FME óskaði eftir að þeir létu af störfum fyrir nokkrum dögum. Ekki mistök af okkar hálfu, segir forstjóri FME.**

**VIÐSKIPTI** Ársæll Hafsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Landsbankans, og Sigurjón Geirsson, sem var yfir innri endurskoðun Landsbankans, hafa verið ráðnir sem ráðgjafar skilanefndar Landsbankans. Fjármálaeftirlitið, sem fór fram á að þeim yrði vikið úr nefndinni, ætlar ekki að gera athugasemd við ráðninguna.

Ársæli og Sigurjóni var vísað úr skilanefnd Landsbankans í lok síðasta mánaðar. Fjármálaeftirlitið (FME) taldi ekki lengur þörf á þeim í nefndinni, þar sem samningaviðræðum við kröfuhafa gamla Landsbankans ætti að vera lokið 14. ágúst og vinnunni væri því að ljúka.

Kröfuhafar Landsbankans voru ósáttir við það og slitu samningaviðræðum. Samningaviðræður hafa legið niðri síðan þá, að sögn Páls Benediktssonar, upplýsingafulltrúa skilanefndarinnar. Kröfuhafar eru hins vegar tilbúnir til að setjast aftur að samningaborðinu þar sem tvímenningarnir eru komnir aftur til starfa.

„Það er hins vegar ljóst að þetta er búið að tefja viðræðurnar þannig að 14. ágúst stenst ekki lengur,“ segir Páll.

Þetta er í annað sinn sem skilanefnd ræður aftur menn sem FME hefur vikið frá störfum. Kristjáni Óskarssyni, sem var áður yfirmaður viðskiptabankasviðs bankans, var vikið úr skilanefnd Glitnis en ráðinn framkvæmdastjóri hennar fimm dögum seinna.

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að eftirlitið muni ekki gera athugasemdir við ráðningu Ársæls og Sigurjóns. „Þetta er það sama og skilanefnd Glitnis gerði þegar hún réði Kristján. Skilanefndirnar ráða starfsmenn á eigin ábyrgð og við gerum ekki athugasemd við það,“ segir Gunnar.

Gunnar vill ekki meina að FME hafi gert mistök með því að vísa Sigurjóni og Ársæli úr nefndinni. Hann segir viðbrögð kröfuhafa einnig hafa verið óþarflega mikil. „Þetta voru of harkaleg viðbrögð og kannski einhver önnur ástæða undirliggjandi,“ segir Gunnar.

Páll Benediktsson segir að samningaviðræður fari nú á fullt að nýju. „Það virtist ekki vera svo mikið sem vantaði upp á til að klára samningana. Nú kemst fullur skriður á málið og það tekur væntanlega ekki langan tíma að klára það. Þetta er gríðarlega stórt mál sem verið er að semja um og mikilvægt að þetta gangi snurðulaust fyrir sig á næstunni. Menn binda miklar vonir við að þetta gangi á skömmum tíma þó að engin dagsetning sé komin,“ segir Páll. kristjan@frettabladid.is



**LANDSBANKINN** Tveir menn sitja nú í skilanefnd Landsbankans; Einar Jónsson og Lárentínus Kristjánsson, formaður nefndarinnar, sem hafði forgang um að finna lausn á máli skilanefndar Landsbankans.





BÓKARANÁM
FRAMHALD

**Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.**

Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

Helstu námsgreinar:

» Sölukerfi - 18 stundir
» Launakerfi - 24 stundir
» Fyrningar - 12 stundir
» Lán - 18 stundir
» Skattskil - 24 stundir
» Afstemmingar og lokafærslur - 18 stundir
» Gerð ársreikninga - 30 stundir
» Lokaverkefni - 24 stundir

Atvinnulausir fá 25% afslátt frá auglýstu staðgreisluverði

168 stundir - Verð: 198.000.-
Kvöldnámskeið 15. sept. - 17. des.
Síðdegisnámskeið 14. sept. - 16. nóv.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI


**Neytendur:** Stefnir í sölumet á hrefnukjöti

# *Engin hækkun frá því í fyrra*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Hrefnukjöt fæst nú í neytendavænum umbúðum, á 1.498 kr./kg í Nóatúni og á kynningarverði, 1.198 kr./kg í Bónus. Þetta er lungamjúkt kjöt, fínt til að eta hrátt með wasabi og soja-sósu, eða að léttsteikja á grilli. Benedikt hafði samband og finnst verðið á hrefnunni vera alltof hátt: „Ég held að framleiðendur og dreifingaraðilar séu að skjóta sig í fótinn, vegna þess að hlutfallslegt verð á hrefnukjöti er orðið býsna hátt og verð á hrefnukjöti hefur hækkað mun meira en á öðrum kjötvörum. Þetta leiðir líklega til þess að framleiðendur sitja að lokum uppi með miklar birgðir af óseldu hrefnukjöti og þetta lyktar af græðgi,“ skrifar hann.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf., segist bæði heyra frá neytendum sem finnst kjötið ódýrt og líka þeim sem finnst það dýrt. „Þeir sem kvarta yfir verðinu eru yfirleitt eldra fólk sem man eftir því hvernig þetta var á árum áður. Þá var kjötið selt í fiskbúðum eða þú fékkst það í svörtum poka á bryggjunni. Í dag eru miklu strangari heilbrigðiskröfur og eins eru gerðar mjög strangar kröfur um það hvernig dýrin eru drepin. Allt þetta kostar peninga og satt að segja þyrfti kjötið að vera enn dýrara ef við ættum að standa á núllinu. Staðreyndin er sú að kílóverðið í sumar er það sama og í fyrra og árið 2006 og 2007 var það bara hundrað krónum ódýrara. Við treystum á útflutning til Japans til að dæmið gangi upp.“



Við hrefnuveiðar og vinnslu vinna um þrjátíu manns á hverju sumri og yfir árið seljast um fimmtíu tonn á Íslandi. Í ár er reyndar útlit fyrir algjört sölumet. Þess má svo geta að lokum að á síðunni hrefna.is eru uppskriftir og ýmsar upplýsingar um hrefnuna.

# Við berjum niður verðið!



## af öllum hreinlætistækjum

## ÚTSALA -30% ÚTSALA -50% ÚTSALA -70%



50% AFSLÁTTUR

4.900

~~9.812~~

**Handlaug**
Metor 45.
8077635



13.999

~~28.526~~

50% AFSLÁTTUR

**Blöndunartæki eldhús**
Einnar handar.
8000090



10.999

~~21.995~~

50% AFSLÁTTUR

**Eldhúsvaskur**
1 hólf og borð, 805x480 mm.
8032533



50% AFSLÁTTUR

9.990

~~19.932~~

**Blöndunartæki**
Fyrir handlaug 15022.
8000097



44.990

~~69.900~~

35% AFSLÁTTUR

**Salernissett innbyggt**
Innbyggður kassi með salernisskál og setu. Festingar og skolhnappur fylgja
8078415

**Einnig mikið úrval af gegnheilum, frostþolnum flísum á frábæru verði.**



10-70% AFSLÁTTUR
**Allar flísar**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál




**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforsetinn Barack Obama heilsaði upp á fólk eftir að hann hélt tölu um heilbrigðiskerfið í menntaskóla í Portsmouth í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýsir sektað fyrir ítrekuð brot á lögum um verðbréfaviðskipti:

# FME sektar Nýsi hf. um tíu milljónir

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið hefur lagt tíu milljóna króna stjórnvaldssekt á Nýsi hf. fyrir ítrekuð brot á lögum um verðbréfaviðskipti.

Um er að ræða þrjú brot sem framin voru á fyrri hluta árs 2008. Fyrsta brotið var í janúar 2008, þegar Kauphöllin staðfesti verðbréfalýsingu Nýsis vegna víxils. Í lýsingunni var ekki greint frá því að endurfjármagna þyrfti skammtímaskuldir félagsins, þótt það hefði legið fyrir. Það er brot gegn ákvæðinu um upplýsingar í lýsingu.

Laust eftir miðjan mars féllu skuldabréf Nýsis í gjalddaga, en félagið greindi Kauphöllinni ekki frá þessu fyrr en þremur mánuðum síðar. Það er brot gegn ákvæði um upplýsingaskyldu.



**TÓNLISTARHÚSIÐ** Nýsir var annar eigenda Portusar, sem sá um að reisa Tónlistarhúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þriðja brotið var framið 1. apríl, þegar Nýsir náði samkomulagi við kröfuhafa um greiðslufrest, en birti ekki opinberlega um það upplýsingar. Það brýtur gegn ákvæði um viðbótarupplýsingar.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að brotin væru alvarleg og sýndu fram á ítrekaðan brotavilja. Í því ljósi var ekki talið rétt að ljúka málinu með sátt.

Nýsir var alþjóðlegt þekkingar- og fjárfestingarfélag frá árinu 1991 og var meðal annars annar eigenda Portusar, sem sá um byggingu Tónlistarhússins. Félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í fyrra og er nú í ríkiseigu. - sh

Harmleikur á danskri strönd:

# Þýsk feðgin drukknuðu

**DANMÖRK Tveir þýskir ferðamenn drukknuðu í sjónum undan ströndinni vestur af Ringköbing um hádegisbil í gær.**

**Um var að ræða feðgin, unga konu og föður hennar. Eftir að konan lenti í sterkum straumi reyndi faðir hennar að hjálpa henni. Þau drukknuðu hins vegar bæði. Unnusti konunnar reyndi að koma þeim báðum til bjargar, en tókst ekki. Hann liggur nú á sjúkrahúsi.**

**Aðeins tvær vikur eru síðan enn annar Þjóðverji drukknaði við danska strönd að fjölskyldu sinni aðsjáandi.**

- þeb

Níræður í lífstíðarfangelsi:

# Lét sprengja fólk í loft upp

**ÞÝSKALAND, AP** Dómstóll í München í Þýskalandi dæmdi í gær Josef Schöngraber, níræðan fyrrverandi foringja í þýska hernum, í lífstíðarfangelsi fyrir stríðsglæpi.



**JOSEF SCHÖNGRABER**

Sannað þótti að hann hefði í júní 1944 látið loka ellefu óbreytta ítalska borgara inni í hlöðu og sprengt hana í loft upp til að hefna fyrir árás andspyrnumanna. Aðeins einn af þeim sem lokaðir voru inni í hlöðunni komst lífs af, og bar hann vitni gegn Schöngraber.

Lögmaður Schöngrabers sagði í gær dóminum verða umsvifalaust áfrýjað. - bj

InDefence boðar til samstöðufundar á Austurvelli:

# Íslenska þjóðin rísi úr pólitísku hjólförunum

**EFNAHAGSMÁL** „Við lítum svo á að það sé kominn tími til að við Íslendingar, sem erum sérfræðingar í að rífast innbyrðis, rísi upp úr pólitískum hjólförum og sýni að við erum ein þjóð sem stendur saman þegar skórinn kreppir,“ segir Jóhannes Þ. Skúlason, meðlimur í hinum svokallaða InDefence-hópi.

Hópurinn boðar til samstöðufundar á Austurvelli klukkan 17 á morgun, fimmtudag. Jóhannes tekur fram að ekki sé um mótmæli að ræða, og því sé óþarfi að taka potta og sleifar með.

Jóhannes segir hópinn treysta þingmönnum til að taka réttar ákvarðanir í Icesave-málinu. Fundinum sé því öðru fremur ætlað að sýna umheiminum að Íslendingar vilji sanngjarna lausn á málinu og sætti sig ekki við þá afarkosti sem þeim séu settir.

Á fundinum verða fluttar stuttar ræður og búast má við því að landsþekktir tónlistarmenn troði upp, segir Jóhannes. Hann segir erlenda fjölmiðla hafa boðað komu sína, og því ríði á að sýna samstöðu með því að mæta.

Segja má að fundurinn sé liður í kynningarstarfi sem InDefence-hópurinn hefur skipulagt, og verður fréttum af fundinum fylgt eftir með greinaskrifum um stöðu Íslands og Icesave-málið í erlendum fjölmiðlum, segir Jóhannes. - bj



**KLAKASTÍFLA** Jakarnir sem stífluðu árfarveginn við brúna eru gríðarstórir og vega hundruð tonna. Þegar myndin var tekin var farið að losna um stífluna. MYND/VEGAGERÐIN-SVEINN ÞÓRÐARSON

# Klakastífla ógnaði brúnni yfir Jökulsá

**Framburður ísjaka stíflaði á dögunum útrennsli Jökulsár á Breiðamerkursandi og var um stund talið að brúin gæti skemmst. Vegna kreppu verður líklega hætt við nauðsynlegar framkvæmdir við brúna.**

**NÁTTÚRA** Stórir ísjakar mynduðu á dögunum mikla stíflu við útfallið undir brúnni yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Um tíma var talið að jakarnir gætu skemmt brúna. Jökulsárlón er eitt merkilegasta fyrirbærið í íslenskri náttúru og hefur gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Stíflan brast endanlega í gær.

Stíflan myndaðist við útfallið úr Jökulsárlóni þegar stórir jakar festust á grjótþröskuldi undir brúnni og röðuðust þar upp margir saman. Vatnið komst þó í rennum sitt hvoru megin við stífluna en mjög stór jaki fór undir miðja brúna og var ekki nema einum og hálfum til tveim metrum frá brúargólfi. Á vef Vegagerðarinnar er atvikið metið svo að hætta hafi verið á að jakarnir skemmdu brúna.

Grjótþröskuldi var komið fyrir innan við brúna í þeim tilgangi að stórir jakar strandi þar fyrir innan og haldist í lóninu. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að stórir jakar skemmi brúna. Árið 2006 var bætt í þröskuldinn en samkvæmt nýjum mælingum hefur hann lækkað um fjóra metra á þremur árum. Nú er stórstreymt og því komast stórir jakar yfir þröskuldinn og undir brúna.

Árið 1993 var ákveðið að leggja fé í rannsóknir á því hvernig tryggja mætti vegasamband á hringveginum. Strandlínan hafði þá færst inn um 8,5 metra á ári að meðaltali og talið raunhæft að brúin, sem var tekin í notkun árið 1967, gæti orðið náttúruöflunum að bráð.

Jökulsárlónið er nú orðið um átján ferkílómetrar að stærð og fer stækkandi af því að Breiðamerkurjökull hopar stöðugt. Mælingar á þykkt jökulsins hafa leitt í ljós að hann liggur í lægð sem er undir sjávarmáli á um tuttugu kílómetra vegalengd til norðurs. Fer dýpi vaxandi innan við núverandi jökulrönd og nær mest rúmlega 280 metra undir sjávarmál.

Á vegaáætlun fyrir árið 2009 var eyrnamerkt fé til að styrkja grjótþröskuldinn en vegna efnahagsástandsins eru þær áætlanir í uppnámi, að því segir á vef Vegagerðarinnar.

svavar@frettabladid.is




Hjálparstarfsmönnum sleppt úr haldi mannræningja:

# Voru níu mánuði í gíslingu

**PARÍS, AP** Sómalískir mannræningjar slepptu í gær fjórum evrópskum hjálparstarfsmönnum og tveimur kenískum flugmönnum sem þeir höfðu haldið í níu mánuði.

Frönsk hjálparsamtök staðfestu að fólkið hefði verið látið laust, og það væri við góða heilsu. Tveir hjálparstarfsmannanna voru Frakkar, einn Belgi og einn Búlgari.

Þeim var rænt með vopnavaldi þegar bílalest, sem var á leið til Keníu, var veitt fyrirsát í nóvember. Mannrán eru tíð í Sómalíu, þar sem stjórnleysi hefur ríkt síðustu ár. - bj




# STARFSNÁM STYRKIR STÖÐU ÞÍNA!

## YFIRLIT NÁMSBRAUTA Á HAUSTÖNN

## TVÆR ANNIR

### *Sölu-, markaðs og rekstrarnám* — *426 stundir*

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### *Skrifstofu- og rekstrarnám* — *426 stundir*

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

### *Skrifstofunám og hönnun* — *414 stundir*

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Námið er mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf.

Auk skrifstofunáms læra nemendur að útbúa hvers konar kynningarefni og fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

### *Sölunám og hönnun* — *420 stundir*

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja söluferlið.

## EIN ÖNN

### *Skrifstofu- og tölvunám* — *258 stundir*

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögunum.

### *Sölu- og markaðsnám* — *264 stundir*

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### *Frumkvöðla- og rekstrarnám* — *168 stundir*

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### *Bókaranám framhald* — *168 stundir*

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

OPIN KERFI · Microsoft Certified · ECDL · Pearson VUE · Prometric

**Atvinnulausir fá 25% afslátt frá staðgreiðsluverði**

**ntv**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

## „ORÐRÉTT“

### Vatnsheld þá?

**„Á einum hlutanum eru stjörnuljós.“**

NÝ VATNSRENNIBRAUT Í LAUGARDALSLAUGINNI VERÐUR HIN GLÆSILEGASTA, AÐ SÖGN LOGA SIGURFINNSSONAR, FORSTÖÐUMANNS HENNAR.

**Fréttablaðið 11. ágúst**

### Úr samhengi

**„Ég set þessar tölur ekki í samhengi við Icesave.“**

ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR FERÐAMÁLASTJÓRI SEGIR ANDÚÐ Á ÍSLENDINGUM EKKI SKÝRA FÆKKUN FERÐAMANNA FRÁ BRETLANDI OG HOLLANDI.

**Fréttablaðið 11. ágúst**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SKÚLI GAUTASON, VIÐBURÐASTJÓRI HJÁ HÖFUÐBORGARSTOFU

## *Menningarnótt skipulögð af eldmóði*



„Ég er að leggja lokahönd á dagskrá menningarnætur, það eru öll púslin að falla í réttar skorður,“ segir Skúli Gautason, leikari og viðburðastjóri hjá Höfuðborgarstofu. „Afraksturinn má nú sjá á menningarnott.is, og það stefnir í glæsilega, spennandi og fjölbreytilega dagskrá. Það er það sem allt snýst um þessa sólarhringana hjá mér.“

Skúli hefur því ekki komist í mikið sumarfrí enn. „Ég er farinn að sjá það í hillingum að sitja einhvers staðar á þúfu og tína ber. Mig dreymir um það. Ég á mjög gott berjaland norður á Ströndum og hlakka mikið til að fara þangað.“ Skúli segir kreppuna ekki hafa sett mikið strik í reikninginn hjá menningarnótt. „Hún er fyrst og fremst hátíð borgarinnar sjálfrar og það eru svo margir sem leggja hönd á plóginn og vilja gera eitthvað skemmtilegt á menningarnótt. Það eru ofboðslega góðir straumar í kringum menningarnótt svo við finnum ekki mikið fyrir kreppunni satt að segja. Þetta er miklu meira gert af eldmóði en digrum sjóði. Þema menningarnætur er „húsin í bænum“ og það er mjög margt skemmtilegt sem hefur kviknað út frá þessu þema.“

## TÓMATAR

### ÁVEXTIR FRÁ AMERÍKU

Tómatar hafa verið ómissandi í öll betri salöt frá því Evrópubúar komust í kynni við þessa kynlegu plöntu í Mexíkó. Talið er að jurtin, sem tæknilega telst vera ávöxtur þó að hún sé yfirleitt flokkuð með grænmeti, sé upprunalega frá Perú. Engin skráð dæmi eru um nýtingu þarlendra frumbyggja á tómötum, en vitað er að Astekar og Pueblo-indjánar í Mexíkó borðuðu tómata.

Tómaturinn féll vel að bragðlaukum Spánverja, sem dreifðu þessum dulbúna ávexti víða. Í fyrra er talið að um 125 milljón tonn af tómötum hafi verið framleidd, sem jafngildir um átján kílóum á hvern jarðarbúa.

## SJÓNARHÓLL

### METFJÖLDI FÆÐINGA



ANDRI GUNNARSSON, NEMI Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK.

### *Verðum að dunda okkur við eitthvað*

Allt stefnir í metfjölda barnsfæðinga á Íslandi í ár. Fleiri börn hafa fæðst á Landspítalanum það sem af er ári en á sama tíma í fyrra, sem var metár. Andra Gunnarssyni lögfræðingi þykja þetta vera gleðitíðindi. „Það er jákvætt, vinnur upp á móti fólksflóttanum, ef af honum verður. Því fleiri Íslendingar, þeim mun betra.“

Venja er að fæðingartíðni lækki þegar efnahagsástand er slæmt. Andri er ekki uggandi yfir því þótt það syrti í álinn. „Ég held að Ísland verði ekki svo illa statt að barnsfæðingum fækki. Reyndar held ég að þeim muni halda áfram að fjölga meðan kreppan varir. Fólk þarf að finna sér eitthvað til dundurs.“

# Aldrei að vita nema við fáum okkur hundasleða

**Eftir tíu ára dvöl í Kaupmannahöfn fóru hjónin Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir og Ólafur Rafnar Ólafsson að hugsa sér til hreyfings. Þeim leist ekki á blikuna á Íslandi og því var aðeins eitt í stöðunni: að flytja til Grænlands.**



**ÁNÆGÐ Á GRÆNLANDI** Ólafur Rafnar Ólafsson, Björn Rafnar, Úlfur Snorri og Ingibjörg Hrefna Björnsdóttir.

Ingibjörg og Ólafur hafa búið í bænum Sisimiut á vesturströnd Grænlands í um mánuð, ásamt sonum sínum tveimur, Birni Rafnari sex ára og og Úlfi Snorra tveggja ára.

„Þetta hefur verið mjög gott fram að þessu,“ segir Ingibjörg og í bakgrunni má heyra ýlfrið í sleðahundunum sem bundnir eru við annað hvert hús. Ingibjörg og Ólafur eru í óðaönn að koma fjölskyldunni fyrir í nýju íbúðinni, þar sem þau ætla að búa að minnsta kosti næstu tvö árin. „Það er sólríkt og gott veður hérna. Þetta er mikil náttúruperla, við erum með fallegt útsýni út á hafið og fylgjumst með hvölum og selum og svo var hreindýratímabilið að byrja og allir á leið á skytterí.“

Ingibjörg og Ólafur höfðu búið í Kaupmannahöfn í áratug og fannst kominn tími til að breyta til. Ísland þótti þeim ekki fýsilegur kostur eins og sakir standa og því kom upp sú hugmynd að flytja til Grænlands. „Ólafur Rafnar lærði mannfræði í Kaupmannahafnarháskóla með áherslu á eskimóa á Grænlandi og vildi því gjarnan fara til Grænlands. Ég er hjúkrunarfræðingur og þeirra er víðast hvar þörf. Ég prófaði því að sækja um vinnu á heilsugæslunni hérna. Þegar ég fékk hana ákváðum við því að láta slag standa. Fjölskyldur okkar heima á Íslandi hefðu auðvitað miklu frekar viljað fá okkur heim, sérstaklega ömmurnar sem sakna barnabarnanna, en þau geta samt ekki beðið eftir að koma í heimsókn.“

Ingibjörg segir að fjölskyldan uni hag sínum vel í Sisimiut. „Við erum smám saman að kynnast bænum og umhverfinu og fólkið hefur tekið okkur afskaplega vel. Það búa á sjötta þúsund manns hér og það er nokkurn veginn allt til alls hér: veitingahús, barir og bíó. Það vill líka svo til að Íslendingar á vegum Ístaks eru að reisa vatnsaflsvirkjun hér í nágrenninu og við rekumst stundum á þá hér.“

Ingibjörg segir þau hjónin hafa undirbúið sig vel fyrir flutninginn og því nokkurn veginn vitað hvað væri í vændum. Hún segir þó ýmislegt hafa komið sér á óvart.

„Það er ansi sláandi að sjá gamla og nýja tímann mætast hér. Úti í búð er til dæmis hægt að fá sushi með hvalspiki eða selspik í avókadó.“

Ingibjörg segir að helsti ókosturinn við Sisimiut sé einangrunin, en engin vegtenging er við bæinn. „Eina leiðin burt er með flugvél eða hundasleða. Ætli það sé ekki helst það sem kemur í veg fyrir að við verðum hér lengur en við ætluðum okkur.“

Þótt sumarið hafi leikið við fjölskylduna á Grænlandi segir Ingibjörg þau vera farin að búa sig undir veturinn, sem geti orðið harður. „Við erum til dæmis fótgangandi eins og er. Ætli við verðum ekki að fara að svipast um eftir góðum snjósleða.“ En væri ekki upplagt að ganga alla leið og fá sér einfaldlega hundasleða? „Snjósleðarnir eru aðallega notaðir innanbæjar en hundasleðar til að fara út úr bænum. Ég býst því við að snjósleðinn verði settur í forgang, en hver veit nema við tökum okkur til og fáum okkur hundasleða. Hæg eru heimatökin.“

bergsteinn@frettabladid.is

## SISMIUT Á VESTURSTRÖND GRÆNLANDS

Sisimiut, Holsteinsborg eins og bærinn heitir á dönsku, er næststærsti bærinn á Grænlandi með tæplega sex þúsund íbúa. Bærinn er á vesturströndinni, 400 kílómetra norðan við Nuuk og um 100 km norðan við heimskautsbaug. Sisimiut er aðalbyggð í sveitarfélaginu Qeqqata. Bæjarstæðið er á allmiklum tanga, eins og flestir bæir á Grænlandi, en þvert yfir tangann rís fjallið Nasaasaaq í 784 m hæð.
Sisimiut er nyrsta höfn á Grænlandi sem er siglingafær á vetrum vegna íslagna.
Sisimiut er tilvalið til veiða: mikið er af hval, sel og rostungi í hafinu og hreindýr til fjalla.
Upp úr 1764 komu Danir sér upp bækistöð í Sisimiut, sem þeir nefndu Holsteinsborg. Bærinn var miðstöð hvalveiða fram undir lok 19. aldar. Upp frá því tóku fiskveiði og fiskverkun við sem aðalatvinnugreinar.
Sisimiut er syðsti bær á Grænlandi þar sem hundasleðar eru notaðir. Gelt hundanna setur nokkurn blæ á bæinn og þá má sjá um allt. Hundasleðarnir eru notaðir bæði í atvinnuskyni og til skemmtunar. Engin vegtenging er við aðra staði.



**SISIMIUT** Næststærsti bærinn á Grænlandi með 6.000 íbúa.





**INNANHÚSSTÍLISTANÁM**

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
798 GRÍSAVEISLU SNITSEL 798 kr./kg.
798 GRÍSAVEISLU GÚLLAS 798 kr./kg.
798 GRÍSAVEISLU KÓTILETTUR 798 kr./kg.
498 GRÍSAVEISLU HAKK 498 kr./kg.
198 GRÍSAVEISLU SKANKAR 198 kr./kg.
498 GRÍSAVEISLU RIFJASTEIK 498 kr./kg
798 GRÍSAVEISLU HNAKKI ÚRB. 798 kr./kg.
ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
998 KF GRÍSAR-VÍNARSNITSEL Í RASPI 998 kr./kg.
Ali
398 ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 398 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur
1498 BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
898 BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR
898 kr./kg.
1169 BÓNUS BEIKON 1169 kr./kg.
CONSUL
198 CONSUL BANANAR 198 kr./kg.
489 BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.
GOTT KAFFI Í BÓNUS
Aðeins 11 kr. kaffibollinn !
398 KJARNAFÆÐI: NÝTT KJÖTFARS 398 kr./kg.
898 BÓNUS REYKT BRAUÐSKINKA 898 kr./kg.
179 MYLLU SAMLOKUBRAUÐ hvítt 770g 179 kr.
398 298
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 stk. 398 kr.
DANSKT GULLKAFFI MEÐALBRENNT 500g 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hagfræðingur telur Ísland of fámennt:

## Smátt er fagurt

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Nýleg grein Anne Sibert, hagfræðiprófessors og fulltrúa í peningastefnunefnd Seðlabankans, hefur vakið talsverða athygli. Þar lýsir enska fræðikonan þeirri skoðun sinni að íslenska þjóðin sé of fámenn til að standa undir efnahagslega sjálfstæðu samfélagi.

Í sjálfu sér koma sjónarmið sem þessi ekki á óvart úr þessari átt. Það er gömul saga og ný að íbúar ríkja sem telja tugmilljónir eiga bágt með að skilja hvernig mun fámennari þjóðríki geta þrifist. Þannig er það algengt viðkvæði á Bretlandi að tómt mál sé að tala um sjálfstætt Skotland, þar sem fimm milljón manna ríki eigi enga möguleika á að standa á eigin fótum.

Ef horft er til sögunnar sést að takmörkuð innistæða er fyrir þeirri hugmynd að stórum ríkjum hljóti að farnast betur en smáum. Raunar er saga Íslands á tuttugustu öld eitt gleggsta dæmið um hvernig fámennar þjóðir geta byggt upp samfélög hagsældar á skjótan hátt. Það er því ekki að undra þótt ýmsum sárni vangaveltur hagfræðingsins.

Það er þó kaldhæðnislegt að uppleggið í grein Anne Sibert felur einmitt í sér stærðarfordóma sem fjölmargir Íslendingar eru vísir að. Af lestrinum má ljóst vera að Sibert telur enga glóru í að íbúar Grænlands haldi úti sjálfstæðu ríki með sextíu þúsund sálum, þrátt fyrir auðugar náttúruauðlindir.

Því miður heyrast sjónarmið sem þessi oft meðal Íslendinga, þegar talið berst að nágrönnum okkar Færeyingum og Grænlendingum. Við látum okkur illa líka þegar íbúar milljónasamfélaganna hnýta í fámennið hér, en erum svo engu skárri gagnvart okkar bestu vinaþjóðum.

Þannig er það nánast fastur liður í fréttaflutningi af sjálfstæðisáformum Grænlendinga að hnýtt sé við athugasemdum um landlægan drykkjuskap og tíðni félagslegra vandamála þar í landi, líkt og þjóðinni sé ekki treystandi til að bera ábyrgð á eigin málum. Varðandi Færeyjar er það sömuleiðis hvimleitt að sjá því ítrekað haldið fram að efnahagskreppan þar í landi í upphafi tíunda áratugarins hafi orðið vegna óráðsíu heimamanna sem tæmt hafi ríkiskassann og safnað skuldum, ekki hvað síst með metnaðarfullri jarðgangagerð. Er þar litið framhjá þeirri staðreynd að samgöngumannvirki þessi voru ekki greidd úr landsjóði Færeyja heldur af danska ríkinu.

Það eru engin rök fyrir því að mörkin fyrir sjálfbærni samfélaga liggi á milli sextíu þúsund íbúa og þrjú hundruð þúsund. Íslendingar voru til að mynda rétt um níutíu þúsund þegar þjóðin öðlaðist stjórnmálalegt sjálfstæði árið 1918. Færa má fyrir því rök að með hærra menntunarstigi og auknu aðgengi að upplýsingum fari þau fólksfjöldamörk heldur lækkandi sem samfélög þurfi að ná til að teljast lífvænleg. Okkur ber þess vegna að fagna nýfengnum sigri Grænlendinga í sjálfstæðisbaráttu sinni, enda koma sífellt í ljós nýjar upplýsingar um skuggahliðar dönsku valdstjórnarinnar þar í landi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Hólabrekkuskóli 1963

**Rejúníon**

**Þriðji endurfundur/rejúníon árgangsins 1963 í Hólabrekkuskóla verður haldinn laugardaginn 5. september.**
Gömul kynni rifjuð upp, myndir frá skólaárinu og tónlist leikin frá þessu ógleymanlega tímabili. Hanastél og pinnamatur.
Ódýrasti barinn í bænum. Miðaverð er einungis 2.500 krónur.

**Nánari upplýsingar:**
**Jóhann Hlíðar Harðarson – 820 6280 – jhh@ru.is**
**Kristín Arnþórsdóttir – 894 4046 – sigstin@gmail.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eiginlega alveg öruggt

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sagði í fréttum RÚV í fyrradag „eiginlega alveg öruggt" að aldrei á lýðveldistímanum hefði jafn stór hluti af ríkisstjórn verið á móti stefnu ríkisstjórnarinnar í nokkru máli og í Icesave-málinu. Skemmst er þó að minnast að einn ráðherra og fjórir stjórnarþingmenn greiddu atkvæði gegn þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að ESB. Þá má rifja upp að árið 1974 sprakk vinstri stjórn eftir að þingmenn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna settu sig gegn efnahagsfrumvarpi Ólafs Jóhannessonar forsætisráðherra.



### Hækkun í hafi

Þá var lítil ánægja innan ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen með þá afstöðu Hjörleifs Guttormssonar, þáverandi iðnaðarráðherra, að rannsaka ætti þá staðreynd að súrálið var mun dýrara þegar því var skipað upp í Straumsvík en þegar það fór í skip ytra. Þetta var nefnt „hækkun í hafi" og var talið að Alusuisse hefði snuðað þjóðina um töluvert fé með þessu.



### Viðsnúningur

Íslensk stjórnmál eru óneitanlega dálítið sérstök um þessar mundir. Stjórnarþingmenn lýsa því yfir að stjórnarsamstarfið hangi á bláþræði vegna Icesave-samninganna. Þingmenn í stjórnarandstöðu mótmæla þessu og kalla slíkar fréttir hræðsluáróður. Þvert á móti sé engin hætta á að ríkisstjórnin springi, hún myndi alveg þola að verða undir í langstærsta átakamálinu á þingi.

Yfirleitt er þessu öfugt farið: stjórnarliðar verjast fréttum um að það hrikti í stoðum samstarfsins meðan andstæðingarnir fullyrða að stjórnin sé í lamasessi og ekki á vetur setjandi. Það er sumsé komin upp fágæt staða í íslenskum stjórnmálum: Stjórnarandstaðan vill allt til vinna að Icesave-samningarnir verði ekki samþykktir en um leið fyrir alla muni forðast að „lenda í" ríkisstjórn, fái hún vilja sínum framgengt.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Icesave og sagan



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

**Í DAG** | Icesave

Þeir sem hafa tekið þátt í deilunum um Icesave undanfarna mánuði hafa beitt ýmsum rökum; lögfræðilegum, pólitískum og siðferðilegum, eins og sjálfsagt er. Menn hafa einnig bent á liðna tíð máli sínu til stuðnings og aftur virðist liggja í augum uppi að það eigi við. Sagan á að sanna eitt og afsanna annað, vera víti til varnaðar eða lýsandi dæmi um dyggðir sem nú þurfi að halda í heiðri. En hér er þó ekki alltaf allt sem sýnist.

Byrjum á seinni heimsstyrjöldinni. Því hefur verið haldið á lofti á Íslandi að þjóðin hafi þolað miklar fórnir til að færa Bretum björg í bú í stríðinu. Íslenskir sjómenn (báðir afar mínir þeirra á meðal) sigldu með fisk héðan þrátt fyrir þá hættu sem stafaði frá kafbátum og flugvélum Þjóðverja og guldu þeir sumir fyrir með lífi sínu. Þessi hluti sögunnar má vissulega ekki gleymast.

Hlutfallslega létust nær jafnmargir Íslendingar í stríðinu og Bandaríkjamenn og því má líka vel halda til haga. Á hinn bóginn hefur sá misskilningur einnig heyrst að jafnmargir Íslendingar hafi fallið og Bretar. Það eru ýkjur og reyndar mætti allt eins nota tölur um mannfall í stríðinu til að sýna hvað Bandaríkin og Ísland fóru vel út úr hildarleiknum, miðað við flest önnur ríki. Þrátt fyrir ógnir á höfunum hafði líklega engin þjóð í Evrópu það eins þolanlegt í stríðinu og Íslendingar. Mannfall var nær hvergi eins lítið, og efnahagurinn blómstraði. Það gerði hann ekki síst vegna þess að Ísland stórgræddi á fisksölunni til Bretlands. „Græðgi þeirra á sér engin takmörk," sagði einn breskur embættismaður eftir stríð þegar hann rifjaði upp afstöðu Íslendinga. Að sögn bresks sendiherra viðurkenndi einn ráðherrann hér líka í tveggja manna tali að hann hálfskammaðist sín þegar Íslendingar stærðu sig af frammistöðunni í stríðinu. Eflaust hugsuðu fleiri á þann hátt og ið ættum því kannski að fara varlega í að mikla okkur af fórnum í seinni heimsstyrjöldinni.

Þá eru það þorskastríðin. Lítum fyrst á þau í ljósi kröfunnar um lausn Icesave fyrir alþjóðlegum dómstól. Sókn Íslands í landhelgismálum hófst fyrir alvöru eftir þann úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag árið 1951 að Norðmenn mættu draga sína fjögurra mílna landhelgi þvert yfir mynni flóa og fjarða. Ári síðar lýstu Íslendingar yfir fiskveiðilögsögu eftir sömu reglum (í stað þriggja mílna landhelgi sem hlykkjaðist eftir strandlengjunni). Þá bar hins vegar svo við að Bretar neituðu að viðurkenna útfærsluna og reyndu að kúga Íslendinga til eftirgjafar. Íslensk stjórnvöld buðu málskot til Haag en því var hafnað í London. Sér var nú hver virðingin fyrir alþjóðalögum í það skiptið. Valdið átti að ráða, ekki lögin.

Síðan hófu menn sætaskipti, ef svo má segja. Árið 1958 færði vinstri stjórn á Íslandi fiskveiðilögsöguna í 12 mílur og fyrsta þorskastríðið hófst. Þremur árum síðar samdi ný ríkisstjórn, Viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, um lyktir þess og lofaði breskum stjórnvöldum að risi enn ágreiningur um útfærslu lögsögunnar mætti skjóta honum til Alþjóðadómstólsins. Leið svo og beið í tíu ár en þá komst önnur vinstri stjórn til valda og færði lögsöguna síðan út í 50 mílur. Bretar (og Vestur-Þjóðverjar) mótmæltu, vísuðu til fyrri samninga og skutu deilunni til Haag. Nú var komið að íslenskum stjórnvöldum að hunsa alþjóðlegan dómstól og reyndar einnig fullgildan milliríkjasamning. Svona getur sagan því geymt ólík fordæmi. Menn verða heldur betur að velja og hafna, ætli þeir að nota liðna tíð sem vopn í Icesave-deilunni.

Menn skyldu líka varast að lofa dug og þor íslenskra ráðamanna í þorskastríðunum án þess að leiða hugann að því að samningsstaða þeirra var yfirleitt betri en nú um stundir. Í þorskastríðunum gátu íslenskir valdhafar barið í borðið og haft í hótunum. Alþjóðalög voru að þróast þeim í hag og alþjóðasamfélagið hafði yfirleitt samúð með „litla Íslandi". Svo skipti hernaðarmikilvægi landsins jafnvel sköpum en ætli það yrði ekki bara hlegið núna ef íslenskir ráðamenn berðu í borð og hótuðu að segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin eða ganga úr NATO?

Og reynum svo líka að hætta að kalla þorskastríðin „einu stríðin sem Bretar hafa tapað". Þrátt fyrir hættustundir á miðunum voru þorskastríðin alls ekki stríð í hefðbundnum skilningi. Styrjaldir eru gjarnan skilgreindar sem átök þar sem minnst nokkur hundruð eða þúsund manns láta lífið og öflugum skotvopnum er beitt. Þjóðremba á kannski heima á íþróttavöllum og í Eurovision, en ekki í söguskoðun og stjórnmálum.

*Höfundur er sagnfræðingur.*

# Genfarsamningarnir 60 ára

**UMRÆÐAN**

Anna Stefánsdóttir skrifar um Genfarsamningana



ANNA STEFÁNSDÓTTIR

Í dag eru liðin sextíu ár frá því að Genfarsamningarnir fjórir voru undirritaðir. Samningarnir veita mönnum vernd í vopnuðum átökum og þeir eru enn í dag hornsteininn í alþjóðlegum mannúðarrétti. Samningarnir hafa bjargað ótöldum mannslífum, bætt aðstæður þúsunda stríðsfanga og leitt til þess að milljónir sundraðra fjölskyldna hafa sameinast.

Enda þótt ógnir stríðsátaka taki stöðugum breytingum halda Genfarsamningarnir gildi sínu og eru áfram grundvöllur þess hjálparstarfs sem fram fer á vígvöllum um víða veröld. Í samningunum eru ákvæði sem veita Rauða krossinum víðtækt hlutverk við að vernda og aðstoða fórnarlömb stríðsátaka. Rauði krossinn fræðir stríðandi fylkingar um Genfarsamningana og fylgist með því að þeir séu virtir.

Í tilefni dagsins hafa Rauða kross félögin í Evrópu beint þeim tilmælum til forsætisráðherra sinna að stjórnvöld sinni eftirfarandi viðfangsefnum:

• Útbreiðsla: Breiða þarf út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum, bæði meðal hermanna og meðal almennings svo að hann viti um þá vernd sem honum ber.

• Framkvæmd: Stöðugt þarf að leggja áherslu á að fullgilda samninga um alþjóðlegan mannúðarrétt og tryggja framkvæmd þeirra.

• Málsvarastarf í þágu mannúðar: Evrópuríkin þurfa að beita sér fyrir því að óháð og sjálfstæð mannúðaraðstoð geti farið óhindrað þar sem vopnuð átök geisa.

• Ábyrgð: Refsa ber þeim sem gerast sekir um glæpi í vopnuðum átökum. Hina brotlegu á að draga til ábyrgðar fyrir brot sín. Ríki þurfa að tryggja að landslög heimili að sótt sé til saka fyrir slík brot.

Stríðsátök skapa enn í dag ómælda mannlega neyð, en þrátt fyrir það er rétt að minnast Genfarsamninganna, sem hafa síðustu sextíu árin komið í veg fyrir eða linað miklar mannlegar þjáningar.

*Höfundur er formaður Rauða kross Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Safnaðu þekkingu

## Sæktu þér aukinn styrk

**MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL**

Þýska fyrir byrjendur
hefst 31. ágúst

Danska – þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 7. september

Undraheimur Þingvalla
hefst 8. september

Kvikmyndirnar og lífið
hefst 10. september

Frakkland – svæðisbundin menning
hefst 15. september

Gjörhygli – leið við streitu
hefst 15. september

Sjálfsstyrkur fyrir konur og karla
hefst 17. september

Frida Kahlo: námskeið og leikhúsferð
hefst 21. september

Búsáhaldabyltingin og kosningar 2009
- Mótmæli almennings eða róstur ólátabelgja?
hefst 21. september

Söguleg skrif fyrir almenning
hefst 22. september

Samskipti foreldra og barna
hefst 23. september

Sagan lesin úr listinni ... með Kristni R. Ólafssyni
hefst 28. september

**HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ**

Faraldsfræði fyrir fagfólk í heilbrigðisvísindum
Design of Cohort and Case-control - 2 ECTS
hefst 25. ágúst

Er greinin góð? – Gagnrýninn greinalestur
hefst 17. september

**HUGBÚNAÐUR**

Vöruhús gagna (e. DW 2.0 AND UNSTRUCTURED DATA)
hefst 1. september

AutoCAD grunnnámskeið – Fjarnám
haldið 23. september

**VERK-OG TÆKNIFRÆÐI OG ARKITEKTÚR**

Þrívíddarhönnun í SketchUp
hefst 10. september

Mælitækni fyrir framhaldsskóla og háskóla
haldið 14. september

**STARFSÞRÓUN OG HÆFNI**

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
haldið 18. ágúst

Stefnumótun í eigin lífi – taka tvö!
haldið 10. september

Facebook sem markaðstæki
hefst 16. september

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 22. september

**FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL**

Verktaki eða launþegi
haldið 8. september

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
hefst 14. september

Excel I – fjármál og rekstur
hefst 15. september

Lestur ársreikninga
hefst 21. september

Excel – Veltitöflur
hefst 21. september

Virðismat fyrirtækja
hefst 23. september

**UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ**

Íþróttasálfræði
hefst 18. september

Gullakista Google
hefst 25. september

**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

# Icesave-spuni aðstoðarritstjóra

**UMRÆÐAN**

Einar K. Guðfinnsson skrifar um Icesave

Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, skrifar leiðara síðastliðinn laugardag sem er af sama toga spunninn og málflutningur fjármálaráðherrans Steingríms J. Sigfússonar. Spuninn er sá að samþykkja beri Icesave-samkomulagið, ella höfum við verra af. Og svo er bætt um betur í leiðaranum og reynt að færa fyrir því rök að þau ósköp sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi í formi Icesave-samningsins séu afsprengi síðustu ríkisstjórnar!

Þetta er útúrsnúningur, til þess fallinn að afvegaleiða og því ekki hægt að láta ómótmælt.

Sá samningur sem nú liggur fyrir Alþingi er á ábyrgð núverandi ríkisstjórnar. Hann er gerður undir forræði ríkisstjórnarinnar, unninn af samninganefnd sem stjórnin skipaði og fjármálaráðherrann hefur staðfest afstöðu sína til hans með því að nota hvert tækifæri til að bera blak af niðurstöðunni. Þar ferst honum öðruvísi en forsætisráðherranum, sem reynir að þvo hendur sínar af samningnum með því að lyfta tæplega litla fingri til þess að verja þessa gjörð.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Ástæða þess að þingið fjallar svo ákaft um þennan samning er einföld. Það fyrirfinnst varla nokkur þingmaður utan Steingríms J. Sigfússonar sem treystir sér til að samþykkja hann. Þess vegna leita menn allra mögulegra leiða til að gera á honum þær breytingar sem hægt er. Með því er vitaskuld verið að segja að þessi afurð ríkisstjórnarinnar sé ómöguleg og þingið vilji ekki axla ábyrgð á henni.

Það er mikill misskilningur hjá aðstoðarritstjóranum að íslenska þjóðin eigi bara tvo kosti; þennan ólukkans samning ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, eða ekkert. Samningurinn er algjörlega í blóra við þau samningsmarkmið sem Alþingi samþykkti í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Hann er ofurhlaðinn alls konar göllum og hreinum og klárum mistökum. Þar má nefna meðal annars ábendingar lögmannanna Ragnars H. Hall og Harðar Felix Harðarsonar auk Eiríkis Tómassonar prófessors, sem sýnt hafa fram á að vegna samningsafglapa séum við að taka á okkur hundruð milljarða að þarflausu.

Þetta lætur aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins sér í léttu rúmi liggja, svo ótrúlegt sem það er. Og bítur svo höfuðið af skömminni með því að bera í bætifláka fyrir þær þjóðir sem eru að nota ofurefli sitt til þess að þvinga okkur til nauðungarsamninga á borð við Icesave-afstyrmið. Það er varla hægt að lúta lægra í minnimáttarkennd og þarflausri pólitískri nauðhyggju.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Eftirlitsvald aðskilið frá pólitísku valdi

**UMRÆÐAN**

Björn Einarsson skrifar um stjórnarskrána



BJÖRN EINARSSON

Sjálfstæði eftirlitsvaldsins hefur orðið eftir í lýðræðisþróun hérlendis, og því er mikilvægasta athugunarefnið við endurskoðun stjórnarskrárinnar að gera eftirlitsvaldið sjálfstæðara og aðskilja það frá pólitíska valdinu. Eftirlitsvaldið er falið í valddreifingunni, beinu lýðræði, stjórnarskránni, dómstólunum, eftirlitsstofnunum, rannsóknarnefndum, löggæslu og gagnrýnum fjölmiðlum. Ekkert af þessu er óháð hinu pólitíska valdi eða valdi fjármálanna hér á landi.

Hvorki ráðherrar né löggjafarþingið eiga að ákvarða hverjir verða dómarar eða hverjir rannsaka meint brotamál. Ekki bara dómsvaldið á að vera algjörlega óháð pólitíska valdinu, heldur einnig saksóknarar, rannsóknarnefndir, eftirlitsnefndir (t.d. Fjármálaeftirlitið), lögregla og Landhelgisgæsla. Ríkisfjölmiðill (Ríkisútvarp-sjónvarp), óháður pólitíska valdinu og fjármálaheiminum, gegnir mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi og á að vera undir eftirlitsvaldinu. Við stofnun Bandaríkja Norður-Ameríku lagði Thomas Jefferson mikla áherslu á að í hverju bæjarfélagi væri stofnað óháð bókasafn, til þess að þegnarnir gætu aflað sér óháðra upplýsinga.

Þjóðkjörinn forseti Íslands á að vera yfirmaður eftirlitsvaldsins og skipa í æðstu stöður innan þess. En hann á ekki að vera þjóðhöfðingi, það er sá sem fer fyrir framkvæmdarvaldinu, forsætisráðherrann. Forseti Íslands mætti því allt eins heita umboðsmaður lýðsins eða lýðveldisins. Hann á ekki að koma nálægt pólitíska valdinu. Hans hlutverk á að vera að gæta þess að lýðræðið sé virkt, boða til kosninga og ákvarða um þjóðaratkvæðisgreiðslur, þegar pólitíska valdið er ekki í takt við vilja þjóðarinnar.

Stjórnarskráin er síðan hið æðsta eftirlitsvald. Hún setur stjórnmálunum og eftirlitsvaldinu leikreglur. Hún á ekki að vera samin af stjórnmálamönnum, heldur stjórnlagaþingi, sem kosið er beint af þjóðinni.

**Valddreifing og beint lýðræði**

Markmið hefðbundinnar þrískiptingar ríkisvaldsins í framkvæmdarvald (ríkisstjórn), löggjafarvald (Alþingi) og dómsvald er valddreifing, til þess að einn þáttur gæti haft eftirlit með öðrum: Því ættu þeir að vera sem mest aðskildir, m.a. til að koma í veg fyrir að valdhafar tækju of mikið tillit til eigin hagsmuna við ákvarðanatöku í stað hagsmuna heildarinnar og umbjóðenda sinna.

Framkvæmdarvaldið er það sem ræður „hvað skal gera og hvað skal ekki gera“, og er því hinn raunverulegi valdhafi ríkisvaldsins. Löggjafarvaldið hefur það hlutverk að setja lög um „hvað má gera og hvað má ekki gera“, hvort sem er framkvæmdarvaldið, fjármálamenn eða almenningur. Það ákvarðar líka um öflun fjár í ríkissjóð, og setur framkvæmdarvaldinu takmarkandi fjárlög. Dómsvaldið hefur síðan það hlutverk að dæma hvort farið sé að lögum og stjórnarskránni fylgt. Stjórnarskráin segir til um stjórnskipunina, inniheldur reglur sem lög mega ekki brjóta í bága við og almenn mannréttindi, „hvað má leyfa og hvað má ekki leyfa“.

Á sínum tíma var þrískipting ríkisvaldsins mikilvægt skref í baráttu fyrir lýðræði, en einvaldar höfðu alla þætti valdsins á einni hendi. Fyrsta skrefið var að færa löggjafarvaldið til þjóðkjörins þings og gera dómsvaldið sjálfstæðara. Þróun lýðræðisins hefur svo aðallega snúist um að auka beint lýðræði, að lýðurinn ráði ferðinni, því hjá honum á valdið uppruna sinn, ekki frá guði eins og einvaldarnir héldu fram. Annars vegar er það með því að fleiri þegnar fái að kjósa (eignalausir, konur og yngra fólk) og hins vegar með því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslur um sífellt fleiri stórmál.

**Aðskilnaður pólitísks valds?**

Í umræðunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur aðskilnaður framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins mest verið ræddur, þ.e. afnám þingræðisreglunnar.

Í forsetaræði er kosinn pólitískur forseti beint, sem velur með sér ráðherra. Framkvæmdarvaldið er þar með sterkara en löggjafarvaldið, með minni valddreifingu og þar með minna eftirliti. Forsetaræðið er aðallega við lýði í Norður- og Suður-Ameríku, Afríku og Asíu auk Frakklands og Rússlands.

Fyrir þingræðinu er norræn og evrópsk hefð. Það stuðlar að valddreifingu, þar sem framkvæmdarvaldið þarf að styðjast við þingmeirihluta löggjafans. Þingræðið er hins vegar óbeinna lýðræði, þar sem framkvæmdarvaldið er ekki kosið beint. En beint lýðræði má auka með því að fjölga þjóðaratkvæðagreiðslum um stærri mál.

Pólitíska valdið er í eðli sínu svo samtvinnað í heimi stjórnmálaflokkanna, að það er vafasamt að frekari aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds hérlendis leysi nokkurn vanda í stjórnskipun okkar.

Mikilvægast við endurskoðun stjórnarskrárinnar

Sjálfstætt eftirlitsvald, óháð pólitísku valdi, sem kosið er til beint af lýðnum er mikilvægasta athugunarefnið við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Núverandi embætti forseta Íslands á að fara fyrir eftirlitsvaldinu, en algjörlega ópólitískt. Þar sem forsætisráðherrann fer fyrir framkvæmdarvaldinu og er því hinn raunverulegi þjóðhöfðingi færi betur á að hann yrði „Forseti Íslands“ en forsetinn „Umboðsmaður lýðræðisins“.

*Höfundur er læknir og heimspekinemi.*

# Verðum að semja upp á nýtt

**UMRÆÐAN**

Sigurður Ragnarsson skrifar um Icesave



SIGURÐUR RAGNARSSON

Erum við ekkert að læra af reynslunni? Eigum við ekki endanlega að jarða „þetta reddast“ hugarfar? Það er búið að vera dapurt að horfa upp á stjórnvöld reyna að fá okkur á band Icesave-samkomulags án þess að færa fyrir því almennileg rök. Í raun hafa aðalrökin verið að þetta verður bara að gera svo að við verðum ekki stimpluð sem vond þjóð og þetta muni alveg reddast. En mun þetta reddast? Af hverju mun það reddast? Hvaða forsendur eru á bak við það? Við getum vart framfleytt okkur í dag og við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Til að mynda, hvað flytja margir af landi brott og hvaða áhrif hefur það? Eigum við virkilega að taka á okkur auknar byrðar án þess að kannaðar séu mögulegar leiðir til að losna úr hengingarólinni? Hvað gengur stjórnvöldum til? Það er ekki að undra þó að viðhorf stjórnarinnar vegna Icesave-málsins og gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum leiði mann inn á þá braut hugsunar að hér sé verið að reyna að kaupa sér aðgöngumiða inn í ESB. Hvað annað liggur að baki?

En stóra spurningin er: Hvað eigum við að gera í Icesave-málinu? Við getum ekki gengist undir þetta samkomulag, svo mikið er víst. Við værum að taka of mikla áhættu og það gæti hreinlega sent okkur út í skelfilegt skuldafen. Það er mér óskiljanlegt að stjórnvöld vilji taka þessa áhættu. Er það ekki að hluta til einmitt svona kæruleysi og hugarfar sem er búið að koma okkur í þessa stöðu? Það er líka niðurlægjandi fyrir íslenska þegna að horfa upp á stjórnvöld reyna að tjasla upp á samkomulag og setja ýmsa fyrirvara sem þau halda að Bretar og Hollendingar muni samþykkja. Hvaða veruleikafirring er í gangi? Af hverju ættu þeir að gera það? Við erum að brjóta samkomulag og breyta samningnum einhliða. Myndum við sætta okkur við slíkt framferði ef við setjum okkur í spor þeirra?

Þetta er þvílík heimska að maður skammast sín fyrir að vera Íslendingur. Því miður er staðan sú að það eina sem hægt er að gera er að virða ekki fyrra samkomulag, því áhættan er of mikil og líkurnar á brotlendingu okkar sem þjóðar eru of miklar. Síðan þarf að undirbúa nýjar samningaviðræður með faglegum hætti, fá viðeigandi aðila að borðinu aftur og ræða hlutina af fagmennsku og finna raunhæfar lausnir. Munum að það er líka ábyrgðarleysi að lofa skuldbindingum sem ekki er hægt að standa við.

Við stöndum í milliríkjadeilum sem við leysum ekki ein og sér og við sem þjóð ráðum ekki einhliða lausn þessa máls. Þess vegna er fáránlegt að eyða öllu þessu púðri í að vera að sjóða saman einhverja fyrirvara og reyna að finna leiðir til að breyta samkomulaginu vegna Icesave. Ef við viljum breyta fyrra samkomulagi þá þarf að semja um það. Það þarf að kynna og útskýra stöðu okkar og semja upp á nýtt. Við þurfum að gera það faglega, sem þýðir að hagsmunir allra aðila eru hafðir í huga. Ekki bara hagsmunir erlendra þjóða, stofnana og fyrirtækja og heldur ekki bara hagsmunir okkar.

Þetta er eina raunhæfa leiðin, því er nú verr og miður. Það er illa komið fyrir okkur en við megum ekki spila þannig úr spilunum að þjóða fólkinu í landinu upp á mun verri lífskjör en þjóðast annars staðar og við eigum heldur aldrei að sætta okkur við að vera kúguð af neinum. Við verðum að fara fram á að semja upp á nýtt.

*Höfundur er háskólakennari með leiðtogafræði og stjórnun sem sérsvið.*

# Breytingin í borginni

**UMRÆÐAN**

Óskar Bergsson skrifar um borgarmál.



ÓSKAR BERGSSON

Það er ánægjulegt að lesa út úr þjóðarpúlsi Gallup þær viðhorfsbreytingar sem hafa orðið gagnvart starfinu í borgarstjórn Reykjavíkur á milli ára. Fyrir ári voru 69% aðspurðra óánægð með meirihluta F-lista og Sjálfstæðisflokks en nú í meirihlutatíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna hefur óánægjan farið niður í 28%. Aðeins 14% voru ánægð með meirihlutann 2008 en nú í ágúst eru 33% ánægð með störf meirihlutans. Fyrir ári höfðu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur aðeins 31% fylgi en eru nú með 45% fylgi. Hópur þeirra sem ekki taka afstöðu breytist milli ára úr 18% í 40%.

Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að algjör umskipti hafa orðið í viðhorfi almennings gagnvart borgarstjórn Reykjavíkur. Meginskýringin á þessum viðhorfsbreytingum er að Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki hefur tekist að mynda starfhæfan og traustan meirihluta þar sem leginn hefur verið nýr tónn í samráði og samstarfi við minnihlutann. Lykillinn að árangrinum er þverpólitískt samstarf og samstaða sem náðist um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar vegna breytinga í efnahags- og atvinnulífi. Í þeirri áætlun er meginstefið að standa vörð um grunnþjónustuna, verja störf starfsmanna borgarinnar, hækka ekki gjaldskrár og fara í framkvæmdir til þess að halda hér uppi atvinnu á samdráttartímum. Allt þetta hefur gengið eftir auk þess sem tekjur og útgjöld eru enn þá samkvæmt fjárhagsáætlun.

Annað sem fram kemur í könnuninni er að Framsóknarflokkurinn hefur nærri tvöfaldað fylgi sitt í borginni milli ára samkvæmt sömu könnun og mælist í fyrsta skipti á kjörtímabilinu með mann inni. Þetta eru skýr skilaboð um að ákvörðunin um að fella meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista var rétt og breyting á vinnubrögðum og starfsháttum í borgarstjórn Reykjavíkur var orðin löngu tímabær.

**Taflan sýnir þjóðarpúls Gallup annars vegar í maí 2008 og hins vegar í ágúst 2009:**

**2008**

Ánægja með meirihlutann í borgarstjórn

Maí ´08

| Ánægður | Hvorki né | Óánægður |
|---|---|---|
| 14% | 18% | 69% |

**2009**

Ágúst ´09

| Ánægður | Hvorki né | Óánægður |
|---|---|---|
| 33% | 40% | 28% |

*Höfundur er borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður borgarráðs.*

**HEITAR LAUGAR Á ÍSLANDI** er ný bók eftir Jón G. Snæland og Þóru Sigurbjörnsdóttur. Í bókinni er greint frá bæði náttúrulegum laugum og manngerðum víða um land, jafnt á hálendi sem í byggð. GPS-punktur er á öllum laugunum í bókinni en þær eru vel á annað hundrað.







Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




Útsaumaðir
dúkar í mörgum gerðum & stærðum
25% afsláttur
Frá 6.490 kr
Útsölunni lýkur á föstudag
Íslensk hönnun á enn betra verði.
Lín DESIGN
Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 • www.lindesign




„Að koma að Hólum og dvelja þar, það hleður öll batterí,“ segir Guðni, sem hér er með konu sinni Margréti Hauksdóttur.
MYND/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR

# Það er gaman að vera með Norðlendingum

**Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, var staddur á Siglufirði með konu sinni þegar hringt var í hann í forvitnisskyni. Spurningin var ein, hversu mikið hann væri búinn að flakka í sumar.**

„Það er nú fyrst til að taka að guð almáttugur hefur séð vel um sína efnahagsstjórn og haft gott veður í landinu. Þetta hefur verið einstakt sumar,“ var formálinn sem Guðni hafði á takteinum áður en hann sneri sér að aðalefninu, að lýsa sumarferðunum. „Ég hef talsvert keyrt um Suðurland út frá mínu heimili á Selfossi en fyrir helgina fór ég norður í land. Setti handverkssýninguna á Hrafnagili og var á þeirri skemmtilegu hátíð. Í Eyjafjarðarsveitinni var haldin kvöldvaka og þar er svo margt listrænt fólk, hljóðfæraleikarar, söngvarar og hagyrðingar að maður sér glöggt að menningin dafnar. Það er gaman að vera með Norðlendingum.

Við Margrét brugðum okkur líka á Fiskidaginn mikla á Dalvík þar sem meti Biblíunnar var hnekkt því Dalvíkingar mettuðu þrjátíu þúsund manns á fimm fiskum og tveimur brauðum og breyttu vatni í vín og allir voru ölvaðir af gleði. Það var stórkostlegt að koma á þessa tvo staði sömu helgina. Nú erum við á Siglufirði og hér er nýlokið pæjumóti sem var um helgina, þannig að alls staðar var eitthvað um að vera. Svo dveljum við á Hólum í Hjaltadal. Maður finnur nú alltaf hvað það er magnaður staður. Að koma að Hólum og dvelja þar, það hleður öll batterí. Svo er einstakt að blanda geði við Skagfirðinga.“

Í lokin játar blaðamaður fyrir Guðna að hann hafi byrjað á að hringja heim til alnafna hans sem búi á Brúnastöðum í Reykjavík og spyrja eftir fyrrverandi ráðherra þar. Þá kumrar í honum. „Já, það hafa fleiri gert. Hann tók af mér margt ómakið þegar ég var í embættinu. Í hann var hringt á nóttunni til að skamma meðan ég svaf í friði fyrir austan fjall.“ *gun@frettabladid.is*



friendtex
Útsala
Mikið úrval af fatnaði á 1.000, 2.000 og 3.000
Kaupir 2 flíkur og færð eina fría með
(ódýrasta flíkin fylgir frítt með)
Opið mán.-fös. frá kl. 11.00-18.00
Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


1 -15% SMURVINNA
afsláttur af vinnu við smur!
2 Tilboð BÓN OG ÞVOTTUR
Alþrif og teflonbón á tilboðsverði!
3 -15% DEKK
afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!
ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14
olís
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



**BLÁA LÓNIÐ** á auknum vinsældum að fagna meðal Íslendinga. Heimsóknum þeirra í júlí fjölgaði um 26 prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

# Bremsur geta yfirhitnað

**Hemlabúnaður bifreiða getur orðið óvirkur þegar ekið er niður langar brekkur ef álagið á hann verður of mikið. Hróbjartur Ágústsson, bifvélavirki og leiðbeinandi í meiraprófnámskeiðum, lýsir því.**

„Þegar keyrt er með aftaníhengi eins og hestakerrur, fellihýsi eða hjólhýsi niður brekkur þá reynir óhjákvæmilega á hemla ökutækisins ef menn skipta ekki niður í lágu gírana. Þá getur álagið orðið of mikið og bremsurnar yfirhitnað,“ segir Hróbjartur og útskýrir það ferli nánar. „Það kemur gljái á bremsuborðana og viðnámið þverr hratt þannig að allt í einu er bíllinn orðinn bremsulaus. Þetta gerist einkum ef bremsur á aftaníhenginu eru ekki í lagi.“ Hann segir hættuna ekki sísta ef um sjálfskipta bíla er að ræða. „Margir halda að þeir eigi alltaf að keyra í D á sjálfskiptum bílum en það er gírkassi á þeim og við vissar aðstæður þarf að skipta handvirkt í lágu gírana til að láta þá halda við. Þessu áttar fólk sig ekki alltaf á.“

Hróbjartur segir aftanívagna stundum selda grandalausu fólki sem veit ekki hvað það er að kaupa enda sé misjafnt hvort felli- og hjólhýsi séu með bremsum. „Lengi vel komu hingað vagnar sem enginn almennilegur hemlabúnaður var á og þeir eru enn í umferð en í seinni tíð hefur búnaðurinn orðið vandaðri,“ segir hann.



„Á leið niður brekkur þarf að skipta í lágu gírana til að láta þá halda við,“ segir Hróbjartur og skellir olíu á vélina sem hann er að laga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á þessu ári urðu allir ferðavagnar bæði skráningar- og skoðunarskyldir. Hróbjartur telur það af hinu góða. „Fram að þessu hefur ekki verið skylda að færa þessi tæki til skoðunar og þess vegna hefur því ekki alltaf verið fylgt nógu vel eftir að þau séu í lagi,“ segir hann.

gun@frettabladid.is

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ
Byggingarefni framtíðarinnar
35% afsláttur af lager meðan birgðir endast
Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina
Losnaðu við óþarfa burðasúlur
Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur
Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum
27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr
Finnsk gæðavara
Létt og meðfærileg
Hátt brunaþol
Hæð eftir óskum
Lengd allt að 23 m.
Alltaf til á lager
16% meira eldþol
20% meira brotþol
3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm
Gegnheill viður C-24 | Hefðbundið límtré G-L32 | KERTO
E modull fellur ekki eins og í hefðbundu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt
TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

## Förðunarskólinn

- Næsta námskeið hefst í september
- kennt 4 x viku í 14 vikur
- Glæsilegur nemendapakki
- Kennt er með hinum frábæru glominerals förðunarvörum frá USA
- Ýmsir möguleikar við fjármögnun námsins

glominerals

SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

## Naglaskólinn

PROFESSIONAILS

- Getur hafið nám hvenær sem er
- Kennt 1 x viku frá kl. 18-22
- Gæðavörur frá Professionails notaðar við kennslu
- Kennarar með kennararéttindi frá skóla Professionails í Belgíu
- Glæsilegur nemendapakki ásamt vandaðri naglaslípivél og naglalampa.
- Ýmsir möguleikar við fjármögnun námsins

www.snyrtiakademian.is • Hjallabrekka 1 • sími 553-7900


# skólar og námskeið


MIÐVIKUDAGUR 12. ÁGÚST 2009





365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR


# Færð þú skólamat?

## Skráning hefst 24. ágúst

Sími 420 2500 | www.skolamatur.is

Skólamatur ehf. | Iðavellir 1 | 230 Reykjanesbær

SKÓLAMATUR

Holt, gott og heimilislegt

# Hægt að ganga alla leið í heimavist

Sólveig Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri og hollustugúru með meiru, var busuð rækilega á Samvinnuskólanum á Bifröst.

„Þar sem að skólinn var í heimavist var þetta auðvitað kjörið tækifæri til að taka busunina „alla leið“. Eina nóttina vorum við til að mynda vakin upp um miðja nótt við að barið var með látum á herbergisdyrnar hjá okkur. Daginn eftir var svo farið með okkur í „saklausan“ göngutúr sem endaði á því að okkur nýliðunum var skellt ofan í ker með ísköldu vatni.“

Solla segir að eldri bekkingar hafi náð að sá svo lúmskum óttafræjum meðal nýnemanna að þeir hafi alltaf búist við því versta á hverjum degi. „Það mátti ekki maður ræskja sig og þá hrökk maður í kút, alveg handviss um að nú væri einhver tortúr að byrja.“



**Solla og busarnir í Samvinnuskólanum á Bifröst bjuggust við hinu versta að nóttu sem degi.**

# Frygðarstunur í rimlarúmi

Gerður Kristný rithöfundur var busuð við Menntaskólann við Hamrahlíð haustið 1985.

„Ég man að við vorum nokkrar vinkonurnar sem vorum að vonast til þess að fá sérmeðferð í busuninni af því að við vorum með augnlinsur, enda of miklar gellur til að láta sjá okkur opinberlega með gleraugu. Þessi hugmynd um sérmeðferðina var eflaust einhverjar eftirreitur úr barnaskóla þar sem ekki mátti kasta snjóbolta í þá sem voru með gleraugu en auðvitað skiptu augnlinsurnar engu máli þegar busunin hófst.“

Gerður segir ýmislegt frá þessum degi eftirminnilegt, til dæmis þegar henni varð gengið fram hjá skólabróður sínum sem hafði verið teipaður við steinsúlu í matsalnum. Þannig mátti hann dúsa lungann úr deginum.

„Það sem er samt undarlegast í minningunni frá þessum degi er atriði sem eldri nemendur höfðu átt hugmyndina að og æft í þaula fyrir okkur busana – nefnilega hópreið. Matsalurinn var myrkvaður og tónlist keyrð í botn. Stúlka kom hlaupandi og stakk sér inn í eitthvað sem líktist risastóru rimlarúmi sem ekki sást þó inn í. Eldri strákarnir, klæddir kolsvörtum Ku Klux Klan-hempum, skiptust á að hlaupa inn í rúmið og vagga því til og frá og á meðan gaf stúlkan frá sér háar frygðarstunur.

Svona kusu eldri nemendur að bjóða okkur unglingana velkomna. Löngu síðar barst mér til eyrna að forráðamenn skólans hefðu ekki verið ánægðir með atriðið og forsprakkarnir hefðu verið teknir á teppið. Stúlkan sem þarna kom fram átti síðar eftir að verða landsfræg leikkona og fá mun betri rullur en þessa.“

*- jma*



**Gerður Kristný Guðjónsdóttir skáld slapp ekki við busun.**


## ATH. Kynning verður á Grand hótel fimmtudaginn 13. ágúst kl. 17-20

*Allir velkomnir*

SOVÍ

# NUDDNÁM

**NÁM Í SVÆÐA- OG VIÐBRAGÐSMEÐFERÐ**
**Veturinn 2009 – 2010**

Kennsla utan almenns vinnutíma
Upplýsingar á www.nudd.is og
í símum 696-0970 // 895-7333

***Svæða- og viðbragðsmeðferðaskóli Íslands***




**Böðlar í Menntaskólanum við Sund baða busa í fiskikörum árið 1987.** 365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Busar voru skírðir á Hólum, í Skálholti og á Bessastöðum

**Busun er aldagamalt fyrirbæri en sem dæmi má nefna að í Harward-háskóla hafa eldri nemendur látið þá yngri þjóna sér þegar haustönn hefst og á 19. öld útveguðu þeir eldri nemendum bjór og brauði.**

Hérlendis er fyrirbærið líka eldgamalt. Páll Melsteð, alþingismaður, sýslumaður og stofnandi Kvennaskólans í Reykjavík, talar í endurminningum sínum frá 19. öld um þá busun sem hann reyndi sjálfur í skólanum á Bessastöðum um 1830. Hann segir að nýnemar hafi verið kallaðir „novi“ eða „nobibusar“ og þaðan sé busa-nafnið komið.

Þegar skóli hófst á haustin voru neðri bekkingar kallaðir til efri bekkinga eitt kvöldið og var busunum öllum komið fyrir á einum bekk. Eldri bekkingur, klæddur í kápu, með gleraugu á nefi og „roðaugu“ utan yfir gleraugunum, kom þá inn í salinn og fór með ákveðnar línur sem hófust á orðunum: „Óðinn sé með yður“. Ræðan sem hann flutti var háfleyg og fjallaði um þagmælsku og þau samtök sem þeir skólabræður myndu nú senn bindast eldri bekkingum. Að ræðu lokinni var hver busi leiddur af tveimur eldri bekkingum að tjörn þar í nágrenni Bessastaða og dýft öfugum ofan í þá – að öxlum. „Það svo rækilega, að sumum hélt við köfnun.“

Eftir þessa meðferð voru busanir taldir komnir í skólapilta tölu og átti þá enginn, upp frá því, nein leyndarmál heldur áttu þeir að deila öllu. Voru þeir þá boðnir velkomnir með annarri ræðu. Þessi hefð kallaðist skírn og hafði flust í skólann frá Hólum í Hjaltadal og skólanum í Skálholti. *- jma*



**Einn nýnemi Menntaskólans við Hamrahlíð í hengingarsnöru í september 1976.** 365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**Kökuveisla í Verslunarskóla Íslands þar sem busar voru boðnir velkomnir í september 1977.** 365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Busarnir makaðir út í matvælum

Oddgeir Einarsson lögfræðingur var busi við Menntaskólann við Sund haustið 1993 og tók strætó úr skólanum allur blautur og illa lyktandi.

„Busunin hófst með því að öllum busum var smalað saman inn í salinn í skólanum og þar hlýddum við á ræðuhöld þar sem okkur busunum var aðallega sagt hvað við værum ömurlegir og einskis verðir. Þar næst var farið með okkur út í garð og ég man að það greip svolítið hræðsla um sig svo að margir reyndu að gera sig ósýnilega með því að fara út í horn.“

Það dugði þó lítt og allir voru teknir fyrir og dýft ofan í mysukör og segja má að þemað hafi verið að maka busana út í matvælum.

„Við fengum tómatsósu yfir okkur, skyri var slett á okkur og í minningunni er þetta mjög ógeðslegt og engin önnur hugsun að baki en gera okkur viðbjóðsleg útlítandi. Ég man að ég og Grímur vinur minn fórum saman heim í strætó eftir þetta og önguðum langar leiðir. Það hefði hins vegar lítt þýtt að mæta ekki þar sem að þeir sem skrópuðu voru oft leitaðir uppi og bundnir við staura og slíkt.“ *-jma*



**Oddgeir Einarsson segir að ekki þýddi að skrópa í busuninni í Menntaskólanum við Sund.**

# Yfirsýn og aukin afköst

# með MindManager




## Af hverju MindManager?

Eykur afköst starfsmanna um 7%.

Auðveldar verkefnastjórnun og skipulagningu.

Minnkar tíma við skýrsluskrif um 50%.

Markvissari og styttri fundir.

Öflugt tól í hugarflug, þarfagreiningu og stefnumótun.

Einu sinni fyrir langa löngu lærði ég að lesa, það var talsvert stökk í því að skilja heiminn. Núna er ég búin að læra á MindManager, stökkið var svipað en snýst núna um afköst og vinnubrögð!
**Ragnheiður Eiríksdóttir nýsköpunar- og þróunarstjóri, BHM.**

Notkun MindManager skipti sköpum í greiningarvinnu og framsetningu á meistaraverkefni mínu í HÍ. Þá hjálpaði Mind-Manager mér að ná yfirsýn yfir verkefnið í heild. Um þessar mundir nýti ég MM í verkefnastjórnun hjá VSÓ Ráðgjöf, í sveitar-stjórnarmálum sem og við skipulagningu fjölskylduviðburða.
**Herdís Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri VSÓ Ráðgjöf og doktorsnemi við HÍ**

**LEIÐBEINENDUR**


Elín Þ. Þorsteinsdóttir


Sigrún Stefánsdóttir


Dögg Gunnarsdóttir

**NÁMSKEIÐSDAGSKRÁ**

**HRAÐFERÐ**
**8 klst. kl. 8.30–16.30**

26. ágúst
3. október
11. nóvember

Forkröfur: að vera vel tölvufær

**GRUNNUR + FRAMHALD**
**2 x 5 klst. kl. 9.00–14.00**

15. og 16. september
21. og 22. október

**Ókeypis kynningarfundir 21. ágúst, 4. sept. og 2. okt. kl. 9.00–10.00**

**HELSTU NÁMSKEIÐS-ÞÆTTIR**



- Hugarflug
- Grunnæfingar
- Tölulegar upplýsingar
- Gerð skipurita
- Fundarstjórnun
- Ritgerðarsmíð og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun og skipulagning
- Samspil Outlook og MindManager
- Kynningar
- Stjórnun upplýsinga

**Námskeiðsstyrkir:**
Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki þú getur fengið til náms. Verkefnalausnir bjóða atvinnulausum námskeið og hugbúnað á skólaverðum.

Verkefnalausnir | **Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • Sími 565 7272 • www.verkefnalausnir.is**



Boðið verður upp á nám í safnafræði í fyrsta sinn við Háskóla Íslands í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Safnafræði kennd við HÍ

Meistara- og diplómanám í safnafræði hefst í Háskóla Íslands í haust. Viðfangsefni safnafræðinnar er varðveisla og miðlun menningararfsins. „Við reynum að hugsa til þess að nemendur geti sérhæft sig eftir áhugamálum sínum. Valnámskeið og lokaritgerðin gerir nemendum kleift að sérhæfa sig," segir Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði.

„Námið byggist á því að horfa breytt á greinina, það er að segja söfn, sýningar og setur. Litið verður heimspekilega á þetta og jafnvel sálfræðilega," útskýrir Sigurjón og bætir við að farið verði vítt og breytt um sviðið. „Ef fólk hefur svo áhuga á stjórnun bjóða söfn upp á margar leiðir í þá veru."

Af hverju var ákveðið að hefja kennslu í safnafræði? „Vegna þess að það er brýn þörf á því að mati þeirra sem vinna á söfnum, hjá háskólasamfélaginu og stjórnvöldum. Á síðustu tuttugu árum hefur umræðan um menningararf Íslendinga aukist og orðið stór þáttur til öflunar tekna." - mmf

# Ég á eftir að enda sem óvinsælasti menntamálaráðherrann

**Mikill niðurskurður blasir við í menntakerfinu en reynt verður að skera einungis niður í viðbótarþjónustu.**



Katrín Jakobsdóttir segir mikinn sóknarhug í fólki innan menntakerfisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Um miðjan ágúst eigum við von á ákveðnum tillögum," segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra þegar hún er spurð að því hvernig málin standa varðandi þá hugmynd, sem alþjóðlegir sérfræðingar settu fram í vor, að sameina háskóla á Íslandi og fækka úr sjö í tvo. „Líklegt er að við munum strax geta samræmt og kannski sameinast um stofnþjónustu," segir Katrín og bætir við að faglegur ávinningur sameiningar verði skoðaður nánar.

Mikill niðurskurður blasir við í menntakerfinu. „Þetta er náttúrulega grábölvað allt saman. Við miðum við 5,5 prósenta niðurskurð í framhaldsskólum og 8,5 í háskólum," segir Katrín og heldur áfram: „Auðvitað er þetta erfitt. Það verður meira álag á öllum sem eru að vinna innan skólakerfisins, hvort heldur sem er nemendum eða kennurum."

Þegar Katrín er innt eftir því af hverju meiri niðurskurður verði á háskólastiginu segir hún: „Fjárframlög til þeirra hafa aukist miklu meira á undanförnum árum en til framhaldsskólanna. Við ímyndum okkur því að svigrúmið sé meira þar," upplýsir Katrín.

„Við reynum að standa vörð um kjarnann og að draga frekar úr viðbótarþjónustu," segir hún. Hver er þá viðbótarþjónusta í menntakerfinu? „Ég hef nefnt sem dæmi að við drögum úr þjónustu við grunnskólanemendur sem fengið hafa að taka námskeið í framhaldsskólum. Dregið verður úr fjarnámi og fleiru slíku, sem auðvitað er allt bagalegt. Búnaðarkaup verða líka í lágmarki en við eigum vel búna skóla."

Katrín segir að samráð hafi verið haft við starfsfólk skólanna. „Það mætti auðvitað vera meira. Við megum heldur ekki vanmeta það að oft hefur gengið mikið á í íslenskum efnahag en samt höfum við getað byggt upp þetta góða menntakerfi. Mikil ábyrgð hvílir á öllum, ráðherrum, nemendum og kennurum, að reyna að gera sem best við þetta kerfi okkar og standa vörð um það."

Liggja tækifæri í framtíðinni? „Mér hefur fundist fólk mjög reiðubúið að horfa til framtíðar. Þetta er góður tími til að móta stefnu og hugsa fram í tímann. Mér finnst heilmikill sóknarhugur í fólki," upplýsir Katrín en segir að þó sé alltaf erfitt að draga saman. „Ég á eftir að enda sem óvinsælasti menntamálaráðherra sögunnar en þá verður það bara þannig." - mmf








**Það er leikur að læra**

Innritun í kvöld- og fjarnám er hafin

**Kvöldskóli**

Byggingatækniskólinn
Raftækniskólinn
Tæknimenntaskólinn
Véltækniskólinn
Meistaraskólinn

**Fjarnám**

Byggingatækniskólinn
Fjölmenningarskólinn
Upplýsingatækniskólinn
Skipstjórnarskólinn
Raftækniskólinn
Véltækniskólinn
Meistaraskólinn

**Diplómanám**

Endurmenntunarskólinn
- Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
  - Útvegsrekstrarfræði
  - Flugrekstrarfræði
  - Almenn lína í rekstri og stjórnun
  - Rekstrarfræði
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun

**Flugskóli Íslands**

Í september hefjast:
- MCC námskeið
- ATPL námskeið
- PPL námskeið (einkaflugmannsnámskeið)
- Flugkennaranámskeið

www.flugskoli.is

zetor

**Innritun lýkur 26. ágúst.**
Aðstoð við innritun er 26. ágúst frá kl. 16:00 – 19:00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Innritun fer fram á www.tskoli.is




Jón Torfi segir að draumurinn sé að menntavísindasvið verði á sama stað og Háskólinn.

## Leysa málin með góðum vilja og samstarfi

„Í öllum aðalatriðum hefur gengið mjög vel," segir Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands, inntur eftir því hvernig sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands hafi gengið á þessu rúma ári sem liðið er frá henni. „Þegar tvær stórar stofnanir koma saman þarf að leysa alls konar mál og það er verið að gera það með góðum vilja og samstarfi allra aðila," segir Jón Torfi.

Jón Torfi segir að stjórnsýsla stofnananna tveggja hafi verið sameinuð. „Það hefur gengið býsna hratt og nokkuð vel fyrir sig," upplýsir Jón Torfi en segir að verið sé að skoða samvinnu í náminu. „Það hefur að sumu leyti gengið hægar og verið er að vinna í því. Þetta eru hlutir sem taka sinn tíma en góður vilji er til þess að finna samstarfsfletina og leiðir til samvinnu."

Aðspurður segist Jón Torfi ekki vita hvenær sameiningin verði fullkláruð. „Það tekur nokkur ár að fá hana alveg í gegn. Erfitt er að svara því, til dæmis vegna þess að verið er að endurskipuleggja allt kennaranámið frá grunni."

Verður menntavísindasvið áfram aðskilið aðalsvæði Háskólans? „Draumurinn er að vera á sama staðnum. Við leggjum mikla áherslu á það og teljum það gríðarlega mikilvægan þátt í nánari samvinnu, þó að tæknin bjóði upp á alls konar möguleika." - mmf



Kennaraháskóli Íslands.




# Markmiðið er einfalt – að vinna Rallý Reykjavík

**Jón Bjarni Hrólfsson vann Rallý Reykjavík á síðasta ári. Stefnan er að verja titilinn í ár.**

Jón Bjarni Hrólfsson er einn af reyndustu keppendunum í Rallý Reykjavík í ár. Í sérstöku uppáhaldi eru sérleiðarnar um Lyngdalsheiði, Dómadalur og Mælifellsdalur. Hann á nokkur Íslandsmet og státar af Íslandsmeistaratitli í nýliðaflokki og flokki einsdrifsbíla. Stærsta stundin á 17 ára ferli var þegar hann vann Rallý Reykjavík 2008 eftir mjög erfiða keppni við marga sterka keppendur.

Markmið Jón Bjarna er einfalt. „Það að vinna Rallý Reykjavík er nokkuð sem alla dreymir um sem keppa í fremstu röð í rallakstri. Miklar væntingar eru alltaf til staðar fyrir hverja keppni, enda er ég með mjög mikið keppnisskap og finnst mjög leiðinlegt að tapa. Markmiðið er að mæta og vinna eins og við gerum fyrir allar keppnir. Þetta er löng og mjög erfið keppni fyrir bíla og ökumenn en ég veit hvað þarf til að vinna og ætla að reyna að nýta mér þá reynslu í þessu ralli."

Bifreiðin sem Jón Bjarni ekur á er Mitsubishi EVO 7, með 5 gíra beintengdum gírkassa, 2,0 l vél og forþjöppu sem skilar um 300 hestöflum út í hjól og 540 Nm í tog. Fjölstillanleg malarfjöðrun frá Reiger, sem er talin með þeim bestu. Bremsurnar eru sérsmíðaðar fyrir malarrallý og vélartölva stjórnar öllu. Auk þess er sér tölva fyrir drifrás sem dreifir aflinu til hjólanna.

Jón Bjarni byrjaði í rallýkrossi 1992 og keppti í krónuflokki. „Rallýkross er mjög ódýrt sport og mjög skemmtilegt og hvet ég alla sem langar í eitthvert svona bílasport að byrja í rallýkrossi, það gerði mér mjög gott sem ökumanni. Svo tók rallið við 1995 og þar er ég búin að þvælast um í öllum flokkum nema jeppaflokki, ég á það alveg eftir. Það gerist kannski þegar ég fer að hætta að geta haldið sama hraða og þessir ungu strákar sem eru að keppa í ralli í dag."

Jón Bjarni er ekki einungis mikill keppnismaður heldur er hann líka mikill áhugamaður um rallý og hefur hann tvívegis ferðast erlendis til að fylgjast með heimsmeistaramótinu í rallý. *- eör*




**Jón Bjarni Hrólfsson ásamt félaga sínum Sæmundi Sæmundssyni við bifreið þeirra Mitsubishi EVO 7.** MYND/ELVAR



## ● SÝNING VIÐ PERLUNA

Til að fagna 30 ára afmæli Rallý Reykjavík verður vegleg sýning í Perlunni í sömu viku og Rallý Reykjavík er haldið. Nýjasta útgáfa af Mitsubishi EVO X verður til sýnis, sem og rallýbifreiðar. Reyndir rallýkappar og félagsmenn BÍKR veita ráðleggingar um áhorfendavæna staði og ef einhver hefur áhuga á að keppa eða starfa við rallý veita þeir ráðgjöf.

## ● NOKKRIR PUNKTAR UM RALLÝ REYKJAVÍK

- Rallý Reykjavík fagnar 30 ára afmæli í ár.
- Aðeins þrisvar sinnum hefur erlendri áhöfn tekist að sigra í Rallý Reykjavík.
- Fyrsti sigurvegarinn, árið 1980, var Finn Ryhl-Andersen frá Noregi.
- Jón Ragnarsson hefur unnið rallið oftast allra, alls tíu sinnum, tvisvar sinnum sem ökumaður og átta sinnum sem aðstoðarökumaður.
- Keppendur í Rallý Reykjavík eru 54, sem gerir 27 áhafnir.
- Íslandsmet á sérleiðinni um Kleifarvatn að Krísuvík var slegið í fyrra. Jón Bjarni og Borgar Ólafsson á MMC Lancer Evo 7 óku 7,1 km á 3:14.



## ● ÍSAK TIL AÐSTOÐAR VIÐ STUART JONES

Breski rallökumaðurinn Stuart Jones mætir í Alþjóðarallið sem hefst á fimmtudaginn. Stuart er sagður vera í topp fimmtán á Bretlandseyjum og verður fróðlegt að sjá hvað hann gerir gegn íslenskum ökumönnum. Ísak Guðjónsson verður aðstoðarökumaður hjá honum. Það ætti að vera stór kostur því Ísak hefur mikla reynslu úr rallinu og er núna ríkjandi Íslandsmeistari. Bíllinn sem Stuart og Ísak keppa á er MMC Lancer Evo 10, þetta er bíllinn sem Daníel Sigurðarson hefur náð góðum árangri á í Bretlandi á þessu ári.

*- hgj*



# Það má ekkert klikka

Hilmar B. Þráinsson er ökumaður sem hefur mikla reynslu af rallakstri. Hann hefur keppt í öllum flokkum á 12 ára ferli, varð Íslandsmeistari í jeppaflokki árið 2007 og í nýliðaflokki árið 2004. Uppáhalds sérleiðin hans er Mælifellsdalur og besta minningin er hans fyrsta keppni sem aðstoðarökumaður hjá Fjölni Þorgeirssyni.



Hilmar B. Þráinsson keppir í 2000 flokki með aðstoðarökumanninum Stefáni Þór Jónssyni. MYND/ELVAR

Í ár ákvað hann að keppa í 2000 flokki með aðstoðarökumanninum, Stefáni Þór Jónsyni, og varð Honda Civic fyrir valinu. Hilmar keppti einnig á sama bíl í rallýkrossi í sumar en til að spara rallýbílinn tók hann sig til á miðju tímabili og smíðaði annan sérstaklega fyrir rallýkrossið. Það lá því beinast við að spyrja út í smíði á rallýbíl.

„Búið er að smíða í hann veltibúr samkvæmt reglum, setja körfustóla, fjögurra punkta belti og setja hlífðarpönnur til að verja undirvagninn, bremsur eru uppfærðar lítillega en að mestu leyti er hann annars óbreyttur samkvæmt reglum sem gilda í 2000 flokki,“ segir Hilmar og heldur áfram: „Rallý er mjög krefjandi og skemmtileg íþrótt, þarna er verið að teygja sig út á ystu mörk getunnar og það má ekkert klikka, þetta reynir mikið á bæði menn og bíla.“ *- eör*

# Kveðja formanns



Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur var stofnaður árið 1977, og hefur í gegnum árin verið vettvangur fólks með áhuga á akstursíþróttum. Í seinni tíð hefur starfið að mestu snúist um rallý og er nú svo komið að BÍKR heldur 4 til 5 af þeim 6 keppnum sem mynda Íslandsmótið í rallý. Hið alþjóðlega Mitsubishi Rally Reykjavík verður einmitt haldið dagana 13.-15. ágúst og er því mikið um dýrðir hjá félagsmönnum okkar á næstu dögum.

Það eru ekki einungis keppendur sem eru uppistaða meðlima BÍKR. Akstursíþróttamenn eru fjölbreyttur hópur af fólki af báðum kynjum svo sem starfsmenn keppnisstjórnar, aðstoðar- og viðgerðarfólk. Gera má ráð fyrir að í hverri keppni séu um 200 manns í margvíslegum hlutverkum. Ef það blundar í þér akstursíþróttamaður, lesandi góður, settu þig þá í samband við klúbbinn í gegnum heimasíðu okkar www.bikr.is eða komdu á sýninguna okkar sem nú stendur yfir í Perlunni. Öllum áhugamönnum um íslenskt mótorsport óska ég gleðilegrar hátíðar og keppendum velgengni í rallinu um helgina. *Jón Þór Jónsson, formaður BÍKR*

## MINNING



Á miðju sumri lést Hjalti Hafsteinsson, langt fyrir aldur fram. Áhugamál hans lágu víða, skoðanir hans og sjónarhorn á samtímann, íþróttir eða listir var á stundum það sem ekki var almennt notað, en hann kom því skilmerkilega til skila á sinn rólega og yfirvegaða hátt.

Hann var tengiliður keppenda í alþjóðarallinu frá árinu 1992 og reyndist í því starfi afar farsæll. Þar kom afar yfirgripsmikil þekking hans á regluverki akstursíþrótta að góðum notum. Eins og í öðrum íþróttagreinum vill keppnishiti oft blinda, en honum var einstaklega lagið að opna leiðina að sátt sem allir gátu staðið við.

Hann var gangandi alfræðibók um akstursleiðir og tíma er til þurfti til að aka. Fyrir um tíu árum ræddum við yfir kaffibolla hugsanlega keppni fornbíla og dagleiðir. Síðastliðið haust varð þessi akstur að veruleika, í nokkuð óbreyttri mynd frá upphaflegu tillögunni.

Er akstursíþróttafélag hennar konunglegu bresku hátignar kom hingað fyrst fyrir um fjórtán árum sótti hann félaga þess út á flugvöll og skilaði þangað aftur að keppni lokinni. Þeir minnast hans nú í ár með því að aka með sérstaka minningarskildi á bifreiðum sínum, honum til heiðurs.

Skyndilegt brottfall er ávallt þungbært. Við viljum minnast Hjalta E. Hafsteinssonar fyrir þær góðu stundir sem við áttum með honum, því minningarnar lifa jú að eilífu. *Tryggvi M. Þórðarson*

Ritstjóri: Elvar Örn Reynisson | Ábyrgðarmaður: Jón Þór Jónsson Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur | Heimasíða: www.bikr.is | Tölvupóstfang: bikrsport@gmail.com | Heimilisfang: Engjavegur 6, 108 Reykjavík

# Útrásin í fullum gangi

**Íslenskir íþróttamenn hafa á flestum sviðum staðið sig vonum framar á erlendri grundu undanfarið ár. Akstursíþróttamenn eru þar engin undantekning og skarta Íslendingar nokkrum öflugum keppendum í mismunandi greinum akstursíþrótta sem allir eiga það sameiginlegt að hafa náð eftirtektarverðum árangri undanfarin misseri.**




Daníel Sigurðsson hefur frá upphafi keppt á Mitshubishi Lancer.

Íslandsmeistarinn í rallý, Daníel Sigurðsson, hefur verið iðinn að keppa í Bretlandi undanfarin ár. Hann hefur frá upphafi keppt á Mitsubishi Lancer-bifreiðum og hefur árangur hans, áræði og hraði vakið athygli, svo mikla að keppnislið Mitsubishi í Bresku meistarakeppninni gerði samning við hann í vor um þróun á nýjasta keppnisbíl sínum, hinum stórglæsilega Lancer Evolution X.

Daníel hefur keppt í fjórum keppnum á nýja bílnum og má með sanni segja að þróun bílsins hafi gengið vonum framar og hraðinn verið stigvaxandi frá upphafi. Bíllinn er smíðaður af SJR Motorsport í Wales og hefur Stuart Jones, fyrrverandi keppandi úr heimsmeistarakeppninni í rallý, átt veg og vanda að smíði bílsins, en hann mun einmitt fá að aka bíl Daníels í fyrsta sinn í Alþjóðarallinu um næstu helgi.

Þessi nýjasta afurð Mitsubishi í Evolution-flórunni er gjörbreytt frá forvera sínum. Munar þar mestu um stórbættan mótor, aukna slaglengd fjöðrunarkerfis og lægri



Daníel Sigurðsson, Íslandsmeistari í rallý.

þyngdarpunkt, allt hlutir sem skipta gríðarmiklu máli í keppnisakstri.

Mitsubishi, sem hefur hampað heimsmeistaratitlum ítrekað í rallakstri, tókst það sem flestir töldu ógjörning. Það er að gera bíl sem er hraðskreiðari en níunda gerð Evolution. Sá bíll hefur hampað meistaratitlum úti um allan heim og er sannarlega vinsælasti og sigursælasti fjöldaframleiddi rallýbíllinn frá upphafi.

Frumraun Daníels á bifreiðinni var önnur umferð Bresku meistarakeppninnar, Pirelli rallið. Þar mætti hann öllum bestu ökumönnum Bretlands og skilaði bílnum í mark í sjöunda sæti, sem var framar öllum vonum.

Í annarri keppninni sannaðist að hraði bílsins var engin tilviljun. Fimmta sætið var ásættanlegt eftir akstursmistök og tilraunir á bílnum.

Þriðja keppnin, Mid Wales Stages, undirstrikaði endanlega geysilega hraðar framfarir á bílnum og háði Daníel harða baráttu um sigur í heildarkeppninni, en varð að láta sér annað sætið lynda, sex sekúndum frá sigri. Hraði Mitsubishi Lancer Evolution X var staðreynd, einnig sigur í flokki óbreyttra bíla tæpum þrem mínútum á undan næstu bifreið, sem skelfdi marga.

Fjórða keppnin var haldin seinni part júlí. Strax frá upphafi leiddi okkar maður keppnina og sýndi ókrýndum Mitsubishi Evo-Challenge meistara 2009, Daniel Barry, klærnar frá upphafi til enda. Ótrúlegur akstur á síðustu sérleið tryggði Barry 1,1 sekúndu sigur, eftir baráttu í rúmar 50 mínútur. Við þetta tækifæri sagði Barry: „Mitsubishi Lancer Evolution X er fljótasti óbreytti bíllinn í dag,“ enda þurfi hann á öllu sínu að halda til að landa sigrinum. *Þorgerður Gunnarsdóttir*

# Alþjóðarall í þrjátíu ár

Árið 1980 var fyrsta alþjóðrallið á Íslandi haldið. Þá var Ísland aftur orðið félagi í alþjóða akstursíþróttasamtökunum, FIA.

Til þess að gera keppnina alþjóðlega komu hingað keppendur frá Noregi og skemmst er frá því að segja að þeir Finn Ryhl Andersen og Jan Johansson sigruðu. Í gegnum tíðina hafa ávallt verið erlendir keppendur, en þeir hafa ekki haft erindi sem erfiði, hafa einungis sigrað þrisvar sinnum.

Keppnin hefur gegnum tíðina verið stærsta rallkeppni keppnisársins og náð yfir tvo til fjóra daga, eftir því hvernig skipulagið hefur verið. Í tæpan áratug hefur keppnin komist í það form sem þessi þrítugasta keppni er. Stuttur dagur til að hrista hrollinn úr keppendum. Næsti dagur langur og krefjandi, ekki aðeins fyrir keppendur heldur einnig bifreiðar. Síðasti dagurinn sem hefur svo verið nógu langur til að keppendur geti unnið sig upp.

Keppnin var upphaflega ætluð sem útrás íslenskra vega í alþjóðlegar akstruskeppnir. Sú útrás fór hægt af stað, en hefur haldið sínu striki í gegnum árin. Svo skrýtið sem það er nú, þá vilja útlendingar koma hingað og aka þessa gömlu malarvegi okkar. Það er ævintýri að geta gert það og um leið njóta allra þeirra þæginda sem nútíma Ísland býður upp á.

Við óskum afmælisbarninu alls hins besta með von um glæsta framtíð. *Tryggvi M. Þórðarson*



Rásmark Rallý Reykjavík árið 2008. MYND/ELVAR




Meðlimir úr breska flughernum tóku þátt í keppninni í fyrra á forláta Willy's-jeppum. MYND/ELVAR



Bleikur heitir jeppi Ástu sem hún keppir á í jeppaflokki. MYND/ELVAR

# Árangur sem kemur ýmsum á óvart

**Ásta Sigurðardóttir, kölluð bleika, keppir á jeppanum Bleik í Rallý Reykjavík.**



Ásta fór heldur of geyst í einni beygjunni og velti Bleikum.

Nítján ára gömul stúlka, Ásta Sigurðardóttir Bleika, leiðir jeppaflokkinn á bleikum jeppa sem heitir einfaldlega Bleikur. Hún mætir yfirleitt með bleikt hár til keppni, skælbrosandi og ánægð með lífið. Einhverjir gætu vanmetið þennan keppanda en það yrðu þeirra stærstu mistök. Hún á að baki glæstan feril sem aðstoðarökumaður, hún hefur keppt á Mitsubishi EVO 5, 6, 7 og 9. Hún er tvöfaldur Íslandsmeistari, sigurvegari í Rallý Reykjavík og reynslunni ríkari eftir keppni á Bretlandseyjum.

„Að sigra í Rallý Reykjavík með nokkrum sekúndum eftir þriggja daga rall þar sem allt hafði gengið á er gjörsamlega ólýsanlegt. Maður hafði ekki hugmynd um hvað maður átti að segja eða gera nema knúsa allt fólkið sem stóð við enda Djúpavatns til að taka á móti okkur. Alveg geðveikt!"

Árið 2008 varð bleika barnið hennar Ástu til, Grand Jeep Cherokee Pickup með V8 mótor K&N loftsíukerfi og skilar bíllinn 220 hestöflum. Ásta settist undir stýri í fyrsta sinn í keppni ásamt Tinnu Viðarsdóttur og notuðu þær árið 2008 til að læra bæði á bílinn og leiðirnar. Það gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig því að þær veltu í annarri keppni og skemmdist yfirbyggingin það mikið að auðveldast var að endursmíða bílinn og breyta honum í pallbíl.

Ásta sigraði fyrstu keppni sumarsins með nokkrum yfirburðum og hefur leitt keppni til Íslandsmeistara í allt sumar. Í þriðju keppni sumarsins gerði hún þó stærstu akstursmistök sem ökumenn gera. „Ég hætti að hlusta á kóarann, ég sá bara endamarkið og flaggið og gaf í og mundi svo skyndilega eftir vinstri vinkilbeygjunni sem flaggarinn stóð í. Bíllinn byrjaði að skríða út úr beygjunni og velti svo."



Ásta á farsælan feril að baki í rallýíþróttinni þrátt fyrir ungan aldur, en hún er aðeins nítján ára gömul. MYND/DÍANA

Ásta hefur því afrekað ýmislegt og lá mér forvitni á að vita hvernig tilfinning það er að velta. „Mínar veltur hafa verið nokkuð „smooth". Í 6 punkta belti, með hjálm á hausnum og yfir 25 metra af röri allt í kringum sig þarf maður ekkert að hafa miklar áhyggjur. Manni bregður og adrenalínið fer á trilljón. Ég varð skíthrædd í fyrri veltunni því ég komst ekki út úr bílnum með handafli heldur þurfti að sparka hurðinni upp en í seinni veltunni hugsaði ég bara „nei Ásta kommon!"

Ásta og Tinna sluppu nær ómeiddar úr þessum tveimur veltum, smá marblettir, skrámur og sært stolt. Þær kláruðu keppnina á mikið löskuðum Bleik, höfnuðu í öðru sæti og fengu verðlaun fyrir að vera menn keppninnar.

„Það var algjört æði og heiður og mér þótti ekkert smá vænt um það en þegar við Tinna vorum kallaðar upp til að taka á móti 2. sætis bikurunum aðeins fyrr um kvöldið og hver einasti maður í salnum stóð upp og klappaði, þá toppaði það allt."

Næsta keppni er Rallý Reykjavík, þriggja daga keppni, 260 km á sérleiðum. „Markmiðið fyrir þetta rall er að keyra mátulega hratt og öruggt, það þýðir lítið að ætla að sigra heiminn heldur borgar sig að halda góðum hraða og halda sig á veginum og klára." - eör



Halldór Vilberg keppir nú sitt fyrsta tímabil í rallakstri. MYND/ELVAR

# Öruggur nýliði sem leiðir 1600-flokk

Halldór Vilberg Ómarsson er að keppa sitt fyrsta tímabil í rallakstri. Hann ekur um á Toyota Corolla 86 árgerð ásamt Sigurði Arnari Pálssyni aðstoðarökumanni. Hann hefur keyrt af miklu öryggi í sumar og leiðir 1600-flokk. Halldór þakkar það öruggum akstri, góðum undirbúning og hjálmhettu sem hélt þeim félögum inni í einni keppninni þegar henni var skipt út fyrir ónýta loftsíu en það er bara týpískt rallý segir hann. Uppáhaldsleið Halldórs er Djúpavatnsleið, sem hefur allt sem þarf í einni sérleið að hans mati. „Þetta er mjög krefjandi leið sem breytist gríðarmikið eftir veðri og sífellt hægt að bæta tímann með því að finna nýjar aksturslínur," segir Halldór.

„Ég hafði lengi hugsað mér að taka þátt í rallakstri eða alveg frá barnsaldri og eftir að hafa búið í Danmörku í fimm ár þá ákvað ég bara að slá til um leið og ég flutti aftur heim," svaraði Halldór er ég forvitnaðist um tilveru hans í rallý. Hann hafði fylgst vel með síðustu tveimur keppnum árið 2008 og fann þar bílinn sem hann hugðist kaupa.

Halldór hefur reynslu af flestum akstursíþróttum en hann hefur unnið við keppnishald í mörgum þeirra í gegnum tíðina. Hann hefur meðal annars haldið torfærukeppni í Bretlandi. „Að starfa við keppnishald er frábær leið til þess að kynnast sportinu og fólkinu sem auðveldar allt þegar á hólminn er komið."

Það liggur beinast við að spyrja nýliða um kostnað við þátttöku í ralli. „Það hefur reyndar komið mér á óvart hversu lítill tilkostnaður hefur verið í sumar," segir Halldór og bætir við: „Ég fór þá leið að kaupa rallýbíl með gífurlegu safni af varahlutum og það hefur hjálpað mér mikið enda pantar maður ekki frá útlöndum eins og menn gerðu árið 2007. Rall getur verið mjög dýr íþrótt en það er líka hægt að fara ódýru leiðina."

„Rallakstur reynir gífurlega á bílana og jafnvel þó að þeir séu sérstaklega styrktir þá er alltaf eitthvað sem losnar, brotnar eða færist úr stað og maður byrjar á að lagfæra þessa hluti. Síðan er mjög mikilvægt að gefa sér góðan tíma til þess að skoða þær sérleiðir sem eknar verða og útbúa leiðarnótur. Því meiri tíma sem maður hefur því betra því ef þú finnur þér ekkert að gera þá ertu ekki að gera nóg." - eör

# Rallý er ævintýri



Það er von mín að sérblað þetta um Rallý Reykjavík verði skemmtileg og áhugaverð lesning. Útgáfa þessa blaðs er stórt skref fram á við og jákvætt framlag frá Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur. Rallý Reykjavík fær hér kynningu og umfjöllun í blaði sem dreift er frítt til allra landsmanna. Sýning er haldin samhliða keppninni í Perlunni þar sem fólk getur komist í nálægð við keppendur og keppnishaldara.

Á baksíðu blaðsins eru handhægar upplýsingar um rallý, sett hefur verið upp rásröð og leiðabók, áhorfendum til halds og trausts, nú er tækifærið að njóta þess mikla ævintýris sem það getur verið að fylgjast með rallý.

Rallý Reykjavík kemur til þín en fjórar sérleiðar verða keyrðar um Gufunesið og því lítið mál að „fara á völlinn". Þeir sem vilja meira fylgja einfaldlega leiðbeiningum í áhorfendaleiðabók sem er á bakhlið sérblaðsins og fá nánari upplýsingar hjá félagsmönnum BÍKR í Perlunni.

En rallý er ekki búið fyrr en það er búið segir einhvers staðar og á það vel við hér. Þessi glæsilega 30 ára afmælishátíð, sýning í Perlunni og útgáfa þessa blaðs er góð byrjun. Rallý á Íslandi þarf mun meiri umfjöllun, það þarf að komast aftur í sjónvarp og fá þar þá umfjöllun sem keppendur eiga skilið. Keppendur hafa lagt mikið upp úr útliti bílanna á síðustu misserum og margir eiga hrós skilið fyrir að setja myndbrot innan úr bílunum á netið og halda úti metnaðarfullum heimasíðum með myndum og reynslusögum.

*Elvar Örn Reynisson*

## ÁHORFENDALEIÐABÓK

Mætingartímar eru lokunartímar leiða og því gott að vera fyrr á ferðinni en ella til að tryggja það að fá að fara inn á leiðina. Hér að neðan eru tillögur að því hvar fólk getur komið sér fyrir og horft á keppnina. Munið að fara aldrei af stað inn á sérleið nema eftir að eftirfari hefur ekið framhjá og opnað þannig leiðina.

### 13. ágúst 2009

| Sérleið | Mæting |
|---|---|
| Djúpavatn suður | 16:30 |
| Gufunes / Gæðamold 1 | 19:00 |
| Gufunes / Gæðamold 2 | 19:30 |

Viðgerðarhlé á bílaplani Shell Select við Vesturlandsveg.

**Djúpavatn:** Farið inn u.þ.b. 9 km á leiðina (veg 428) við Vatnsskarðsnámur, en þá er komið að pípuhliði. Þar eru klappir og venjulega mikið að gerast. Sérleið sem að hefur upp á allt að bjóða, hraða kafla og hlykkjótta.

**Gufunes/Gæðamold:** Skemmtileg sérleið í miðju íbúðarhverfi í Grafarvogi, sjá skýringarmynd.

### 14. ágúst 2009

| Sérleið | Mæting |
|---|---|
| Kaldidalur norður | 09:45 |
| Uxahryggir vestur | 14:45 |
| Uxahryggir austur | 14:45 |
| Gufunes / Gæðamold 3 | 19:00 |
| Gufunes / Gæðamold 4 | 19:30 |

Viðgerðarhlé á bílaplani Shell Select við Vesturlandsveg.

**Kaldidalur:** Farið inn á leiðina við gatnamót vega nr. 52 og 550. Ein lengsta sérleið í íslensku rallý, 40 km af krefjandi vegi sem ekinn er fram og til baka þannig að hægt er að sjá bíla aka í báðar áttir.

**Uxahryggir:** Farið inn á leiðina við gatnamót vega 52 og 550.

### 15. ágúst 2009

| Sérleið | Mæting |
|---|---|
| Bolabás norður 2 | 08:45 |
| Bolabás suður 2 | 09:45 |
| Kleifarvatn suður | 12:00 |
| Hvaleyrarvatn | 13:15 |

Samansöfnun og verðlaunaafhending við Perluna kl. 14:30

**Bolabás:** Leiðin hefst á vegi 550 við hestamiðstöðina að Skógarhólum. Sérleiðin er öll á malbiki og gríðarlega hröð. Leiðin er ekin fram og til baka.

**Hvaleyrarvatn:** Ekið um útivistarsvæði vestan við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði, stutt sérleið í jaðri bæjarins.

**Kleifarvatn:** Farið eftir Krýsuvíkurvegi á eiðið milli Lambhagatjarnar og Kleifarvatns. Mjög hröð og skemmtileg leið.

## RÁSLISTI

| RÁS-NR | KEPPNIS-NR | ÖKUMAÐUR | AÐSTOÐARÖKUMAÐUR | BIFREIÐ |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | Jón Bjarni Hrólfsson | Sæmundur Sæmundson | Mitsubishi Lancer EVO 7 |
| 2 | 41 | Stuart Jones | Ísak Guðjónsson | Mitsubishi Lancer EVO X |
| 3 | 5 | Fylkir Jónsson | Elvar Jónsson | Subaru impreza STI |
| 4 | 7 | Páll Harðarson | Aðalsteinn Símonarson | Subaru Impreza WRX STi |
| 5 | 8 | Jóhannes V. Gunnarsson | Björgvin Benediktsson | Mitsubishi Lancer EVO 7 |
| 6 | 42 | Mick Jones | Daniel Sigurðarson | Mitsubishi Lancer EVO 5 |
| 7 | 18 | Aðalsteinn Jóhannsson | Heimir Snær Jónsson | Mitsubishi Lancer EVO 6 |
| 8 | 9 | Sigurður Óli Gunnarsson | Elsa Kristín Sigurðardóttir | Toyota Celica GT4 |
| 9 | 10 | Hilmar Bragi Þráinsson | Eyjólfur Guðmundsson | Honda Civic |
| 10 | 35 | Hlöðver Baldursson | Baldur Hlöðversson | Toyota Corolla |
| 11 | 20 | Magnús Þórðarson | Bragi Þórðarson | Mazda 323 Trend |
| 12 | 12 | Guðmundur Snorri Sigurðsson | Guðleif Ósk Árnadóttir | Peugeot 306 S16 |
| 13 | 21 | Halldór Vilberg Ómarsson | Sigurður Arnar Pálssson | Corolla TwinCam |
| 14 | 19 | Júlíus Ævarsson | | TBN Toyota Honda Civic |
| 15 | 25 | Dali (Örn Ingólfsson) | Óskar Hreinsson | Trabant 601L |
| 16 | 22 | Guðmundur Orri McKinstry | Hörður Darri McKinstry | Tomcat 100RS |
| 17 | 24 | Ásta Sigurðardóttir | Tinna Viðarsdóttir | Jeep Cherokee |
| 18 | 6 | Marian Sigurðsson | Jón Þór Jónsson | Jeep Cherokee XJ 4.0 |
| 19 | 30 | Sighvatur Sigurðsson | Andres Freyr Gíslason | Mitsubishi Pajero Sport |
| 20 | 11 | Eyjólfur Melsteð | Baldur Jezorski | Jeep Grand Cherokee |
| 21 | 43 | Alan Paramore | Jon Knighton | Land Rover Wolf XD |
| 22 | 44 | Ian Sykes | Frances Sykes | Land Rover Freelander |
| 23 | 23 | Þorsteinn Svavar McKinstry | Þórður Andri McKinstry | Tomcat TVR 100 RS HC |
| 24 | 45 | Steve Partridge | Jim Eaton | Land Rover Wolf XD |
| 25 | 46 | Duncan Lilwall | Curtis McKerlie | Land Rover Wolf XD |
| 26 | 47 | Paul Wright | Tom Aldridge | Land Rover Wolf XD |
| 27 | 48 | Ewen Christie | Ross Cookman | Land Rover Wolf XD |



● **ÁHAFNIR Í RALLÝ** Hver áhöfn samanstendur af ökumanni og aðstoðarökumanni. Hlutverk ökumannsins er augljóst en aðstoðarökumaðurinn hefur það verkefni að lesa leiðanótur. Þetta gerir ökumanninum kleift að aka hraðar yfir blindhæðir og stilla bílnum vel upp fyrir beygjur, þar sem hann veit nákvæmlega hvað er fram undan. Til að dæmi sé tekið gæti „H5 50 Hæð5 100 V2" þýtt frekar opin hægri beygja, 50 metrar, beint yfir blindhæð, 100 metrar í krappa vinstri beygju. Einfalt, ekki satt? *-jbj*

● **AÐ HORFA Á RALLÝ**

Ef til stendur að horfa á rallý er rétt að benda á nokkur atriði. Skoðið tímaáætlun vandlega. Best er að láta einhvern vanan skipuleggja ferðina svo tryggt sé að ekki sé komið of seint á staðinn. Ef fara á frá einni sérleið til annarar þarf að gera ráð fyrir því að leiðin er lokuð þar til eftirfari hefur farið framhjá. Yfirleitt eru bestu staðirnir þar sem fleira fólk er að finna. Látið aðra (og oft reyndari) sjá um að velja staðina, því leikmaður sér ekki alltaf fyrir fram hvaða staðir eru bestir.

Leggið bílum ekki of nærri veginum, grjótkast frá rallýbílum er mikið og skemmir mikið. Leggið hvorki né standið í beinni línu eftir beina kafla eða í utanverði beygju. *bikr.is*




# Stytta nám hjá öldungunum

Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð hefur ákveðið að taka upp breytt námsfyrirkomulag í haust. Verður svokallað lotukerfi tekið upp þannig að önninni verður skipt í tvær lotur.

„Við erum að svara því kalli hjá öldungum að flýta náminu. Við skiptum önninni í tvennt og fólk getur tekið frá fáum og upp í mjög marga áfanga eftir hentugleika hvers og eins,“ segir Aðalheiður Dröfn E., deildarstjóri öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð. „Fólk sem er í vinnu á erfitt með að taka námið á hefðbundnum menntaskólatíma, þannig að það er oft í námi í sex, sjö eða átta ár og finnst langt að markinu.“

Aðalheiður segist halda að meiri samfella verði í náminu með breyttu fyrirkomulagi. „Fólk verður í færri greinum í einu og getur stytt námstímann um helming,“ útskýrir Aðalheiður Dröfn, sem segir breytinguna mælast vel fyrir hjá nemendum. *- mmf*



**Aðalheiður Dröfn segir hið breytta námsfyrirkomulag mælast vel fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**● DANS FYRIR ÞRIGGJA ÁRA BÖRN** Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar er einn af stærstu dansskólum á landinu en starfsemin fer fram í Auðbrekku 17 í Kópavogi.

Í vetur verður boðið upp á almenna barnadansa, standard suðurameríska dansa, salsa, gömlu dansana og freestyle-djassballett. Dansskólinn er með námskeið fyrir alla aldurshópa, bæði fyrir byrjendur og framhaldsnema.

Boðið verður upp á þá nýjung að vera með barnadansa fyrir þriggja ára börn. Áður var aldurstakmarkið á námskeið skólans fjögur ár.






**Markmið Opna háskólans er að virkja þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með stuttu og hagnýtu námi.**

## Margt í boði í Opnum háskóla

Opni háskólinn mun á haustönn bjóða áfram upp á fjölbreytt úrval diplómanámsleiða; nám samhliða vinnu. Nokkrar nýjungar verða á boðstólum og meðal þess verður diplómanám í markaðssamskiptum og almannatengslum, en nám í þeim fræðum hefur ekki verið í boði hér á landi áður. Skráning í diplómanámið er í fullum gangi og opið er fyrir umsóknir á www.opnihaskolinn.is.

Vegna mikillar eftirspurnar mun Opni háskólinn áfram bjóða námskeið fyrir stjórnarmenn fyrirtækja og stofnana: Ábyrgð og árangur stjórnarmanna. Markmið námskeiðsins er að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika íslenskra fyrirtækja með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna.

Meðal annarra nýjunga í starfi Opna háskólans er diplómanám í flutningafræðum, mannauðsstjórnun, verkefnastjórnun og markþjálfun. Einnig er boðið upp á örnámskeið fyrir stjórnendur í fjárnámi: Þekkingarbrunnur stjórnenda.

Fjöldi erlenda nemenda sækir einnig nám hjá Opna háskólanum. Meðal annars má nefna hóp nemenda frá Úganda sem var hér í sumar á frumkvöðlanámskeiði, þjálfun þjálfara. Hópurinn fékk leiðsögn í hvernig skal fanga viðskiptatækifæri og láta viðskiptahugmynd verða að veruleika. Í kjölfar námskeiðsins á Íslandi mun hópurinn fara um allt Úganda og kenna og miðla þessari þekkingu áfram.

Í ágúst kemur hópur stjórnenda frá sjávarútvegsfyrirtækjum í Kína til að læra um fiskveiðistjórnun og siglingareglur. Um er að ræða fyrsta hóp erlendra stjórnenda á námskeiðslínu um sjávarútveg og fiskveiðistjórnun.

*Nánar á www.ru.is*

HAUSTÖNN 2009

Öldungadeild MH

ævinlega í fararbroddi

◆ Viltu hefja nýtt nám, rifja upp eða bæta við þekkingu þína?

◆ Viltu flýta fyrir þér í náminu?

◆ Viltu einbeita þér að færri námsgreinum í einu?

◆ Þá er Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð lausnin

◆ Næsta skólaár er nemendum gefinn kostur á að stunda námið á tvöföldum hraða

Önninni er skipt í tvær lotur – þannig er hægt að taka fleiri áfanga á önn, nemendur geta einbeitt sér að færri námsgreinum í einu og meiri samfella verður í náminu.

Fyrri lotan er frá 24. ágúst til 9. október.
Seinni lotan er frá 20. október til 7. desember.
Hver áfangi er kenndur tvisvar í viku, alls 3 klst.
Kennsla fer fram seinnipart dags frá mánudegi til fimmtudags.




**Miðgarðsormurinn** er ógnarlangur ormur sem nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð hafa verið að búa til í tvo áratugi. Hann er líkt og menntavegurinn – gerður af sköpunarkrafti og iðni.

**Innritun** í deildina er í fullum gangi á vef skólans www.mh.is.
Jafnframt verður innritað í MH fimmtudaginn 20. ágúst kl. 9–12 í símum 595 5207 og 595 5200 og á skrifstofu skólans kl. 12–18.

Flest öll stéttarfélög taka þátt í menntunarkostnaði félaga sinna.

Kennsla hefst mánudaginn 24. ágúst.

**Heimsækið okkur á mh.is**

Í POKAHORNINU

# Atvinnulausir geta sótt um námsstyrki

**Atvinnuleitendur geta sótt um fjárstyrk hjá Vinnumálastofnun til að fara í nám eða á námskeið. Sigurður P. Sigmundsson segir það geta styrkt stöðu viðkomandi á atvinnumarkaði.**



Sigurður segir Vinnumálastofnun eingöngu styrkja þá til að stunda nám sem uppfylla tiltekin skilyrði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við styrkjum atvinnulausa með ýmsu móti og er ein leiðin að veita þeim fjárstyrk til að geta stundað nám eða sótt námskeið að gefnu því að ákveðnar forsendur séu fyrir hendi og tiltekin skilyrði uppfyllt,“ segir Sigurður P. Sigmundsson, sviðsstjóri rekstrarsviðs Vinnumálastofnunar í Hafnarhúsinu.

Hann bendir á að í fyrsta lagi sé ekki sjálfgefið að atvinnulausir fái fjárstyrk. „Það verður að vera sameiginleg niðurstaða atvinnuleitanda og ráðgjafa,“ útskýrir hann og bætir við að þar sem markmiðið sé að auka möguleika viðkomandi á íslenskum atvinnumarkaði sé aðeins horft til starfstengds náms.

„Þarna er auðvitað átt við nám eða námskeið sem hæfa atvinnuleitanda og nýtast honum í atvinnuleit, hvort sem það tengist skrifstofustörfum, bókhaldi, photoshop eða öðru. Nám sem tengist eingöngu áhugamálum viðkomandi er síður inni í myndinni eða annað sem ekki er talið að muni styrkja hann á vinnumarkaði.“

Í öðru lagi segir Sigurður frekar horft til styttri námskeiða eða náms. „Þetta er hugsað til skemmri tíma, kvöld- eða helgarnámskeið falla undir það og helst er engin tilslökun í því,“ útskýrir hann og bætir við að gott framboð sé af slíkum námskeiðum. „Svo getur teygst á því, stundum upp í þrjá mánuði.“

Fjárstyrk til að stunda nám eða námskeið segir hann jafnframt eingöngu standa atvinnulausum til boða, en ekki þeim sem eru með skert vinnuhlutfall. „Enda er það fólk ekki atvinnulaust, í leit að vinnu.“

En hversu hár er styrkurinn? „Hann getur að hámarki numið 50 prósentum af námsskeiðsgjaldi en verður ekki hærri en 70.000 krónur á önn eða á hverjum þrettán vikum,“ segir Sigurður og bætir við að stéttarfélög styrki einnig atvinnuleitendur til að stunda atvinnutengt nám eða námskeið. „Svo má nú gera ráð fyrir að fólk greiði hluta af þessu sjálft.“ *- rve*






Bjarki fékk fyrstu verðlaun fyrir viðskiptaáætlun sína að fyrirtækinu Menntamönnum sem hann er að stofna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hef sterka hvöt til að kenna

**Menntamenn nefnist fyrirtæki í burðarliðnum sem mun sérhæfa sig í stuðningskennslu fyrir grunn- og framhaldsskólanema. Það verður til húsa í Menntaskólanum við Sund. Sá sem stendur á bak við það er Bjarki Gunnarsson, mastersnemi í verkfræði.**

„Til að byrja með verður hægt að panta einkakennslu og skrá sig á námskeið fyrir fjóra til sex,“ segir Bjarki um fyrirkomulag kennslunnar hjá Menntamönnum. „Kennarinn er í góðum tengslum við nemendur á svo litlum námskeiðum og þeir eru ófeimnir við að leita aðstoðar,“ segir hann og kveðst tala af reynslu. „Það er svo algengt í stórum bekkjum að kennarinn útskýri eitthvað sem aðeins helmingur nemendanna skilur en hinir þora ekki að spyrja af ótta við að gera sig að fífli,“ útskýrir hann. Kennslan fer fram eftir að venjulegum skóladegi lýkur klukkan fimm og staðurinn er Menntaskólinn við Sund. Þar er þægileg og aðgengileg aðstaða að sögn Bjarka.

Bjarki kveðst hafa stundað talsverða einkakennslu jafnframt sínu námi, einkum í stærðfræði. Þó hafi verið lítið um hana síðustu tvö árin nema hvað einn nemandi úr MR hafi beðið hann um aðstoð síðastliðið vor. „Þá fann ég hvað ég hafði sterka hvöt til að kenna og gat varla talað um annað við kærustuna mína en að mig langaði að stofna fyrirtæki kringum svona stuðningskennslu.“

Þess má geta að í sumar var Bjarni einn þeirra 300 sem sóttu frítt námskeið í Háskólanum í Reykjavík um stofnun fyrirtækja. Þar skiluðu um tuttugu manns inn viðskiptaáætlunum og hann hlaut fyrstu verðlaun fyrir þeim hópi fyrir viðskiptaáætlunina að því fyrirtæki sem hann er nú að koma á fót.

Hann segir þjónustu þess standa grunn- og menntaskólanemum til boða en einnig muni einhver námskeið kennd á háskólastigi, þá aðallega í raungreinum enda sé hann búinn að fá nokkra kennara til liðs við sig í þeim greinum og einnig frönsku, spænsku og dönsku. „Svo er ég að leita að fleirum í hópinn, til dæmis kennara í íslensku og þýsku.“

Nú vinnur Bjarki meðal annars að því að setja upp heimasíðu Menntamanna www.study.is sem á að verða komin í gagnið innan fárra daga. *- gun*



Böðvar Bjarki segir undirbúning erlendrar deildar í fullum gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Erlend kvikmyndadeild

„Stærstu tíðindin hjá okkur eru að við stefnum á að opna erlenda deild. Markmiðið er að hún fari í gang um áramótin,“ segir Böðvar Bjarki Pétursson, stjórnarformaður Kvikmyndaskóla Íslands. „Það einkennilega við þessa kreppu er að Ísland hefur verið auglýst óskaplega vel úti í heimi. Það hefur gert það að verkum að við höfum fengið fjölda fyrirspurna alls staðar að úr heiminum.“

Vegna erlendra fyrirspurna setti Kvikmyndaskólinn af stað markaðsátak og opnaði heimasíðuna www.icelandicfilmschool.is. „Hún er opin núna. Við auglýstum líka á Facebook í nokkra daga og fengum tugi fyrirspurna,“ útskýrir Böðvar.

Að sögn hans verður deildin uppbyggð eins og sú íslenska og mun starfa við hlið hennar. „Hún verður hér á Íslandi hjá okkur. Við ætlum okkur að flytja inn nemendur í stórum stíl og búa til gjaldeyri af því að nú erum við orðin samkeppnishæf um verð.“ *- mmf*

# egla bréfabindi í 8 litum

***Veljum íslenskt*** og gerum góða hluti í leiðinni




Íslenskar möppur í skólatöskuna

## Sérprentaðar möppur






Tilvalnar í skólatöskuna

*Veljum íslenskt*
***– okkar hagur!***
Samtök iðnaðarins - www.si.is
SI

MÚLALUNDUR
**s. 562 8500 www.mulalundur.is**



**Háskólinn á Bifröst verður í vetur meðal annars í samstarfi við Rauða krossinn og Listaháskóla Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tvær nýjar leiðir á Bifröst

„Við erum með nýja línu í grunnnáminu sem heitir alþjóðafræði og er að fara af stað í fyrsta skipti núna," segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, kennslustjóri Háskólans á Bifröst. „Um áramótin munum við svo byrja með nám í evrópskum viðskipta- og félagarétti til LLM-gráðu."

Þegar Ingibjörg er innt eftir því af hverju ákveðið hafi verið að bjóða upp á þessar tvær nýju námsleiðir segir hún: „Við höfum fundið fyrir áhuga á þessum leiðum," og heldur áfram: „Drögin að þeim voru lögð í upphafi síðasta árs. Alþjóðafræðin er unnin í samstarfi við Rauða krossinn og beinist í átt að hjálparstörfum."

Ingibjörg segir Bifröst þó einnig hafa verið í samstarfi við Listaháskóla Íslands. „Þar höfum við verið með leið sem heitir Prisma sem við keyrðum tvisvar á síðasta skólaári. Það tókst mjög vel. Það var skemmtilegt að vinna með LHÍ því sá skóli er ólíkur skólanum okkar og þeir dansa vel saman." - mmf



**● FERÐAÞJÓNUSTAN FREISTAR** Umsóknir um nám við ferðamáladeild Háskólans á Hólum eru um 60 talsins fyrir næsta skólaár og það er um 40 prósent fjölgun frá því í fyrra að því er Guðrún Helgadóttir prófessor og stjórnandi þeirrar deildar upplýsir. Fyrir í námi eru um fjörutíu svo nú stefnir í hundrað manna hóp í ferðamáladeild sem skiptist í þrjár brautir, viðburðastjórnun, diplóma í ferðamálafræði og BA-nám í sömu grein sem tekur þrjú ár. Það býðst nú allt í fjarnámi í fyrsta sinn. Þó er lögð áhersla á að nemendur komi heim að Hólum fjórum til sex sinnum á vetri, að sögn Guðrúnar og fyrsta kennsluvikan í hverjum árgangi sé ávallt þar.

Spurð um ástæður hins mikla ferðamálaáhuga landans svarar Guðrún: „Við finnum fyrir óvissuástandinu í þjóðfélaginu eins og allir. Aðstæður fólks eru breyttar og það er meiri hreyfing á því en áður. Fyrirspurnir um nám hafa verið stöðugar frá því fyrrahaust, ekki bara hjá fólki sem hefur misst vinnuna heldur eru líka margir að hugsa um að láta draumana rætast og breyta um starfsvettvang og ferðaþjónusta og viðburðastjórnun eru skemmtileg viðfangsefni." - gun

# Ný skólabygging verður tilbúin um áramótin

Nýbygging Háskólans í Reykjavík þýtur upp í sunnanverðri Öskjuhlíðinni. Framkvæmdin er í höndum verktakafyrirtækisins Ístaks. Húsið er þrjátíu þúsund fermetrar að stærð og líkur eru á að hægt verði að taka tvo þriðju þess í notkun um næstu áramót, að sögn Þorkels Sigurlaugssonar framkvæmdastjóra.

„Við stefnum að því að flytja inn í 22.000 fermetra húspláss í nýju byggingunni í byrjun næsta árs og tæma þá húsnæðið í gamla Morgunblaðshúsinu í Kringlunni 1 og á Höfðabakka 9. Hins vegar ætlum við að halda húsinu í Ofanleiti til haustsins 2010, þá á allt nýja húsið að verða tilbúið."

Þorkell segir Háskólann í Reykjavík ekki eiganda húsnæðis, hvorki þess nýja né gamla, heldur sé um langtímaleigu að ræða í báðum tilvikum. - gun



**Hið nýja hús Háskólans í Reykjavík tekur óðum á sig endanlega mynd í höndum smiðanna hjá Ístaki.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jökull Ólafsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. júlí. Útförin fer fram í Digraneskirkju fimmtudaginn 13. ágúst kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Jóhann Ólafur Jökulsson** — **Þorbjörg Jóna Guttormsdóttir**
**Guðný Unnur Jökulsdóttir** — **Helgi Pétursson**
**Sonja Jóhannsdóttir**
**Logi Jóhannsson**
**Ágúst Benóný Helgason**
**Atli Stefán Helgason**



*Elskuleg móðir mín og systir okkar,*

**Unnur Ketilsdóttir**

frá Ísafirði, Kleppsvegi 120, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. ágúst kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS eða Minningarsjóð Skjóls.

**Auður Bjarnadóttir**
**Ása Ketilsdóttir**
**Dóra Ketilsdóttir**
**Guðmundur Ketilsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Steinar Þórólfsson**

frá Hraunkoti, til heimilis að Skarðshlíð 38f, Akureyri,

lést laugardaginn 8. ágúst á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 10.30.

**Halldóra Vilhelmsdóttir**
**Sigurður Vilhelm Steinarsson** — **Ágústa Kristín Bjarnadóttir**
**Þóra Björg Steinarsdóttir** — **Davíð Kristinsson**
**Jón Gunnar Steinarsson** — **Kristín Skjaldardóttir**
**Kristján Geir Steinarsson** — **Eydís Linda Kristinsdóttir**
**Sigrún María Steinarsdóttir** — **Elmar Arnarson**
**Hermann Ingi Steinarsson**
**og barnabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Unnars Erlings Björgólfssonar**

Barðastöðum 7, áður til heimilis á Eskifirði.

**Jónína Jónsdóttir**
**Helga Kristín Unnarsdóttir** — **Oddur Sigurðsson**
**Heiður Unnarsdóttir**
**Bjarki Unnarsson** — **Dröfn Þórisdóttir**
**Björk Unnarsdóttir** — **Bogi Nils Bogason**
**og afabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Marinósson**

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 10. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir** — **Gísli Blöndal**
**Guðrún Guðmundsdóttir** — **Rúnar Helgi Vignisson**
**Christian Marinó, Arnar Már, Guðmundur Ragnar, Ísak Einar og Þorri Geir.**

**WILLIAM BLAKE LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1827.**

*„Sannleikur sem er sagður af illum ásetningi er verri en allar lygar."*

***Blake var enskt skáld, listmálari og bókagerðarmaður. Foreldrar hans voru utankirkjufólk og Blake varð ungur fyrir miklum áhrifum frá Biblíunni. Þá hélt hann því fram frá unga aldri að hann sæi sýnir.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 12. ÁGÚST ÁRIÐ 1957

## *Stöðumælar teknir í notkun*



Þennan dag árið 1957 voru stöðumælar teknir í notkun í Reykjavík. Þá voru settir upp 274 mælar og við flestar götur var gjaldið ein króna fyrir fimmtán mínútur og tvær fyrir hálftíma, sem var hámarkstími í miðborginni. Þar sem voru bílastæðatorg, eins og við Kirkjutorg, við Hótel Ísland í Austurstræti og á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, var gjaldið helmingi lægra og hægt að greiða fyrir allt að tvo tíma í einu.

Carl C. Magee fann upp fyrsta stöðumælinn og var sá fyrsti settur upp í heimaborg hans Oklahoma hinn 16. júlí árið 1935. Fyrstu stöðumælarnir voru með peningarauf og sveif til að setja klukkuna í gang ásamt vísi sem sýndi hversu mikið var eftir af þeim tíma sem bíllinn mátti vera í stæðinu. Slíkir mælar voru notaðir nánast óbreyttir í fjörutíu ár en rafrænir stöðumælar með stafrænum skjá komu fram á sjónarsviðið um miðjan níunda áratuginn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Þórarinn Ingibergur Ólafsson**

Iðavöllum 4, Grindavík,

andaðist að dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík þriðjudaginn 4. ágúst. Útförin verður frá Grindavíkurkirkju næstkomandi föstudag klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Grindavíkurkirkju njóta þess.

**Guðveig Sigurlaug Sigurðardóttir**
**Sævar B. Þórarinsson** — **Edda Axelsdóttir**
**Helga Þórarinsdóttir** — **Hjörtur Gíslason**
**Ingibjörg Þórarinsdóttir Bartley**
**Svala Þórarinsdóttir Heller** — **Thomas Heller**
**afa- og langafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Hauks Júlíussonar**

Klapparhlíð 1, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarþjónustunnar Karitas, Helga H. Helgasyni lækni og öllu starfsfólki 11-B og 11-E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Lára I. Ágústsdóttir**
**Ingibjörg Hauksdóttir** — **Sverrir Ólafsson**
**Þór Hauksson** — **Guðný María Jónsdóttir**
**Ásgerður Hauksdóttir** — **Þorsteinn Bjarnason**
**og barnabörn.**



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur, afi og langafi,*

**Guðmundur Magnússon**

byggingameistari, Akranesi,

er lést á Sjúkrahúsi Akraness 31. júlí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju 14. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Oddfellowstúkurnar á Akranesi eða Sjúkrahús Akraness.

**Ástríður Þ. Þórðardóttir**
**Emil Þór Guðmundsson** — **Guðbjörg Kristjánsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** — **Gunnar Sigurðsson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** — **Jón B. G. Jónsson**
**Þórey G. Guðmundsdóttir** — **Leifur Eiríksson**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




**HEFUR SÉRHÆFT SIG Í HLJÓÐLIST** Dodda Maggý er fyrsti Íslendingurinn sem útskrifast frá Nordic Sound Art. MYND/PJETUR

**DODDA MAGGÝ:** MEÐ MASTERSGRÁÐU Í MYNDLIST OG Í NORDIC SOUND ART

# Vídeó og hljóð

„Ég hef haft í nógu að snúast undanfarin ár enda í tvöföldu námi," segir Dodda Maggý, en hún hefur nýlokið mastersnámi í myndlist við Konunglegu dönsku listaakademíuna í Kaupmannahöfn ásamt nýju námi á mastersstigi sem ber heitið Nordic Sound Art.

„Það er samstarfsverkefni á milli listaháskólanna í Kaupmannahöfn, Malmö, Ósló og Þrándheimi en við vorum níu nemendur sem ferðuðumst á milli þessara skóla og sérhæfðum okkur í hljóðlist. Þrátt fyrir mikinn þeyting er þetta frábært nám sem veitir bæði faglega og tæknilega þekkingu auk þess sem við fengum tækifæri til að kynnast fjölda fólks í faginu," segir Dodda Maggý en hún er fyrsti Íslendingurinn sem lýkur þessu námi. Hún hefur verið búsett í Malmö í Svíþjóð undanfarin ár en er nýkomin aftur til landsins.

Dodda Maggý tvinnar menntunina saman í verkum sínum en hún vinnur að mestu með vídeó, hljóð og tónlist. „Ég reyni að skapa einhvers konar andrúmsloft eða tilfinningu og bý til eins konar sögur sem eru þó mjög opnar fyrir túlkun áhorfandans."

Útskriftarverkefni Doddu Maggýar voru eðli málsins samkvæmt tvö. „Útskriftarverkefnið mitt frá Nordic Sound Art heitir Lucy en verkefnið frá Konunglegu dönsku listaakademíunni í Kaupmannahöfn I'm not here. Hið fyrrnefnda er hljóð- og vídeóverk en hið síðarnefnda hljóðlaust vídeóverk."

Listsköpun Doddu Maggýar hefur farið víða en hún hefur tekið þátt í fjölda myndlistarsýninga víðs vegar um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum, Kanada, Englandi, Skotlandi, Nýja-Sjálandi, Hong Kong, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Spáni, Eistlandi, Lettlandi og á Íslandi. Sýningin Rotate, sem er á vegum Vane-gallerísins sem Dodda Maggý hefur unnið með undanfarin ár, stendur nú sem hæst í Contemporary Art Society í London en þar er að finna verk eftir hana og sextán aðra listamenn. Sýningunni lýkur hinn 25. september.

vera@frettabladid.is



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Trausti Adolf Ólason**

Ásholti 2a, Hauganesi,

lést að heimili sínu laugardaginn 8. ágúst. Útförin fer fram í Stærri-Árskógskirkju föstudaginn 14. ágúst kl. 16.00.

**Þorvaldur Traustason** — **Arnleif Gunnarsdóttir**
**Víkingur Traustason** — **Harpa Pálsdóttir**
**Hermann Traustason** — **Gerður Þorvaldsdóttir**
**Örn Traustason** — **Berglind Sigurðarsóttir**
**Anna Traustadóttir** — **Kristinn Sigfússon**
**Sigríður Traustadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Allt fyrir skólann!
Troðfullar búðir af skólavörum...
Frábært úrval af flottum skólatöskum
38% AFSLÁTTUR
495 kr.
Verð áður 798 kr.
38% AFSLÁTTUR
49 kr.
Verð áður 79 kr.
30% AFSLÁTTUR
279 kr.
Verð áður399 kr.
35% AFSLÁTTUR
129 kr.
Verð áður 199 kr.
33% AFSLÁTTUR
STABILO
Exam Grade
A4
Skrifstofa og skóli
Smáratorgi 1 / Glerárgötu 34
Sími 515 5150 / www.a4.is

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008/2009 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 557, 25. júní 2009**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:
**Bolungarvík**
**Langanesbyggð (Þórshöfn, Bakkafjörður)**

Fyrir neðangreind byggðalög vísast auk reglugerðarinnar til sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 689/2009 í Stjórnartíðindum.
**Strandabyggð (Hólmavík)**
**Stykkishólmur**
**Tálknafjarðarhreppur**
**Árneshreppur (Norðurfjörður)**
**Grýtubakkahreppur (Grenivík)**
**Dalvíkurbyggð (Dalvík, Hauganes, Árskógssandur)**
**Fjallabyggð (Siglufjörður, Ólafsfjörður)**
**Sveitarfélagið Skagaströnd**
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2009.

Fiskistofa, 11. ágúst 2009.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Æskulýðssjóður

Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er 1. september 2009.

Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:
1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.
Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa.
Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni http://umsoknir.stjr.is.
Nánari upplýsingar um Æskulýðssjóð og umsóknarferlið er að finna á vef menntamálaráðuneytis. Einnig veitir Valgerður Þórunn Bjarnadóttir upplýsingar í síma 545 9500 eða í tölvupósti á valgerdur.thorunn.bjarnadottir@mrn.stjr.is

Menntamálaráðuneyti, 10. ágúst 2009.
menntamálaráðuneyti.is







NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

# *Að sjá eftir því að sjá eftir nokkru*

Ég sá um daginn stutt viðtal við konu sem nýlega varð hundrað ára, eins og nokkrir Íslendingar þetta sumarið. Hún sagðist sjá eftir því einu að hafa ekki átt kærasta eftir að maður hennar dó. Þarna sat hún, hundrað ára og hress miðað við aldur, og gat nefnt það eitt sem hún sá eftir í lífinu. Mig langaði til að gráta.

Það að sjá eftir einhverju er líklega það hræðilegasta sem til er. Sú tilfinning skánar aldrei, hún hverfur ekki eða dofnar. Hún, líkt og konan góða sýndi fram á, festist í fólki og plagar það eins og sár sem aldrei grær. Að sjá eftir því sem aldrei hefur gerst er verra en að skammast sín fyrir það sem átti sér stað. Fyrir það er hægt að bæta, biðjast afsökunar og reyna að gleyma. Það sem gerðist ekki er aðeins til í huga þér og hefur því talsvert meira tangarhald á þínu daglega lífi, líkt og þráhyggja sem heldur fyrir þér vöku. Samviskan verður sefuð með tímanum.



Líklega kemst enginn hjá því að sjá eftir einhverju, kannski er þetta ein af þessum gáfum sem það að vera ekki siðblindur tryggir manni, gerir mann mennskan.

Það sem ég sé eftir er yfirleitt tengt samskiptum mínum við annað fólk. Ég sé eftir að hafa ekki sagt því (oftar) að ég elskaði það, að hafa ekki tekið af skarið, að hafa aldrei átt góðan trúnó heldur haldið í mitt sporðdrekaeðli og spilað á dulúðinni. Ég sé eftir að hafa ekki opnað mig inn í kviku og leyft öðrum að sjá, óhrædd við höfnunina.

En batnandi manni er best að lifa. Ég hef sett mér markmið. Ég veit hvað ég vil. Þegar ég verð hundrað, ef ég verð hundrað, þá ætla ég að geta sagt með stolti: Ég sé ekki eftir neinu. Ég sé ekki eftir neinu.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




MORGUNBLAÐIÐ




FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...




Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðnu, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



> SEST Á SKÓLABEKK

Leikkonan Ashley Judd, sem er þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Kiss the Girls, mun hefja meistaranám í almennri stjórnsýslu við hinn virta Cambridge-háskóla í haust. Leikkonan hefur lítið leikið síðastliðin ár en þess í stað einbeitt sér að mannúðarstarfi. Fyrir er Judd með gráðu í frönsku frá Háskólanum í Kentucky.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hjálmar sýna heimildarmynd

Ný heimildarmynd eftir Bjarna Gríms og Frosta Jón Runólfsson um för hljómsveitarinnar Hjálma til Jamaíka verður frumsýnd föstudaginn 21. ágúst kl. 21 í Austurbæ. Eftir sýningu myndarinnar leika Hjálmar lög af plötu sem er væntanleg í september. Með þeim á tónleikunum kemur fram Cat Coore, söngvari hljómsveitarinnar Third World, sem stjórnaði upptökum á plötunni á Jamaíka, auk þess sem fleiri þarlendir tónlistarmenn eru væntanlegir. Einnig stígur með þeim á svið brasssveit Samúels J. Samúelssonar. „Ég held að þetta verði svolítið skemmtilegt. Við leggjum alla vega allt í þetta,“ segir Kiddi í Hjálmum. Hann segir að heimildarmyndin, sem heitir Hærra ég og þú, sé æðislega góð. „Ég vissi ekki hverju ég átti von á því maður veit aldrei með svona myndir en hún kom mér mjög á óvart.“



**HJÁLMAR** Hljómsveitin Hjálmar frumsýnir heimildarmyndina Hærra ég og þú í Austurbæ 21. ágúst.

Myndin var tekin upp í maí á þessu ári á meðan Hjálmar dvöldu á Jamaíka við upptökur í hljóðverunum Tuff Gong og Harry J. í höfuðborginni Kingston. Myndin veitir innsýn í hljóðversvinnu hljómsveitarinnar auk þess sem skemmtilegri mynd er brugðið upp af Jamaíka og fólkinu sem landið byggir.

Platan, sem Hjálmar tóku einnig upp í Hljóðrita í Hafnarfirði, nefnist IV. Hún inniheldur tíu lög en heimildarmyndin fylgir jafnframt með í pakkanum. Platan kemur einnig út á vínyl, rétt eins og raunin verður með síðustu þrjár plötur sveitarinnar.

Miðaverð á frumsýningu heimildarmyndarinnar og tónleikana er 2.900 krónur. - fb

# Hannar óléttuföt

**Nicole Richie situr ekki auðum höndum þessa dagana. Hún setti nýverið á markað skartgripalínu og hefur nú tekið að sér að hanna óléttufatnað fyrir merkið A pea in the pod, en Richie er ófrísk og á von á öðru barni sínu í september.**



NICOLE RICHIE

**„Ég reyndi því að hanna fötin þannig að konum finnist gaman að vera í þeim á meðan þær eru ófrískar,“ sagði Richie.**

# Býr yfir töfraformúlunni

**Platan Blue Lagoon Soundtrack 2 með plötusnúðinum Margeiri kemur í verslanir á föstudaginn. Fyrsta platan í seríunni, sem kom út 2006, hefur selst í rúmlega 5.000 eintökum.**

Alls eru sextán lög af fjölbreyttum toga á nýju plötunni. Hljómsveitirnar Air og Bat for Lashes eiga þar lög, auk þess sem Haukur Morthens og Erla Þorsteinsdóttir syngja lagið Þrek og tár frá árinu 1958. Einnig er á plötunni glæný Gluteus Maximus Reworkútgáfa af laginu Hafið með Hjálmum.

Óvenjulegt er að plata með samsettri tónlist seljist í þúsundum eintaka hér á landi en fyrsta Bláa lóns-platan er undantekningin á því. „Mér skilst að þetta sé góður árangur hjá svona tónlist því þetta er ekki beint poppaðasta tónlistin í bransanum,“ segir Margeir, sem fékk hugmyndina að plötunni þegar hann var að spila í Bláa lóninu. Spurður um ástæðurnar fyrir velgengninni segist hann búa yfir sérstakri töfraformúlu til að búa til svona plötu. „Eins og allt sem maður gerir snýst þetta um að vera trúr sjálfum sér og setja smá tilfinningu í verkið. Þú laumar inn perlum sem hafa kannski gleymst og einhverju sem hefur ekki heyrst annars staðar. Og svo klippir þú út öll saxófónsóló,“ segir hann og hlær. „Þetta á að vera þægileg tónlist með smá broddi. Það er heill iðnaður úti í heimi þar sem menn búa til tónlist inn á svona diska og ég hef fengið veður af þessu í gegnum þessa vinnu mína. Hafandi hlustað á alla þessa diska, þótt þeir séu gífurlega vinsælir og ágætir til síns brúks, er eins og það vanti einhverja sál í þá. Þetta er svo augljós fjöldaframleiðsla og það er nokkuð sem ég vil forðast.“



**MARGEIR INGÓLFSSON** Platan Blue Lagoon Soundtrack 2 með Margeiri kemur í verslanir á föstudaginn.

Útgáfutónleikar verða haldnir í Bláa lóninu á laugardaginn á milli 14 og 16. „Þeir sem hafa mætt í Bláa lónið á svona uppákomur vita að það er atburður sem maður má ekki missa af. Það eru einhverjir töfrar sem myndast þegar fólk er ofan í lóninu og tónlistargjörningur fer fram,“ segir Margeir og bætir við að allir séu velkomnir á tónleikana, jafnt fjölskyldufólk sem aðrir.

freyr@frettabladid.is





**RÓLEGUR Á ÞVÍ** Leikendur voru óhrædd-ir við að sýna og gera allt.



**ALLIR VILJA POPP** Ragnheiður Maísól Sturludóttir sá um poppið.



**FÁÐU ÞÉR HYDROXYGAY!** Bjartmar Þórðarson lék hlutverk kynnisins og hvatti fólk til að prófa allt sem var í boði.

# Ögrandi dagskrá

Leiklistarhópurinn Maddý bauð upp á stórbrotna skemmtidagskrá í Austurbæ á mánudaginn í samstarfi við artFart og Gay Pride. Skoðuð voru viðmót til alls sem er hinsegin. Mönnum var kennt að afhommast, sögur fyrrverandi elskhuga sýndar svart á hvítu, myndbönd, gjörningar, myndataka með homma, popp, hydroxygay og fleira var á boðstólnum. Ferðast var um Austurbæ og mættu mörg hundruð manns til að kynna sér gleðina. Listahópurinn er stofnaður af krökkum úr Menntaskólanum við Hamrahlíð, en Tyrfingur Tyrfingsson leikstýrir.



**HOMMI Í BÚRI** Íslenski homminn er sér tegund samkvæmt upplýsingum á þar til gerðu hommasafni.




DALE CARNEGIE
FYRIR UNGT FÓLK

13-15 ára 16-20 ára 21-25 ára

**Kynningarfundur verður haldinn**
fimmtudaginn 20. ágúst,
13-15 ára kl. 19.00, 16-25 ára kl. 20
að Ármúla 11, 3 hæð
Æskilegt að foreldrar mæti með þeim sem fara á námskeið fyrir 13-15 ára

**Næstu námskeið hefjast:**
Mánudaginn 14.september 13-15ára
Miðvikudaginn 16.september 16-20 ára
Þriðjudaginn 22.september 21-25 ára

**Vilt þú...**
...vera einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...vera sáttari við sjálfan þig

www.naestakynslod.is
Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð

næsta kynslóð

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina

Tvöfaldur 1. vinningur
220.000.000
+380.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 220 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 380 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 12. ÁGÚST 2009

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| G.I. JOE LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| CROSSING OVER | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| FUNNY GAMES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 4, 5.45, 8 og 10.20(P) | 12 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 7 og 10 | 16 |
| FIGHTING | kl. 10.10 | 14 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 4 | L |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| G.I. JOE | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8:20 - 11 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8:20D - 10:40D | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |


# Ljósvaki með ókeypis raffönk

Tónlistarmaðurinn Leifur Eiríksson sem kallar sig Ljósvaka hefur gefið út EP-plötu með fimm lögum. Hann lenti í öðru sæti í Músíktilraunum fyrr á árinu og fékk í verðlaun hljóðverstíma sem nýttust vel við gerð plötunnar.

„Þetta er einhvers konar rafpopp með andlegu ívafi. Ég kalla þetta búdda-raffönk," segir Leifur. „Ég blanda elektrói og fönki saman og set grúv-áhrif í annars ógeðslega stíft form."

Hann segir að árangurinn í Músíktilraunum hafi hvatt sig til dáða. „Þá vissi ég að það væri eitthvað varið í þetta. Fyrstu almennilegu tónleikarnir mínir voru í rauninni Músíktilraunir. Ég veit ekki hvort það var feimni eða framtaksleysi að kenna því ég var búinn að semja heima í mörg ár."

Ljósvaki hefur spilað víða að undanförnu, þar á meðal á Jakobsen, B5 og á Prikinu við góðar undirtektir. „Það mæta alltaf fleiri og fleiri á tónleikana og ég geri ráð fyrir að fara að stækka við mig í tónleikadeildinni."

Nýja platan er fáanleg ókeypis til niðurhals á síðunni Coxbutter.com. „Ég vil leyfa sem flestum að heyra og þess vegna hef ég verið að dreifa þessu á Netinu sjálfur," segir þessi efnilegi tónlistarmaður.

- fb



**LJÓSVAKI** Leifur Eiríksson, eða Ljósvaki, hefur gefið út sína fyrstu EP-plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hremmingar Seths Sharp

**Þó að Gay Pride hafi almennt tekist vel reyndist gleðigangan martröð fyrir tónlistarmanninn Seth Sharp, DJ Karel og félaga þegar rafstöðin sem allt byggði á brást og eyðilagði daginn fyrir hópnum.**

„Seth og dansararnir stóðu þess vegna á pallinum eins og illa gerðir hlutir og atriðið fór gjörsamlega í vaskinn. Við fórum alla gönguna og reyndum að syngja án undirleiks en það náði ekki vel í gegn. Það má segja að loftlúðurinn á trukknum hafi því verið tónlistaratriðið okkar í ár," segir Edda Björk Ármannsdóttir „vagnstjóri".

Menn eru nú að koma niður eftir gegndarlausan Gay Pride-fögnuð í Reykjavík um síðustu helgi. Gleðin stóð í marga daga og almennt er talið að hátíðin hafi tekist eins og best verður á kosið. En því miður reyndist sjálf gleðigangan mikil vonbrigði fyrir þau Seth Sharp, DJ Karel, dansarana og Eddu Björk því rafstöðin sem þau fengu á sinn trukk og vagn brást á ögurstundu. Ótrúleg vonbrigði því mikið hafði verið í lagt. Edda segir svo frá: „Fjáröflunin tókst bara vel og tók við vinna við skreytingar á trukknum og vagninum. Laugardagurinn rann upp og spennan magnaðist og þrátt fyrir að sólin hafi ekki komið fram fyrr en eftir hádegi náðum við að klára og og allir voru komnir í svaka gír þar sem við biðum eftir að gangan færi af stað," segir Edda Björk. Hljóðprófanir tókust vel og bjóst því enginn við þeim hremmingum sem fylgdu í kjölfarið. „Þegar gangan fór af stað drap rafstöðin sem við höfðum fengið á sér og þrátt fyrir að tæknimaður hafi reynt sitt besta til að koma henni af stað aftur náði hún aldrei að framleiða rafmagn fyrir hljóðkerfið okkar. Við tókum þetta vissulega nærri okkur, ekki bara okkar vegna sem lögðum ómælda vinnu í skipulagningu, heldur aðallega vegna þeirra sem lögðu okkur lið, bílstjóra, áhorfenda og fyrirtækja og einstaklinga sem gáfu okkur vinninga í happdrættið, og þeirra sem sáu atriðið og vissu ekki hvað hafði komið fyrir. Okkur langar að koma því á framfæri hvað við tökum nærri okkur að atriðið hafi litið út fyrir að vera óskipulagt, ófaglegt og illa unnið. Þetta eyðilagði alveg daginn fyrir okkur öllum," segir Edda Björk.

jakob@frettabladid.is



**DÚETTINN SETH SHARP OG DJ KAREL** Gríðarlegur undirbúningur lá að baki og mikil tilhlökkun ríkti en biluð rafstöð eyðilagði fyrir þeim daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 12. ágúst 2009**

### Tónleikar

**12.00** Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, flytur íslenskar og erlendar kórperlur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.

**12.00** Hilmar Örn Agnarsson organisti og Hjörleifur Valsson fiðluleikari flytja íslensk og erlend verk á orgelandakt í Kristskirkju Landakoti. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Óperukórinn og The New England Youth Ensemble undir stjórn Garðars Cortes, efna til tónleika í Skálholtskirkju þar sem flutt verður óratórían „The Vision of the Apocalypse" eftir Virginiu-Gene Rittenhouse.

**20.00** Dúóið Para-Dís, skipað þeim Hafdísi Vigfúsdóttur og flautuleikara og Kristjáni Karli Bragasyni píanóleikara, flytur verk eftir J.S. Bach, Mozart, Reinecke og fleiri á tónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík.



**20.30** Tríó Andrésar Þórs flytur djassstandarda og frumsamið efni á tónleikum á Kaupvangskaffi við Kaupvang á Vopnafirði.

### Leiðsögn

**15.30** Guðrún Harðardóttir verður með leiðsögn um Nesstofu á Seltjarnarnesi þar sem hún fjallar m.a. um byggingarsögu hússins. Nesstofa er opin alla virka daga í sumar kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

### Leikrit

**18.00** Leikhópurinn Lotta sýnir „Rauðhettu", nýtt íslenskt leikrit með söngvum. Í dag fer sýningin fram í Indíánagili í Elliðaárdalnum.

**19.00 og 21.00** Færeyski leikbólkurinn Huðrar sýnir Óþelló eftir Shakespeare í Iðnó við Vonarstræti. Aðeins þessi eina sýning.

**20.00 og 21.00** Ævar Þór Benediktsson flytur einleikinn Ellý, alltaf góð eftir Þorvald Þorsteinsson. Mæting í Leikhhús-Batteríið að Hafnarstræti 1 en þaðan er gengið stuttan spöl í Þingholtin. Þessi viðburður er í tengslum við artfart-hátíðina. Nánari upplýsingar á www.artfart.is.



### Sýningar

Inga María hefur opnað sýningu á dýralífsmyndum á Mokka, Skólavörðustíg 3a. Opið alla daga kl. 9-18.30.

Ásdís Friðriksdóttir hefur opnað sýningu á kaffihúsi Kaffitárs við Stapabraut 7 í Reykjanesbæ. Opið mán.-föst. kl. 11-16 og lau. kl. 11-16.

Í skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur,Tryggagötu 15, stendur yfir sýning á verkum Stefán Stein. Opið virka daga kl. 12-19 og kl. 13-17 um helgar.

Í Galleríi Ófeigs, Skólavörðustíg 5, hefur verið opnuð samsýning fjögurra glerlistakvenna, Helle Viftrup Kristiansen, Susanne Aaes, Ólafar Sigríðar Davíðsdóttur og Dagnýjar Þrastardóttur. Opið virka daga kl. 10-18 og lau. kl. 11-16.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**STEINARR LOGI NESHEIM** Ætlar að spila lög af væntanlegri sólóplötu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Spilar lög af sólóplötunni

Steinarr Logi Nesheim, söngvari Dead Sea Apple, heldur sína fyrstu sólótónleika á Kaffi Rosenberg í kvöld. Tilefnið er ný plata sem hann er að taka upp.

„Þetta eru lög sem ég hef lagt til hliðar undanfarin tíu ár. Ég hef verið rúmt ár að vinna í þessari plötu og langaði til að prófa að spila þetta. Þetta er allt öðruvísi en Dead Sea Apple eða Kung Fu. Þetta er lágstemmt popp-rokk," segir Steinarr.

Með honum á sviðinu verða Erla Stefánsdóttir, Kristinn Sturluson, Sveinn Kjartansson, Bæring Logason og Hanni Bachmann. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangur ókeypis.

- fb

vodafone Iceland Express 1011 vörður

SPORT 2
enski boltinn

# VERTU MEÐ FRÁ UPPHAFI
# ENSKI BOLTINN
## FYRSTA UMFERÐ UM HELGINA

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

### Á LAUGARDAG

KL. 16:15
**Everton – Arsenal**

| | | |
|---|---|---|
| KL. 11:30 | Chelsea – Hull | |
| KL. 13:45 | Blackburn – Man.City | SPORT 3 |
| KL. 13:45 | Aston Villa - Wigan | SPORT 4 |
| KL. 13:45 | Wolves - West Ham | SPORT 5 |
| KL. 13:45 | Portsmouth - Fulham | SPORT 6 |
| KL. 13:45 | Stoke - Burnley | |
| KL. 18:30 | Mörk dagsins | |

### Á SUNNUDAG

KL. 14:50
**Tottenham – Liverpool**

| | |
|---|---|
| KL. 12:20 | Man.Utd – Birmingham |




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > U-21 árs landslið karla mætir Tékkum

Íslenska U-21 árs landslið karla í fótbolta mætir Tékklandi í undankeppni EM 2011 í dag kl. 15.30 og fer leikurinn fram á KR-velli. Þetta er fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppninni og fyrsti „alvöru“ leikur landsliðsþjálfarans Eyjólfs Sverrissonar eftir að hann tók við liðinu á nýjan leik. Tékkar hafa þegar spilað einn leik í riðlinum en liðið vann þá 0-8 útisigur gegn San Marínó og því má búast við erfiðum leik fyrir íslensku strákana.



sport

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON: VONAST EFTIR JÁKVÆÐUM ÚRSLITUM ÞEGAR ÍSLAND MÆTIR SLÓVAKÍU Í KVÖLD

# *Þurfum að ná upp sjálfstrausti fyrir Noregsleikinn*

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson hefur þurft að gera fjórar breytingar á landsliðshópi sínum fyrir vináttulandsleikinn gegn Slóvakíu á Laugardalsvelli kl. 19 í kvöld vegna meiðsla og veikinda leikmanna. Ólafur er þó hvergi banginn; segir þá leikmenn sem eftir standi vel á sig komna og vonast eftir jákvæðum úrslitum úr leiknum.

„Eins og oft þegar hópurinn er valinn tínist einn og tveir leikmenn úr vegna meiðsla. Það er ekkert óeðlilegt og við bregðumst bara við því. Standið á leikmannahópnum í heild sinni er bara nokkuð gott þó svo að leikmennirnir séu vissulega á mismunandi róli í þjálfun sinni þar sem sumir eru á miðju leiktímabili en aðrir að klára undirbúningstímabil með félögum sínum. Þessi leikur gegn Slóvakíu verður annars svona prufuleikur fyrir leikinn gegn Noregi í undankeppni HM og við munum leggja hann upp þannig.



Við förum í leikinn til þess að vinna hann og munum eflaust leggja mikla áherslu á varnarleikinn til þess að reyna að fá jákvæð úrslit út úr þessu. Það verður svo vonandi til þess að efla sjálfstraust leikmannanna fyrir Noregsleikinn,“ segir Ólafur en íslenska landsliðið er nú búið að tapa fjórum leikjum í röð, þremur í undankeppninni og einum vináttulandsleik.

Ólafur viðurkennir að staða íslenska liðsins sé ekki góð í undankeppninni og sé vitanlega búin að valda honum þó nokkrum vonbrigðum.

„Við höfum satt best að segja ekki fengið þau úrslit út úr leikjum okkar upp á síðkastið sem við vorum að vonast eftir. Það verður bara að segjast eins og er. Hverju það er að kenna er erfitt að segja en það er nokkuð sem við verðum að halda áfram að reyna að kryfja. Því er ekki að neita að Skotaleikirnir standa upp úr í þessu samhengi og það brennur að hafa ekki fengið eitt einasta stig úr viðureignum okkar við þá,“ segir Ólafur.



**BALDUR SIGURÐSSON** Valinn í íslenska landsliðið í fjarveru Ragnars Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenski landsliðshópurinn:

## Baldur í stað Ragnars

**FÓTBOLTI** Baldur Sigurðsson var í gær kallaður í íslenska landsliðshópinn sem mætir Slóvakíu í kvöld. Ragnar Sigurðsson, leikmaður IFK Gautaborgar í Svíþjóð, forfallaðist vegna veikinda.

Baldur hefur leikið vel með KR í Pepsi-deildinni í sumar og er meðal markahæstu leikmönnum deildarinnar með sjö mörk. Hann á að baki nokkra leiki með yngri landsliðum Íslands. **- esá**

HM U-21 árs landsliða:

## Ísland keppir um 13.-16. sæti

**HANDBOLTI Strákarnir í U-21 árs landsliði Íslands í handbolta unnu 35-23 sigur gegn Katar í lokaleik undanriðils síns á HM í Egyptalandi en fyrir var ljóst að Ísland kæmist ekki áfram í milliriðil. Ísland keppir þess í stað um 13.-16. sæti á fimmtudag og föstudag. Ólafur Gústavsson var atkvæðamestur íslensku strákanna gegn Katar með 9 mörk. - óþ**



**HEIMIR RÍKARÐSSON** Landsliðsþjálfarinn hafði sett stefnuna á milliriðil á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## ÚRSLIT OG STAÐA

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Valur-Fylkir | 2-0 |
| 1-0 Rakel Logadóttir (6.), 2-0 Kristín Ýr Bjarnadóttir (21.). | |
| Þór/KA-Stjarnan | 1-1 |
| 1-0 Rakel Hönnudóttir (14.), 1-1 Inga Birna Friðjónsdóttir (81.). | |
| Breiðablik-KR | 0-0 |
| GRV-Keflavík | 7-0 |
| ÍR-Afturelding/Fjölnir | 4-3 |

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Valur** | **15** | **11** | **2** | **2** | **69-17** | **35** |
| 2. Breiðablik | 15 | 10 | 3 | 2 | 45-11 | 33 |
| **3. Stjarnan** | **15** | **10** | **3** | **2** | **39-12** | **33** |
| 4. Þór/KA | 15 | 9 | 3 | 3 | 47-24 | 30 |
| **5. Fylkir** | **15** | **6** | **5** | **4** | **41-24** | **23** |
| 6. KR | 15 | 6 | 2 | 7 | 29-19 | 20 |
| **7. GRV** | **15** | **5** | **0** | **10** | **16-46** | **15** |
| 8. Afture/Fjöln | 15 | 4 | 2 | 9 | 22-34 | 14 |
| **9. ÍR** | **15** | **15** | **3** | **10** | **15-58** | **11** |
| 10. Keflavík | 15 | 15 | 0 | 0 | 6-84 | 0 |

# Valsstúlkur áfram í bílstjórasætinu

**Íslandsmeistarar Vals styrktu stöðu sína í toppbaráttu Pepsi-deildar kvenna þegar liðið vann Fylki á meðan Þór/KA og Stjarnan skildu jöfn líkt og Breiðablik og KR. Deildin fer nú í um mánaðarlangt frí vegna EM.**

**FÓTBOLTI** Valur hefur tveggja stiga forskot á Breiðablik og Stjörnuna eftir leiki gærkvöldsins í Pepsi-deild kvenna.

Íslandsmeistarar Vals fengu draumabyrjun á Vodafonevellinum þegar Rakel Logadóttir skoraði strax á 6. mínútu leiksins en eftir það létu gestirnir í Fylki nokkuð til sín taka.

Danka Podovac fékk til að mynda kjörið tækifæri til þess að jafna leikinn þegar hún slapp inn fyrir vörn Vals en skot hennar fór talsvert fram hjá markinu. Það reyndist dýrkeypt því í næstu sókn bætti Kristín Ýr Bjarnadóttir við öðru marki fyrir Val með góðum skalla eftir aukaspyrnu utan af kanti.

Dagný Brynjarsdóttir fékk kjörið tækifæri til þess að skora þriðja mark Hlíðarendakvenna þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik en Björk Björnsdóttir í Fylkismarkinu sá við henni og staðan var því enn 2-0 þegar flautað var til hálfleiks.

Seinni hálfleikur var ekki tíðindamikill og Valsstúlkur slökuðu talsvert á klónni og hleyptu Fylkisstúlkum inn í leikinn að nýju. Anna Björg Björnsdóttir fékk kjörið tækifæri til þess að minnka muninn þegar um tíu mínútur voru eftir en skalli hennar úr opnu færi sigldi fram hjá marki Vals.

Leikurinn fjaraði svo smátt og smátt út og sigur Vals því aldrei í hættu.

Valsstúlkur hafa því örlögin enn í eigin hendi þegar deildin fer í tæplega mánaðarfrí og þarf bara að vinna sína leiki til þess að verja titil sinn.



**HART TEKIST Á** Valsstúlkan Dóra María Lárusdóttir er hér í harðri baráttu við Fykisstúlkuna Kristrúnu Kristinsdóttur í leik liðanna í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég er alveg rosalega sáttur með þennan leik og ég er mjög ánægður með frammistöðu liðsins. Hugarfarið og viljinn sem liðið sýndi var til fyrirmyndar og það er gríðarlega gott að fara í fríið með þessi þrjú stig,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálari Vals í leikslok í gær.

**Dramatískt jafntefli á Akureyri**

Þór/KA og Stjarnan áttust við í sannkölluðum toppslag á Akureyri í gær en 1-1 jafntefli varð niðurstaðan.

Þór/KA var sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og Rakel Hönnudóttir kom norðanstúlkum yfir strax á 14. mínútu eftir sendingu frá Elvu Friðjónsdóttur. Stjörnustúlkur ógnuðu einna helst með langskotum sínum en 1-0 forysta heimaliðsins í hálfleik var verðskulduð.

Mikið batamerki var þó á leik Stjörnustúlkna í seinni hálfleik og þær komust nærri því að jafna leikinn þegar boltinn fór í markslána á marki Þórs/KA. Stuttu síðar komst framherjinn Björk Gunnarsdóttir svo ein í gegnum vörn Þórs/KA en Halla Valey Valmundsdóttir sá við henni.

Jöfnunarmarkið kom aftur á móti á 81. mínútu þegar Inga Birna Friðjónsdóttir átti skot sem Halla Valey réði ekki við. Til að bæta gráu ofan á svart fékk Arna Sif Ásgrímsdóttir stuttu síðar sitt annað gula spjald og þar með rautt og heimastúlkur því leikmanni færri á lokamínútunum.

Það breytti því þó ekki að Vesna Smiljkovic fékk besta marktækifærið fyrir heimastúlkur til þess að skora sigurmarkið í uppbótartíma en Sandra Sigurðardóttir sýndi íslandsliðstakta í marki Stjörnunnar og sá til þess að Stjörnustúlkur fóru heim með eitt stig í farteskinu.

Bæði lið þurfa hins vegar nauðsynlega á sigri að halda í toppbaráttunni við Val og Breiðablik og jafnteflið því skammgóður vermir.

Vegna lokakeppni EM í Finnlandi sem hefst 23. ágúst verður gert tæplega mánaðarfrí í Pepsi-deildinni og 16. umferðin fer því ekki fram fyrr en 8. september. Þá mætast Stjarnan og Valur í stórleik umferðarinnar í Garðabæ.

**omar@frettabladid.is**

Henning Henningsson landsliðsþjálfari í körfubolta valdi tólf manna landsliðshóp fyrir leik gegn Sviss:

# Markmið að vinna þrjá af fimm leikjum

**KÖRFUBOLTI** Síðari hluti riðlakeppninnar í B-deild Evrópumeistaramóts kvenna fer fram á næstu vikum og mun íslenska landsliðið á þeim tíma leika fimm síðustu leiki sína í riðlinum. Fyrri hluti keppninnar fór fram í fyrra og þá vann Ísland einn af fimm leikjum.

Síðan þá hefur nýr landsliðsþjálfari, Henning Henningsson, tekið við liðinu og setur hann liðinu það markmið að vinna þrjá af þeim fimm leikjum sem eru framundan. Hann valdi í gær tólf leikmenn fyrir landsleikinn gegn Sviss á laugardaginn.

„Ég tel það raunhæft markmið,“ sagði Henning. „Við ætlum að vinna bæði Sviss og Írland og stela svo einum sigri af annað hvort Hollandi eða Slóveníu. Auðvitað förum við í hvern leik til þess að reyna að vinna hann en við vitum að Svartfjallaland er með mjög sterkt lið.“

Eini sigurleikur Íslands í keppninni til þessa kom gegn Sviss á heimavelli í fyrra en liðin mætast nú ytra.

Leikið verður á 3-4 daga fresti eftir það og Ísland mætir Hollandi



**HÓPURINN TILKYNNTUR** Henning Henningsson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi KKÍ í gær ásamt Hannesi Jónssyni, formanni KKÍ, og leikmönnunum Signýju Hermannsdóttur og Helenu Sverrisdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á miðvikudaginn og svo Slóvenum ytra um aðra helgi. Törninni lýkur svo með tveimur heimaleikjum, fyrst gegn Írlandi og þá gegn Svartfjallalandi.

Henning segir það ekki hafa verið erfitt að koma í starf landsliðsþjálfara í hálfnuðu verkefni. „Það er markmið allra þjálfara að fá að þjálfa landsliðið og þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími. Þessar stelpur eru miklir fagmenn og tóku á málunum sem slíkir. Ég þekkti þær þó allar vel og hef þjálfað margar þeirra áður.“

Hann segir þó framhaldið hjá sér óráðið en samningur hans við KKÍ rennur út að landsleikjatörninni lokinni.

„Það er ekki undir mér komið að ákveða framhaldið. Ég mun setjast niður með forráðamönnum sambandsins þegar törninni lýkur og þá verður framhaldið ákveðið.“

Hann segir þó framtíð landsliðsins bjarta. „Ég á ekki von á öðru en að það verði keyrt áfram á sama mannskap næstu árin enda liðið ungt og ef til vill ekki nema 2-3 leikmenn sem munu hætta í landsliðinu á næstu misserum.“

Leikurinn í Sviss hefst klukkan 16 að íslenskum tíma á laugardaginn kemur. **- esá**

**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ**

**sem mætir Sviss á laugardaginn**

| | |
|---|---|
| Signý Hermannsdóttir | KR |
| Hafrún Hálfdánardóttir | Hamar |
| Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Ragna M. Brynjarsdóttir | Haukar |
| Guðrún Ósk Ámundadóttir | Haukar |
| Telma Björk Fjalarsdóttir | Haukar |
| Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| Sigrún Sjöfn Ámundadóttir | Hamar |
| Kristrún Sigurjónsdóttir | Hamar |
| Helena Sverrisdóttir | TCU |
| María Ben Erlingsdóttir | UTPA |



VINÁTTULANDSLEIKUR
A LANDSLIÐ KARLA

# ÍSLAND – SLÓVAKÍA

LAUGARDALSVÖLLUR
MIÐVIKUDAGINN 12. ÁGÚST KL. 19:00

**Miðaverð**
**Rautt svæði - kr. 3.000**
**Blátt svæði - kr. 2.500**
**Grænt svæði - kr. 1.500**

**STYÐJUM STRÁKANA OKKAR!**
**VIÐ ERUM ÖLL Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU!**
**ALLIR Á VÖLLINN!**

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

KSÍ Landsbankinn MasterCard Coca-Cola vodafone VÍS Lengjan ICELANDAIR KSÍ

*Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í stúkum.*
*Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.*
*Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við inngönguhlið.*
*Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.*
*Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.*

LEIKUR ÁN FORDÓMA

> **Stephen Fry**

„Prófaðu alla ávextina í garðinum í það minnsta einu sinni. Það er móðgun við sköpunarverkið ef við neitum okkur um að lifa lífinu til fulls.“

***Fry fer með hlutverk lögmannsins Peters Kingdom í þætti sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR VILL SJÁ FLEIRA SÉRSTAKT FÓLK

# *Sjónvarpsþættir um mannlegan fjölbreytileika*

Extraordinary People er þáttur sem ég féll gjörsamlega fyrir þegar ég sá hann fyrst. Þættirnir eru framleiddir af bresku sjónvarpstöðinni Five og í hverjum þætti er fylgst með fólki sem ýmist býr við óvenjulegar aðstæður, hefur sérstæða hæfileika eða er haldið sjaldgæfum sjúkdómi. Oft er þetta fólk í aðstæðum sem maður hefði aldrei ímyndað sér að væru til eða hægt væri að lifa við, en í þáttunum er fylgst með daglegu lífi þess og það spurt spjörunum úr. Einn þeirra var Ben Underwood, sem missti bæði augun vegna krabbameins í sjónhimnu þegar hann var þriggja ára gamall. Fimm ára var hann búinn að þróa með sér hæfileikann til að greina hlutina í kringum sig út frá endurvarpinu,



**ABIGAIL OG BRITTANY HENSEL** Komu fram í einum af Extraordinary People-þáttunum.

með því að gefa frá sér smelli og hljóð. Með þessu móti gat hann farið á hjólaskauta og spilað körfubolta hjálparlaust. Oft finnst mér sjónvarpið vera algjör tímaþjófur og fæ hálfgert samviskubit ef ég eyði heilli kvöldstund í að horfa á innihaldslaust efni sem skilur ekkert eftir sig, en Extraordinary People er ekki þess eðlis. Fræðslugildið eitt og sér gerir þáttinn svo sannarlega tímans virði. Af öllu því sjónvarpsefni sem ég hef horft á í gegnum tíðina er þessi þáttaröð án efa ein sú best gerða, lærdómsríkasta og áhugaverðasta sem ég hef fylgst með. Þættirnir eiga fullt erindi í íslenskt sjónvarp og myndu ekki síður henta sem kennsluefni í skólum landsins.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.40** Holland – England, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Ísland – Slóvakía, beint SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** The Closer STÖÐ 2



▶ **21.40** Little Britain STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** How to Look Good Naked SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (20:26)
**17.55 Gurra grís** (99:104)
**18.00 Disneystundin** Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.00 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik í vináttulandsleik Íslands og Slóvakíu sem fram fer á Laugardalsvelli.
**20.50 EM stelpurnar okkar** (3:4) Viðtöl sem tekin voru í vor við nokkrar af stelpunum okkar í tilefni að för þeirra á EM í knattspyrnu.
**21.10 Kingdom lögmaður** (Kingdom II) (4:6) Breskur gamanmyndaflokkur með Stephen Fry í hlutverki lögmannsins Peters Kingdom sem býr og starfar í smábæ í sveitasælunni í Norfolk.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Eldfimt mál** (Lake of Fire) Bandarísk heimildamynd frá 2006 um deilurnar um hvort leyfa beri fóstureyðingar en þær hafa lengi verið mikið hitamál þar í landi.
**00.55 Kastljós** (e)
**01.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Truth About Love**
**10.00 Dying Young**
**12.00 Harry Potter and the Order of Phoenix**
**14.15 The Truth About Love**
**16.00 Dying Young**
**18.00 Harry Potter and the Order of Phoenix**
**20.15 Martian Child** Hjartfólgin mynd með John Cusack í hlutverki sálfræðings sem tekur að sér mál ungs drengs sem heldur því fram að hann sé frá plánetunni Mars.
**22.00 Jesse Stone. Night Passage**
**00.00 Fiaskó**
**02.00 Infernal Affairs 3**
**04.00 Jesse Stone. Night Passage**
**06.00 The Devil Wears Prada**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (13:25)
**10.00 Doctors** (14:25)
**10.35 Tekinn 2** (6:14)
**11.05 Gilmore Girls**
**11.50 Gossip Girl** (25:25)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (253:260)
**13.25 Creature Comforts** (6:7)
**13.50 The Loop** (2:10)
**14.15 The O.C. 2** (8:24)
**15.00 E.R.** (3:22)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (16:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons**
**19.45 Two and a Half Men** (23:24)
**20.10 Supernanny** (2:20) Ofurfóstran Jo Frost er mætt aftur með gagnleg uppeldisráð sem skila árangri.
▶**20.55 The Closer** (15:15) Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles.
**21.40 Monarch Cove** (9:14) Dramatískir þættir sem fjalla um konu sem snýr aftur til heimabæjar síns, Monarch Cove, eftir að hafa afplánað sex ára fangelsisdóm fyrir að hafa myrt föður sinn.
**22.25 Love You to Death** (8:13)
**22.50 Sex and the City** (1:18)
**23.20 In Treatment** (13:43)
**23.50 E.R.** (3:22)
**00.35 Sjáðu**
**01.05 The Detonator**
**02.40 Le boulet**
**04.25 The Closer** (15:15)
**05.10 Love You to Death** (8:13)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
▶**18.40 Holland - England** Bein útsending frá vináttuleik Hollendinga og Englendinga.
**20.45 Uppsveitavíkingurinn** Sýnt frá hinu feykilega skemmtilega móti Uppsveitavíkingurinn en þar leiddu saman hesta sína margir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**21.15 Meistaradeildin í golfi 2009** Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meistaradeildinni í golfi, kylfingar teknir tali, golfkennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golfvellir skoðaðir.
**21.45 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.25 Holland - England** Útsending frá vináttuleik Hollands og Englands.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.30 PL Classic Matches** Arsenal - Leeds. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.00 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.30 PL Classic Matches** Liverpool - Tottenham, 1992.
**20.00 PL Classic Matches** Man. Utd - Liverpool, 1992.
**20.30 PL Classic Matches** Tottenham - Liverpool, 1993.
**21.00 WBA - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**23.35 West Ham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti.
**18.20 Style Her Famous** (15:20) (e)
**18.50 Design Star** (3:9) (e)
**19.40 Psych** (8:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)
**20.30 Monitor** (8:8) Skemmtiþáttur fyrir ungt fólk sem unninn er af tímaritinu Monitor. Kynnir er Erna Bergmann.
**21.00 Britain's Next Top Model** (7:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að nýrri ofurfyrirsætu. Stúlkurnar taka á því með einkaþjálfara og læra að bera sig að í viðtölum.
▶**21.50 How to Look Good Naked** (7:8) Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegar línurnar. Carson tekur fram rauða dregilinn fyrir mæðgur sem eiga við sama vandamál að stríða.
**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (39:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 Law & Order: Criminal Intent**
**00.00 CSI: Miami** (17:21) (e)
**00.40 The Dudesons** (5:8) (e)
**01.10 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hestafréttir** Umsjón: Fjölnir Þorgeirsson.
**20.30 Neytendavaktin** Þáttur um málefni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur
**21.00 Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík** Fyrri hluti: Opinber heimsókn ÍNN á höfuðstað austurlands.
**21.30 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


## Kleopatra Kristbjörg



# Ljóð úr bókinni HERMIKRÁKUHEIMUR

Aftast í þessari merkilegu bók eru frábær ljóð sem vakið hafa gífurlega athygli, sorgleg og átakanleg lífsreynslu ljóð sem snertir hjarta manns og fólk grætur yfir þeim.

**Ástin mín og þín**
Ef þú ert blóm, er ég moldin sem nærir þig.
En skrælnuð jurt, er ég regnið sem vökvar þig.
Ef þú ert tré, er ég vorblær sem vekur þig.
En kulnuð rós, er ég sólin sem vermir þig.
Ef ég er hreiður, ert þú fuglinn sem kúrir þar.
Ef ég er æð, ert þú blóðið sem rennur þar.
Ef ég er kinn, ert þú tárið sem glítrar þar.
Ef ég er sár, ert þú smyrslið sem græðir það.
Ef ég er tár, ert þú augað sem geymir það.
Ef ég er gras, ert þú döggin sem vökvar það.

Ef ég er foss, ert þú sterkasti straumur hans!
Ef ég er gítar, ert þú fegurstu tónar hans !

Ef myrkur er, ert þú ljósið sem lýsir mér!

**- Kleopatra, þetta er mjög sérstakt og fallegt ljóð. Er það rétt sem heyrst hefur að Eiríkur Hauksson sé að semja lag við þetta ljóð ásamt Ken Hensley?** – Já, það er rétt.- **Heyrst hefur einnig að fleirri hafa falast eftir þessu ljóði en þú lést Eirík hafa það. Hvers vegna?**- Eiki er bara bestur, trúr og tryggur, maður sem stendur við orð sín og hann er dásamlegur maður. **-Kleopatra, Ástin mín og þín er ljóð sem þú hlýtur að hafa ort til mannsins sem þú elskaðir, ekki rétt?**- Jú, í mínum huga er ástin svona, ekta ást. Ég þarf að upplifa hana til að geta ort svona, annars væri það varla hægt.- **Er þessi maður ennþá í lífi þínu í dag?**- Nei.- **En hefur þú fundið aftur þessa ást?**- Já, enda ef ég finn þetta ekki þá er ég farin!- **Hvað áttu við?**- Ef ég er æð, ert þú blóðið sem rennur þar. Ef myrkur er, ert þú ljósið sem lýsir mér. Þetta er dásamleg upplifun, þetta er það sem þetta vil ég finna aftur, annars vil ég ekki neitt! Að finna þessa nánd, þessa tengingu, að verða eitt saman. – **Má ég spyrja hver er sá hamingjusami eða er það samband búið líka eins og þessi síðust orð þín gefa í skyn?**- Ég fer ekki með mitt einkalíf í blöðin.

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Supernanny

Ofurfóstran Jo Frost er mætt aftur og henni býður ærið verk; að kenna ungu og ráðþrota fólki að ala upp og aga litla og að því er virðist óalandi og óferjandi ólátabelgi. Frost hefur slegið rækilega í gegn beggja vegna Atlantshafs, ekki einungis fyrir skemmtilega þætti heldur einnig vegna þess að hún þykir gefa gagnleg uppeldisráð sem virkilega skila árangri.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Hestafréttir

### INN kl. 20.00

Fjölnir Þorgeirsson hefur umsjón með þætti um hestamennsku. Í þættinum í kvöld verður meðal annars litið inn á Íslandsmót fullorðinna sem haldið var á Akureyri og sýnt frá því þegar íslenski hesturinn var kynntur í Rússlandi. Þá mun Fjölnir ræða um val á landsliðinu við þekkta knapa.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Söngvamál
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Með flugu í höfðinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fólk og fræði
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Vistaskipti
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (252:260)
**17.15 Hollyoaks** (253:260)
**17.40 X-Files** (24:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**18.25 Seinfeld** (17:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vini sem eru álíka duttlungafullir.
**18.45 Hollyoaks** (252:260)
**19.15 Hollyoaks** (253:260)
**19.40 X-Files** (24:24) Fox Mulder trúir en Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**20.25 Seinfeld** (17:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶**21.40 Little Britain** (2:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**22.10 Bones** (23:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi og stóra spurningin er hvort þau verði nokkurn tímann par.
**22.55 My Name Is Earl** (20:22)
**23.20 Sjáðu**
**23.50 Fréttir Stöðvar 2**
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** The Black Adder **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Coupling **21.20** Blackadder II **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Dalziel and Pascoe **23.55** Coupling

## DR 1

**11.00** Fra opvasker til hotelkonge **11.30** Så for sommer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **13.55** En lille reminder. Nye II **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Ninja Turtles **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** PLING BING **16.00** Vilde verden **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kær på tur **18.00** Soren Ryge præsenterer **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** D'Artagnan og de tre musketerer **21.00** OBS **21.05** Onsdags Lotto **21.10** Höök **22.10** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Norge rundt jukeboks **11.30** Sport Jukeboks **12.30** Svisj gull jukeboks **13.50** EDtv **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Olivia **16.10** Didrik og Dorte **16.20** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.35** Leon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Millionær i forkledning **18.15** Riksarkivet **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Sporlost forsvunnet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dragning mot dod **22.05** Olje! **23.00** Skilt! **23.30** Du skal hore mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Svalbard runt **12.20** Lillhärjådalen 1.1 **13.05** Chaplins pojke **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hedebyborna **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** AnneMat **16.45** 100 procent bonde **17.15** Trädgårdsfest **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Gatupredikanten **18.55** Radiohjälpen - Kronprinsessan Victorias fond **19.00** Hunter **20.00** Mördare okänd **21.40** Himmelblå **22.25** Hatten av **23.20** Sändningar från SVT24




Útsala
15-40% afsláttur
af hjólum, hjólafatnaði o.fl.
Allir reiðhjólahjálmar
3.750.-
Komdu núna...
ÖRNINN
STOFNAÐ 1925
Skeifunni 11d, Sími 588 9890
Verkstæði Sími 588 9891
w w w . o r n i n n . i s
KORTER.IS

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er vandi að velja, því smekkur fer eftir stemningu dag frá degi, en hádegis-sushi í Fiskmarkaðnum er hressandi biti í skemmtilegu umhverfi. Ef maður fær borð niðri getur maður hugsanlega fylgst með sushi-meistaranum nostra við matargerðina, sem gerir máltíðina enn meira tilhlökkunarefni.“*

Ólöf Ingólfsdóttir, dansari, danshöfundur og kennari.

# Deilt um nafnið Iceland Fashion Week

„Kolbrún er búin að eiga nafnið Iceland Fashion Week í mörg ár núna en ég held að það viti flestir að það eru mjög fáir Íslendingar sem taka þátt í tískuvikunni og því finnst mér ekki hægt að kalla viðburðinn þessu nafni,“ segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður en hún og aðrir hönnuðir hafa stofnað hóp á samskiptavefnum Facebook þar sem farið er fram á að Fatahönnunarfélagið fái einkarétt á nafninu. Um tvö hundruð manns höfðu þegar skráð sig í Fésbókarhópinn í gær.

„Ég vil sjá íslenska tískuviku með íslenskum hönnuðum þannig að heimurinn fái rétta mynd af því sem við erum að gera hér. Í öðrum löndum er tískuvikan viðburður þar sem þarlendir hönnuðir kynna vor- og haustlínur sínar, en þetta á ekkert skylt við það. Kolbrún er að fá hingað erlenda fatahönnuði sem enginn þekkir og kallar þetta Iceland Fashion Week. Þetta er alls ekki persónuleg árás á Kolbrúnu, þetta snýst fyrst og fremst um það að íslenskir hönnuðir verji sitt orðspor og sína starfsgrein.“



**EKKERT ÍSLENSKT VIÐ TÍSKUVIKUNA** Harpa Einarsdóttir fatahönnuður segir fáa sem enga íslenska hönnuði taka þátt í viðburðinum.

**FINNST MÁLIÐ ÚT Í HÖTT** Kolbrún Aðalsteinsdóttir, skipuleggjandi tískuvikunnar, á einkaréttinn á nafninu Iceland Fashion Week.

„Mér finnst þetta eiginlega út í hött,“ segir Kolbrún Aðalsteinsdóttir, skipuleggjandi Iceland Fashion Week, þegar þessi ummæli eru borin undir hana. „Nafnið Iceland Fashion Week er í minni eigu og það er ekkert ólöglegt við það. Þetta er viðskiptahugmynd sem ég fékk fyrir mörgum árum og fékk einkaréttinn á. Ég tek hattinn ofan fyrir íslenskum hönnuðum og ég hef alltaf reynt að láta Iceland Fashion Week vinna fyrir þetta fólk út í eitt, en þau mættu kannski vera framtakssamari sjálf.“ **- sm**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** loga, **6.** mannþyrping, **8.** meðal, **9.** loft, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** mun, **17.** bjálki, **18.** tálbeita, **20.** klaki, **21.** ríki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** frásögn, **3.** gangþófi, **4.** ölvun, **5.** þróttur, **7.** sammála, **10.** hlóðir, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** óvild, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lífa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** gas, **11.** il, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** ku, **17.** tré, **18.** agn, **20.** ís, **21.** land.
**LÓÐRÉTT: 1.** sögu, **3.** il, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** kal, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Þóra Tómasdóttir.
2. Hannes Þór Halldórsson.
3. 50.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**SIMMI OG JÓI MEÐ BJÓRKRÚS Á HESTBAKI** Þeir munu stýra fyrstu bjórreiðinni á Íslandi og hafa í hyggju að bjóða gullknapanum sem rekinn var úr íslenska landsliðinu að opna keppnina með því að taka heiðurshring. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIMMI VILHJÁLMS: ÞÓRÐUR ÞORGEIRS GULLKNAPI OPNAR LÍKLEGA REIÐINA

# Fyrsta íslenska bjórreiðin

„Í fyrsta skipti á Íslandi. Bjórreið. Þetta er keppni sem snýst um að knapar ríða hring með líterskrús og sá sem hellir minnstu niður vinnur,“ segir Sigmar Vilhjálmsson, betur þekktur sem Simmi&Jóa Simmi.

Gríðarlega mikil hátíð verður haldin um næstu helgi á Hellu. Töðugjöld á sterum. Stendur frá fimmtudegi til sunnudags, þrjú þúsund kall inn og frítt fyrir fjórtán ára og yngri. Þetta er hátíð sem komin er hefð fyrir og standa sveitarfélög og hestafélög í grenndinni að henni. Útvarpsmennirnir Simmi og Jói hafa verið fengnir til að koma að kvöldvökum og kynningum. Þeir munu meðal annars standa að nýstárlegri keppni sem reyndar er þekkt í útlandinu. Bjórreið. Til kynningar á því hversu þýður gangur íslenska hestsins getur verið. „Þetta er svakaleg dagskrá. Já, við erum að stýra meðal annars bjórreiðinni við Jói. Og það má koma fram að í verðlaun fyrir sigurvegarann eru hundrað kassar af Egils gull.“

Skála og syngja, Skagfirðingar… það hefur löngum viljað loða við hestamenn að þeir geti verið glaðir á góðri stundu. Og kunni að súpa af stút beri svo undir. „Þetta snýst ekki um að drekka á baki heldur hella sem minnstu niður,“ segir Simmi. Spurður af hverju menn hafi þá ekki bara mjólk í krúsunum í stað bjórs segir Simmi það hanga saman við að ekki eru hundrað kassar af nýmjólk í verðlaun heldur hundrað kassar af bjór.

Nýverið kom upp mál í fréttum varðandi það að gullknapanum Þórði Þorgeirssyni var vikið úr íslenska landsliðinu í hestaíþróttum vegna agabrots sem tengdist áfengisdrykkju. Sigmar segir bjórreiðina ekki tengjast því atviki hið minnsta. Og minnir á að menn hafi verið reknir úr landsliðinu í fótbolta fyrir agabrot í tengslum við áfengisdrykkju. „Við erum ekki með þessu að stuðla að samþættingu drykkjuskapar og hestamennsku. Það sem meira er; hver veit nema við bjóðum Þórði að vera heiðursgestur í bjórreiðinni. Fáum hann til að taka heiðurshring og opna keppnina.“

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



DV birti dramatíska frétt af hremmingum **Sigurðar Þ. Ragnarssonar** veðurfréttamanns – Sigga storms – sem lenti í því um verslunarmannahelgi að finna hvergi tannlæknaþjónustu fyrir þjáðan son sinn. Siggi skar í tannhold hans til að linna þjáningarnar og lét þung orð falla í garð tannlækna. Eyjan át upp fréttina og spunnust umræður um efni hennar á athugasemdakerfi þar. „Tannlæknir“ skrifar og telur að Siggi ætti fremur að beina spjótum sínum að heilbrigðiskerfinu en sér. Einhverjir tóku upp keflið það og sögðu úr sérkennilegri átt komið að Siggi gagnrýndi kerfi sem hann borgaði lítið sem ekkert til en í tekjublaði Mannlífs kemur fram að Siggi hafi 175 þúsund krónur í mánaðartekjur. Siggi sjálfur leggur orð í belg og segir að menn ætttu ekki að leggja trúnað á meinlegar villur í fjölmiðlum um tekjur manna – og þá stendur eftir spurningin: Fór **Reynir Traustason** ritstjóri DV og Mannlífs með fleipur um tekjur Sigga sem ekki útskýrir mál sitt frekar?



**Skralli trúður** er kominn með síðu á Facebook og hefur þegar vakið nokkra athygli. Skralli, sem hefur sömu kennitölu og Aðalsteinn Bergdal, virðist iðka Fésbókarráp sitt á nóttunni og hafa aðdáendur hans nokkrar áhyggjur af. Ruglingslegar færslur hans hafa fengið aðdáendur til að spyrja trúðinn síkáta hvort hann búist ekki við því að verða framlágur daginn eftir og fleira í þeim dúr.



**- jbg, hdm**

Félag skipstjórnarmanna

## Golfmót

**Félags skipstjórnarmanna** verður haldið fimmtudaginn 20. ágúst og hefst kl. 13.00 Mótið fer fram á Setbergsvelli í Hafnarfirði. Allir núverandi og fyrrverandi skipstjórnarmenn velkomnir ásamt fjölskyldumeðlimum/gestum.

Leiknar verða 18 holur. Keppt um titilinn Golfkapteinn ársins. Nánari upplýsingar og skráning í síma 5201280 eða á netfangið ab@skipstjorn.is Léttar veitingar að afloknu móti. Mótsgjald kr. 2000. Hittumst hress og eigum góða stund saman.

M.b. kv. Golfdeild FS

# Milos Forman heiðursgestur á RIFF

Milos Forman verður heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar. Hlýtur hann heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndanna hinn 20. september á Bessastöðum. Verða nokkrar þeirra kvikmynda sem hann hefur leikstýrt sýndar á hátíðinni og situr hann fyrir svörum að þeim loknum. Þá býðst þátttakendum að sitja fyrirlestur hjá Forman.

„Þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir okkur, því hann er eitt stærsta nafnið í kvikmyndaheiminum í dag,“ segir Hrönn Marinósdóttir, skipuleggjandi hátíðarinnar. Hún segir Saga film ætla að bjóða honum að ferðast um landið og kynna fyrir honum tökustaði, en hann hafi aldrei komið áður og sé mjög spenntur. „Þetta er afskaplega spennandi og í raun framar vonum að hann komi.“

Milos Forman er einn fjögurra núlifandi leikstjóra sem hafa tvisvar unnið Óskarsverðlaunin sem besti leikstjóri, fyrst fyrir Gaukshreiðrið árið 1976 og svo fyrir Amadeus árið 1985. Skipar hann sér þar í flokk með Clint Eastwood, Steven Spielberg og hinum umdeilda Oliver Stone. Þá hefur hann unnið til verðlauna í Cannes, hjá Directors Guild of America, Evrópsku kvikmyndaverðlaununum, Golden Globe, BAFTA og fleiri.



**Í FULLU FJÖRI** Hinn 77 ára gamli Milos Forman er væntanlegur til landsins. Hér er hann með Jiri Suchy á frumsýningu A Walk Worthwhile. NORDICPHOTOS/AFP

Forman fæddist í Tékkóslóvakíu árið 1932, en flúði til Frakklands og þaðan yfir til Bandaríkjanna undir lok sjöunda áratugarins. Í heimalandinu var Forman lykilmaður í nýrri bylgju leikstjóra en á meðal verka hans má nefna Svarta-Pétur, Ástir ljósku og Slökkviliðsveisluna. Frá Bandaríkjunum má nefna Hárið (1979), Valmont (1989), Man on the Moon (1999) og Goya's Ghosts frá 2006.

Þá er komin í framleiðslu myndin The Ghost of Munich. Forman situr ekki auðum höndum, hinn 4. júlí síðastliðinn fagnaði hann frumsýningu á myndinni A Walk Worthwhile sem hann gerði ásamt tékkneska tónskáldinu og höfundinum Jiri Suchy. The Ghost of Munich gerir hann með fyrrverandi forsetanum og leikskáldinu Václav Havel og fjallar sú mynd um það þegar bandamenn fórnuðu Tékkóslóvakíu í nafni friðar í samningum við nasista. **- kbs**

# Office1 ER UM 30% ÓDÝRARI EN PENNINN/EYMUNDSSON Í SKÓLAVÖRUM*




Office1

ÓDÝRARI Í SKÓLAVÖRUM

OPIÐ 24 TÍMA

* Niðurstöðurnar eru byggðar á innkaupum þann 11. ágúst fyrir 6, 8, 10, 12 og 14 ára börn í grunnskóla í Reykjavík.

PIPAR • SÍA • 91275

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

## *Sælir eru einfaldir*

Raunveruleikinn er fyrirbæri sem oft og tíðum er ofmetið. Þannig getur það verið mun auðveldara að lifa lífinu í þeirri von að hlutirnir æxlist eftir þeim formerkjum sem manni sjálfum líkar, en að horfast í augu við blákaldan veruleikann; sumsé að oftar en ekki er þetta allt saman ansi skítt. Ósanngjarnt. Gremjulegt. Og þó að vissulega geti verið fínt að loka augunum fyrir því og treysta á að lífið geti einfaldlega ekki verið svona ósanngjarnt, þá er það ekki mjög gefandi afstaða.

**ANSI** margir virðast undanfarið hafa fengið heimsókn frá raunveruleikanum. Þannig furða margir sig á því að það hafi verið höfuðmarkmið kapítalistanna sem áttu peninga fyrir hrunið að eignast meiri peninga. Menn spyrja sig í forundran að því hvort það hafi verið aðalmarkmiðið? Voru menn virkilega bara að hugsa um að græða meiri peninga fyrir sjálfan sig og sáust ekki fyrir í gerðum sínum að öðru leyti?

**SÚ** mýta hafði nefnilega skotið rótum að íslensku kapítalistarnir væru ólíkir öllum öðrum í heiminum. Þeir væru ekki bara klárari, þeir bæru hag lands og þjóðar fyrir brjósti. Og þess vegna myndi eigin gróðavon aldrei verða þjóðarhag ofar. Þess vegna vöknuðu sumir upp við vondan draum þegar þeir áttuðu sig á því að sama hreyfiafl réði gjörðum íslenskra auðmanna sem annarra slíkra; að græða meiri peninga. Þetta hefðu allir átt að sjá, en glýja gullsins getur verið blindandi.

**EINS** virðast ansi margir trúa því að sanngirnissjónarmið ráði í samskiptum ríkja á millum. Það að öflugri ríki kúski hin veikari til hlýðni tilheyri horfnum tíma, þegar „real“-pólitíkin réði ríkjum. Nútíma utanríkispólitík snúist um að færa nógu sterk rök fyrir máli sínu; nokkurs konar milliríkja-Morfís. Mögulega geti eiginhagsmunir ráðið ríkjum, en alls ekki á milli vestrænna vinaþjóða. Þar muni sanngirnin ein ríkja.

**ÞEIR** sem hafa þá skoðun þyrftu að leggja við hlustir þegar veruleikinn ræskir sig og átta sig á því að ansi lítið hefur breyst í henni versu. Hinir sterku kúga enn þá veikari og auðmenn sækjast fyrst og fremst eftir frekari auði. Fyrir sjálfa sig.

**RAUNVERULEIKINN** getur stundum verið fjandanum ósanngjarnari, en valið við hann er blekkingin. Og hún dugar ekki til lengdar.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 12. ágúst 2009, 224. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.10 | 13.33 | 21.53 |
| Akureyri | 4.42 | 13.17 | 21.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


